

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018 GREINARGERÐ

MEÐ STAÐFESTUM SÍÐARI BREYTINGUM

SEPTEMBER 2006 – ÁGÚST 2014



AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018 GREINARGERÐ

MEÐ STAÐFESTUM SÍÐARI BREYTINGUM

SEPTEMBER 2006 – ÁGÚST 2014



1. útgáfa, september 2006
 2. útgáfa, uppfærð miðað við staðfestar breytingar, ágúst 2014
 - © Akureyrarkaupstaður 2006/2014
 - © Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2006/2014
 - © Alta ehf. 2006
- Ljósmyndir: Bls 39, neðri mynd: © NordicPhotos/Inger Helene Boasson
Bls. 40 neðri mynd, bls. 45: © Björgvin Steindórsson
Bls. 40 efri mynd: © Alta
Aðrar ljósmyndir: © Árni Ólafsson

EFNISYFIRLIT

Staða aðalskipulags Akureyrar í ágúst 2014

Aðalskipulag Akureyrar var staðfest af umhverfisráðherra 7. desember 2006. Síðan hafa verið gerðar á því 35 breytingar, sem staðfestar hafa verið af ráðherra og Skipulagsstofnun (eftir gildistöku nýrra skipulagslaga). Þessar breytingar hafa nú verið færðar inn í greinargerð aðalskipulagsins og hún þar með uppfærð til samræmis við gildandi skipulagsákvæði.

Ekki er um að ræða endurskoðun aðalskipulagsins heldur einungis uppfærslu til samræmis við áorðnar breytingar.

Nokkrar leiðréttingar hafa einnig verið færðar inn, sem ekki hafa efnisleg áhrif á skipulagsákvæði s.s. vegna tvítekinna númera á landnotkunarreitum, svæða sem ekki voru talin með í töflum greinargerðar og minni háttar misræmis milli uppdráttar og greinargerðar.

- Listi yfir áorðnar breytingar er í 11. kafla.
- 3. kafli um Miðbæ Akureyrar var endurskoðaður í heild vorið 2014.
- Áhrifamat og umhverfisskýrslur vegna breytinga eru í kafla 8.2.
- Breytingar og leiðréttingar eru tilgreindar í neðanmálsgreinum.
- Um nánari útfærslu breytinga vísast til viðkomandi staðfesta breytingarblaða.

Ávarp.....	5
Formáli.....	6
1. Inngangur	8
1.1. Um aðalskipulag.....	8
1.2. Aðalskipulag Akureyrar.....	8
2. Markmið.....	11
2.1. Leiðarljós.....	11
2.2. Umhverfis- og byggingamál.....	11
2.3. Félags- og fræðslumál.....	20
2.4. Atvinnu- og tæknimál.....	26
2.5. Þétting byggðar.....	31
3. Miðbærinn	33
3.1. Inngangur.....	34
3.2. Miðbærinn - fosendur.....	37
3.3. Miðbærinn – stefna.....	39
3.4. Miðbærinn – deiliskipulagsrammar.....	45
3.5. Þróun jaðarsvæða miðbæjar.....	50
3.6. Framfylgd stefnu.....	52
4. Landnotkun og þjónustukerfi	54
4.1. Almenn atriði.....	54
4.2. Íbúðarsvæði.....	54
4.3. Svæði fyrir þjónustustofnanir.....	58
4.4. Miðsvæði, miðbær.....	60
4.5. Verslunar- og þjónustusvæði.....	61
4.6. Athafnasvæði.....	63
4.7. Iðnaðarsvæði.....	65
4.8. Hafnarsvæði.....	67
4.9. Flugvallarsvæði.....	68
4.10. Efnistökusvæði.....	68
4.11. Sorpförgunarsvæði.....	69
4.12. Svæði fyrir frístundabyggð.....	70
4.13. Opin svæði til sérstakra nota.....	71
4.14. Óbyggð svæði.....	74
4.15. Landbúnaðarsvæði.....	74
4.16. Vötn, ár og sjór.....	74
4.17. Svæði undir náttúruvá.....	74

4.18.	Náttúruverndarsvæði.....	75
4.19.	Hverfisvernd, önnur verndarsvæði	76
4.20.	Þjóðminjaverndarsvæði	78
4.21.	Húsavernd	80
4.22.	Vatnasvæði og flokkun vatns	81
4.23.	Samgöngur	82
4.24.	Veitur.....	83
4.25.	Landfyllingar	83
4.26.	Svæði til síðari nota.....	84
5.	Önnur skipulagsákvæði	85
5.1.	Þéttleiki byggðar	85
5.2.	Bífreiðastæðakröfur.....	85
5.3.	Hæð húsa.....	86
5.4.	Næturlúbbar.....	86
6.	Framfylgd.....	87
6.1.	Framfylgd markmiða.....	87
6.2.	Samræming skipulags og fjárhags- og framkvæmdaáætlana	87
6.3.	Endurskoðun.....	87
7.	Breytingar frá aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018.....	88
7.1.	Helstu breytingar á gerð skipulagsuppdráttar.....	88
7.2.	Staðfestar breytingar á ASAK-98 fram til nóvember 2005	88
7.3.	Breytingar	89
8.	Mat á áhrifum skipulagstillögunnar.....	95
8.1.	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	96
8.2.	Áhrifamat/umhverfisskýrsla vegna staðfesta breytinga.....	97
9.	Kynning, afgreiðsla og samþykkt	111
9.1.	Kynning og samráð	111
9.2.	Auglýsing og afgreiðsla athugasemda.....	113
9.3.	Samþykkt.....	117
10.	Skipulagsuppdrættir.....	119
10.1.	Uppfærður Þéttbýlisuppdráttur 1:28.000.....	119
10.2.	Uppfærður Sveitarfélagsuppdráttur 1:60.000	121
11.	Staðfestar breytingar eftir 15.12.2006.....	123

ÁVARP

Aðalskipulag Akureyrar 2005 – 2018, sem hér er lagt fram, er það fimmta í röðinni frá því fyrsta aðalskipulag bæjarins var samþykkt árið 1927. Áfram er unnið með þær áherslur sem lagt var upp með í aðalskipulaginu frá 1998 um sjálfbæra þróun og umhverfisstefnu í anda Staðardagskár 21. Andi þeirrar dagskár svífur yfir vötnum þessa nýja aðalskipulags. Sterk áhersla er á að tryggja rétt komandi kynslóða til sömu lífsgæða og við njótum nú.

Aðalskipulag er langtímaverkefni og rammi um framtíðarþróun bæjarfélagsins. Einkenni þessa aðalskipulags umfram önnur, sem fram hafa komið, er hin víðtæka aðkoma bæjarbúa að mótun þess og þróun. Aldrei hafa jafn margir komið að vinnu við aðalskipulag Akureyrar sem nú. Verkefnið „Akureyri í öndvegi” gerði það að verkum að mikill fjöldi bæjarbúa hafði á því skoðun og kom að stefnumótun og þróun skipulagsins. Því ber að fagna sérstaklega. Aldrei hafa jafn margir haft skoðun á vinnu þessari og komið skoðunum sínum á framfæri. Það leiddi til þess að aðalskipulagstillagan var lögð fram að nýju eftir að gerðar voru á henni verulegar breytingar frá fyrri auglýsingu. Íbúalýðræðið hefur því fengið að njóta sín við gerð þessa aðalskipulags sem aldrei fyrr.

Aðalskipulagið 2005 - 2018 hefur einkenni þeirrar velmegunar og hröðu þróunar sem á Akureyri er nú um stundir. Uppbygging íbúða í Naustahverfi á suðurhluta brekkunnar og þróun athafnasvæðis til norðurs í Nesjahverfi er áberandi. Tengibrautanetið er að mestu komið í þann farveg sem þarf til að tryggja samgöngur með öruggum og hagkvæmum hætti um sveitarfélagið. Uppbygging miðbæjar og svæða fyrir verslun, þjónustu og iðnaðarfyrirtæki setur einnig sterkan svip á aðalskipulagið nú. Stefnumörkun í umhverfismálum með sérstakri áherslu á verndarsvæði setur jákvæðan og vistvænan svip á verkið og er það vel.

Framtíð Akureyrar er björt en ljóst er að landrými innan núverandi bæjarmarka er á þrotum. Langtíma-markmið skipulagsyfirvalda í framhaldi af þessu aðalskipulagi verður að tryggja bænum okkar aðstæður til áframhaldandi þróunar og stækkunar.

Ég þakka öllum þeim sem komu að vinnu við þetta verk en sérstaklega þakka ég bæjarbúum mikinn áhuga og sterka aðkomu að gerð þessa aðalskipulags. Það er von mín að aðalskipulagið stuðli að enn frekari þróun Akureyrar til lengri tíma litíð.

14. september 2006

Jón Ingi Cæsarsson

(sign)

formaður umhverfisráðs

FORMÁLI

Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018 (ASAK98), sem hér er tekið til endurskoðunar, var staðfest 4. september 1998. Það nær til alls lands innan þáverandi bæjarmarka Akureyrar en nýlega var Hríseyjarhreppur sameinaður Akureyrarkaupstað. Endurskoðun aðalskipulagsins nær ekki til aðalskipulags Hríseyjar 1988-2008 sem heldur áfram gildi sínu óbreytt. Stefnt er að endurskoðun þess fyrir 2008. Sveitarfélagsuppdráttur aðalskipulags Akureyrar verður því að svo stöddu ekki látinn ná yfir Hrísey enda tengjast svæðin ekki landfræðilega.

Í Aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 voru sett mikilvæg markmið um byggð, þjónustukerfi og umhverfismál. Á grundvelli stefnunnar hafa verið unnar áætlanir í mörgum þeirra málaflokka sem aðalskipulagið tekur til.

Við endurskoðun aðalskipulagsins er stuðst í meginatriðum við landnotkun og ákvæði ASAK98. Meginatriði endurskoðunarinnar felast í eftirtöldum atriðum:

- Í framhaldi af íbúáþingi, sem haldið var í september 2004, og hugmyndasamkeppninni „Akureyri í öndvegi” um skipulag miðbæjarins, sem haldin var vorið 2005, hefur verið unnið að stefnumörkun um eflingu og endurlífgun miðbæjarins og er sérstökum kafla um þann þátt bætt inn í greinargerð aðalskipulagsins.
- Ákvæði um verslun utan miðbæjar eru endurskoðuð með hliðsjón af stefnu um uppbyggingu og eflingu miðbæjarins.
- Unnið hefur verið að áætlun um þéttingu byggðar og er gerð tillaga um nokkur ný byggingarsvæði innan núverandi byggðar auk þess sem landnotkun nokkurra svæða er breytt með það að markmiði að þétta íbúðarbyggðina og bæta bæjarmyndina.
- Nokkrar breytingar eru gerðar á gatnakerfi bæjarins. Fyrst og fremst er gengið frá skipulagi tengibrauta við Lundarhverfi en auk þess breytt legu tengibrauta á Oddeyri og í Krossaneshaga.
- Aðalskipulagsuppdrættir eru uppfærðir og færðar inn breytingar, sem gerðar hafa verið, auk þeirra tillagna um breytingar sem bæjarstjórn gerir við endurskoðunina.
- Framsetning aðalskipulagsuppdráttar er færð til samræmis við gildandi skipulagsreglugerð og þeir einfaldaðir.
- Greinargerðartexti ASAK98 er óbreyttur að öðru leyti en færður til samræmis við breytingartillögur þar sem þess er þörf auk þess sem nokkur markmið úr gildandi starfsáætlunum Akureyrarbæjar hafa verið sett inn og önnur felld út sem ekki eru lengur í gildi.

Efnislegar breytingar eru gerðar á eftirtöldum stöðum í greinargerð:

- Formáli endurnýjaður
- Inngangur staðfærður.
- 2. kafli um markmið að mestu óbreyttur. Nokkar minni háttar staðfæringar til samræmis við breytingartillögur. Nokkur atriði, sem ekki eru lengur í gildi, felld út.



Horft af Uppsalahtúk

Aðalskipulag Akureyrar án Hríseyjar [og Grimseyjar] er sett fram í þrennu lagi.

- 1 **Greinargerð**, stefnumörkun um landnotkun, þróun byggðar og þjónustukerfi.
- 2 **Þéttbýlisuppráttur** sýnir landnotkun og þjónustukerfi innan þéttbýlis.
- 3 **Sveitarfélagsuppráttur** sýnir allt land innan marka sveitarfélagsins og þau ákvæði sem eiga við utan þéttbýlis.



Í umhverfisráði Akureyrarbæjar á kjörtímabilinu frá 2002-2004 voru þeir Guðmundur Jóhannsson formaður, Stefán Jónsson varaformaður, Haraldur S. Helgason, Jón Ingi Cæsarsson og Þórarinn B. Jónsson.

Ný umhverfisnefnd sem skipuð var eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2006 kom að lokaafgreiðslu skipulagsins. Í henni sitja þau Jón Ingi Cæsarsson formaður, Ólafur Jónsson varaformaður, Hanna Dögg Maronsdóttir, Haraldur S. Helgason og Jóhannes Árnason.

- Bætt inn nýjum kafla nr. 2.5: Þétting byggðar.
- Nýr kafli 3, Miðbærinn. Númer eftirfarandi kafla breytast til samræmis.
- 4. kafli er endursaminn og nefndur Landnotkun og þjónustukerfi. Umfjöllun og ákvæði mun ítarlegri en áður með nánari skilgeiningu landnotkunarflokka og umfjöllun um hvern landnotkunarreit. Nokkrum undirköflum bætt við.
- 5. kafli, Önnur skipulagsákvæði, að mestu óbreyttur. Skerpt á viðmiðun um þéttleika byggðar.
- 6. kafli, Framfylgd, óbreyttur
- 7. kafli, Breytingar frá aðalskipulagi 1998-2018. Endursaminn að öllu leyti.
- 8. kafli, Mat á áhrifum skipulagstillögunnar. Nýr kafli.

Í 7. kafla er gerð grein fyrir staðfestum breytingum frá gildistöku ASAK98, svo og þeim breytingum sem lagðar eru til við endurskoðunina. Í 9. kafla er greint frá breytingum á tillögunni gerðum í maí 2006.

Skipulagsgögn

Tillaga að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er sett fram í eftirtöldum gögnum sem samþykkt voru í bæjarstjórn Akureyrar 12. september 2006:

- Greinargerð.
- Þéttbýlisuppráttur. Mkv. 1:10.000
- Sveitarfélagsuppráttur. Mkv. 1:30.000

Skipulagsvinnan

Uppfærsla og endurskoðun aðalskipulagsins var að mestu leyti unnin sumarið og haustið 2005 undir stjórn skipulags- og byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar, Péturs Bolla Jóhannessonar. Ráðgjafarfirmið Alta ehf. vann miðbæjar- og verslunarþátt skipulagsins í samráði við stýrihóp sem settur var á fót í framhaldi af verkefninu „Akureyri í öndvegi“. Í stýrihópnum voru Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Guðmundur Jóhannsson formaður umhverfisráðs, Pétur H. Ármannsson arkitekt og Halldóra Hreggviðsdóttir verkfræðingur sem jafnframt var verkefnisstjóri. Auk þeirra unnu Ármann Jóhannesson sviðstjóri Tækni- og umhverfisviðs, Pétur Bolli Jóhannesson skipulags- og byggingarfulltrúi og Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður með stýrihópnum. Starfsmenn Alta, sem að verkinu komu, voru Ásdís Hlökk Theodórsdóttir skipulagsfræðingur sem hafði umsjón með skipulagsvinnunni, Árni Geirsson verkfræðingur, Halldóra Hreggviðsdóttir verkfræðingur og Haukur Björnsson skipulagsfræðingur. Tillögur um þéttingu byggðar vann Gísli Kristinsson arkitekt á arkitektastofunni Arkitekur.is. Finnur Birgisson arkitekt, verkefnisstjóri á Umhverfiseild Akureyrarbæjar, fór yfir gögn um mannfjölda og byggingar og uppfærði spár og áætlanir á því sviði. Árni Ólafsson arkitekt á Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., hafði umsjón með endurskoðun aðalskipulagsins að öðru leyti, svo og gerð skipulagsuppráttanna. Um gerð ASAK98 vísast til greinargerðar skipulagsins frá desember 1998.

Tillaga að aðalskipulagi var var auglýst í febrúar 2006. Vegna veigamikilla athugasemda var talið nauðsynlegt að breyta henni og auglýsa að nýju sbr. nánari greinargerð í 9. kafla.

1. INNGANGUR

1.1. UM AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er lögboðin skipulagsáætlun sem nær til eins sveitarfélags og er samþykkt af bæjarstjórn og staðfest af umhverfisráðherra. Hlutverk aðalskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum (nr. 73/1997 m.s.b.) er að samræma og móta langtímastefnu í hinum ýmsu málaflokkum bæjarfélagsins og sýna stefnu sveitarstjórnar um þróun byggðar, landnotkun, landnýtingu, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Aðalskipulagið er því fyrst og fremst stjórnæki bæjarstjórnar til að stuðla að tilteknum markmiðum um framtíðarþróun bæjarins.

Aðalskipulagi er ætlað að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem allir hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti. Aðalskipulagið er einnig upplýsinga-brunnur fyrir íbúa bæjarins, embættismenn, pólitískt kjörna fulltrúa, hönnuði og framkvæmdaaðila.

Auk aðalskipulags er í skipulags- og byggingarlögum gert ráð fyrir svæðisskipulagi og deiliskipulagi. Svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög og hlutverk þess er að samræma stefnu viðkomandi sveitarfélaga í skipulags- og umhverfismálum. Aðalskipulag er síðan grunnurinn að gerð deiliskipulags fyrir einstök hverfi og byggingarsvæði. Í deiliskipulagi er gerð nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingarhlutfalli reita, húsagerð, tilhögun umferðarkerfis, lóða og byggingarreita.

1.2. AÐALSKIPULAG AKUREYRAR

Hlutverk

Á grundvelli þessarar forsagnar í lögnum hefur Akureyrarbær skilgreint hlutverk aðalskipulags fyrir Akureyri á eftirfarandi hátt:

- ✓ Aðalskipulagið setur fram *samræmda heildarstefnu og langtíma framtíðarsýn* um mótun umhverfis og þróun bæjarins, sem tekur tillit til félags-, efnahags-, menningar- og umhverfisþátta og hefur öryggi, heilsu og vellíðan íbúa að leiðarljósi.
- ✓ Aðalskipulagið felur í sér *umhverfisstefnu* Akureyrarbæjar og sýnir hvernig bærinn hyggst stuðla að sjálfbærri þróun með dagskrá 21 að leiðarljósi. Aðalskipulagið er þannig *hluti staðardagskrár 21* (Local Agenda 21) fyrir Akureyrarbæ og setur fram þann ramma sem nauðsynlegur er við gerð framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum.
- ✓ Aðalskipulagið er *rammi fyrir nánari skipulagsvinnu*, s.s. deiliskipulag.
- ✓ Aðalskipulagið er *rammi fyrir ýmsar verkefna-, framkvæmda- og fjárhagsáætlanir*.
- ✓ Aðalskipulagið veitir *fræðslu* til almennings, stjórnámálanna og embættismanna um skipulags- og umhverfismál. Því er ætlað að auðvelda íbúum og ráðamönnum að setja sig inn í mál og meta út frá þeim ólíku og margbreyttu þáttum sem skipta máli hverju sinni.

Áhersla

Í aðalskipulagi Akureyrar er lögð áhersla á að móta heildstæða mynd af bæjarfélaginu með stefnumörkun á grundvelli allra málaflokka, ásamt sérstakri áherslu á útivistar- og umhverfismál. Jafnframt er lögð á það áhersla að skýra tengsl milli málaflokka, m.a. með setningu markmiða, svo stuðla megi að samræmdri og heilsteyptri uppbyggingu og rekstri bæjarins. Við endurskoðun aðalskipulagsins er lögð áhersla á eflingu og uppbyggingu miðbæjarins svo og þéttingu íbúðarbyggðar með það að markmiði að bæta bæjarmynd og búsetuumhverfi og gefa kost á fjölbreyttum búsetukostum í vönduðu, fjölbreyttu og lifandi umhverfi.

Markmið

Stefna í Aðalskipulagi Akureyrar er sett fram með markmiðum, skipulagsákvæðum og á skipulagsuppdráttum. Markmið skipulagsins eru lýsing á því að hverju beri að stefna og hvað árangri skuli leitast við að ná. Í mörgum tilvikum er ekki um ný markmið að ræða, eftir sumum hefur verið unnið til fjölda ára, en með framsetningu í þessari greinargerð eru markmiðin og þar með stefna bæjarfélagsins, gerð sýnilegri fyrir íbúa, embættismenn og pólitískt kjörna fulltrúa.


Markmiðin eru sett fram í fimm þrepum og stuðlar hvert markmið í einu þrepi að því að náð verði öðru í þreparöðinni fyrir ofan. Markmiðin verða sértækari eftir því sem neðar kemur.

Í efsta þrepinu er almennt víðtækt markmið sem er framtíðarsýn bæjarfélagsins, eins konar *leiðarljós*. Á grundvelli þessa leiðarljóss eru sett fram þrjú *yfirmarkmið* sem eru almennt orðuð og er þeim ætlað að sameina hina ýmsu málaflokka, og þar með deildir bæjarins, undir einu merki. Í þriðja þrepinu eru síðan *meginmarkmið* sem sett eru fram fyrir hvern málaflokk skipulagsins og sundurliða þau enn frekar þau viðfangsefni sem um er að ræða.

Á grundvelli meginmarkmiðanna er síðan sett *deilimarkmið* fyrir einstök viðfangsefni í hverjum málaflokki, þar sem það á við. *Starfsmarkmið* benda síðan á verkefni eða aðgerðir sem stuðla að deilimarkmiðunum.

Stefnumótun í aðalskipulaginu er ætlað að leggja áherslu á fjögur efstu þrepin og mynda þannig ramma fyrir nákvæmari markmiðssetningu og framkvæmdir í bænum. Nákvæm starfsmarkmið verða í flestum tilfellum skilgreind af hinum ýmsu stofnunum, deildum og nefndum bæjarins og eru þau verkefni sem eru á könnu hvers um sig. Sérhver nefnd í bæjarkerfinu hefur því hlutverki að gegna í að ná þeim yfir-, megin- og deilimarkmiðum sem samþykkt er að setja fram í aðalskipulaginu.

Þessi nálgun byggir á þeirri hugsun að kerfisbundin vinnubrögð og framsetning skili sér í betri ákvarðanatöku og betri árangri. Auðveldara ætti því að reynast að meta tillögur og léttara ætti að vera fyrir utanaðkomandi að setja sig inn í mál. En ljóst er að meiri samræming þarf að vera á milli stefnu og ákvarðana í hinum ólíku málaflokkum ef ná á settum markmiðum. Þetta getur krafist breyttra aðferða við úrlausn verkefna og ákvarðanatöku frá því sem nú er í bæjarfélaginu. Slíkt gerist ekki á skömmum tíma. Er hér um langtímaþróunarverkefni að ræða. Því er gert ráð fyrir að þau sjónarmið og markmið, sem sett eru fram, sýni í grófum dráttum hvert bæjarfélagið vill stefna og að í framhaldi af þeirri stefnumörkun verði nánar unnið að úfærslu og framkvæmd stefnunnar í stjórnkerfi bæjarins.



Skipulagstímabil

Við endurskoðun aðalskipulagsins haustið 2005 er miðað við 13 ára skipulagstímabil þannig að lok skipulagstímabilsins verða þau sömu og í ASAK98. Litið er til lengri tíma við gerð mannfjöldaspár enda nauðsynlegt að miða skipulagsákvæðanir um landnotkun og umferðarkerfi við langtímaáætlanir þótt ekki verði gerð grein fyrir þeim í staðfestum skipulagsgögnum.



Um leiðarljós skipulagsins:

Í markmiðinu felst samþætting þriggja meginviða, umhverfis- og byggingarsviðs, félags-, fræðslu- og menningarsviðs og efnahags- og tæknisviðs sem í sameiningu skapa búsetuumhverfi bæjarins. Ýmsir málaflokkar innan þessara þriggja sviða skarast á ólíka vegu og hafa áhrif hver á annan. Hið náttúrlega og byggða umhverfi hafa áhrif á félags- og efnahagslega umhverfið og öfugt. Gjarnan hefur verið litið á tæknileg mál sem aðskilin frá félagslega sviðinu en mönnum er að verða æ betur ljóst að allt hefur þetta áhrif hvert á annað og að þörf er á þverfaglegri sýn.

Þverfagleg sýn þýðir að skoða þarf málin frá ýmsum hliðum og að samvinna og samræming milli málaflokka er nauðsynleg svo að betur megi sjá og meta afleiðingar af ákvörðunum og verkum. Mikilvægt hugtak í þessu samhengi er jafnvægi, þ.e.a.s. að við uppbyggingu bæjarins verði ekki lögð ofuráhersla á eitt sviðið á kostnað hinna, heldur verði leitast við að sviðin verði í jafnvægi. Sérstaklega þarf að samþætta umhverfissjónarmið við aðra málaflokka og auka þarf áherslu á umhverfið við skipulag landnotkunar og umferðar og við mótun atvinnustefnu.

Fyrir þessi þrjú svið, sem bæjarfélagið starfar á, eru sett fram yfirmarkmið. Árekstrar geta orðið milli yfirmarkmiðanna þegar þeim er beitt á tiltekna tillögu eða mál. Þegar svo ber við þarf að veita og meta forgangsröð markmiða.

2. MARKMIÐ

2.1. LEIÐARLJÓS

Efla skal Akureyri sem höfuðstað Norðurlands. Bærinn verði áfram miðstöð verslunar, þjónustu, menningarlífs og samgangna í landsfjórðungnum. Vinna skal að hagkvæmri uppbyggingu bæjarfélagsins og fallegu og vönduðu bæjarumhverfi. Gæta skal vistfræði- og náttúruverndarsjónarmiða þannig að stuðla megi að heilbrigði náttúrlegs umhverfis. Stuðla skal að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi og bættum lífsgæðum og lífsskilyrðum bæjarbúa.

2.2. UMHVERFIS- OG BYGGINGAMÁL

2.2.1. Yfirmarkmið

Gæta ber vistfræðilegra sjónarmiða og stefna skal að sjálfbærri þróun í skipulagi og uppbyggingu sveitarfélagsins. Skapa skal fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, styrkja bæjarmynd Akureyrar og leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja.

Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.¹

2.2.2. Umhverfispættir

Meginmarkmið: Í skipulags- og framkvæmdaáætlunum skal, eftir því sem við á, gera grein fyrir umhverfispáttum, s.s. loftgæðum, vatnsbúskap, jarðfræði, landslagi, gróðurfari og dýralífi og áhrif mismunandi kosta á þá metin. Efla ber kerfisbundna söfnun upplýsinga um einstaka umhverfispætti. Stuðla skal að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni með verndun margs konar kjörlendis dýra og plantna. Árvekni skal gæta í nýtingu náttúruauðlinda.

Loft

Deilimarkmið: Taka ber tillit til loftgæða við skipulags- og framkvæmdaáætlanir, draga skal úr útblæstri mengandi lofttegunda með því að stemma stigu við aukinni bílaumferð. Áhersla skal lögð á skógrækt í bænum og í kraga umhverfis hann til að binda koltvísýring. Stuðla skal að reglubundnum loftgæðarannsóknnum og því að hljóðvist samræmist ákvæðum reglugerða.

¹ Starfsáætlun Tækni- og umhverfissviðs 2005

Starfsmarkmið:

- Við skipulags- og framkvæmdaáætlanir ber að meta hvort fyrirhuguð ákvörðun, aðgerð eða framkvæmd muni valda mengun loftslags eða rýra loftgæði. Huga þarf að mögulegum svæðis- eða staðbundnum breytingum á veðurfari, hringrás, raka eða hitastigi loftslags.
- Skýlt verði að tengja skip við rafveitu þegar þau eru í höfn þar sem hægt er að koma því við.
- Leggja ber áherslu á stígagerð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, blöndun landnotkunar og að búa í haginn fyrir aukið vægi almenningssamgangna í framtíðinni til að hægja á vexti bílaumferðar.
- Í skipulagi verði leitast við að vernda núverandi trjágróður og stuðla að nýplöntun þannig að aukist sá lífmassi sem bindur koltvísýring. Áhersla verði áfram lögð á að planta gróðri meðfram tengi- og safnbrautum til að bæta loftgæði.
- Reglulegar mælingar á loftgæðum verði hafnar sem allra fyrst svo að fylgjast megi með breytingum sem verða kunna og tryggja að þau séu viðunandi.

Vatn

Deilimarkmið: Vernda skal gæði neysl vatns. Efla skal eftirlit með ástandi yfirborðsvatns og koma í veg fyrir mengun þess. Varðveita ber lífríki í og við vatnasvæði og styrkja skal gildi lækja-, ár- og strandsvæða fyrir útivist og tómstundaiðju og sem hluta af bæjarmyndinni.

Starfsmarkmið:

- Stefnt er að því að vatnasvæði ána í bæjarlandinu verði í flokki A en strandlengjan í flokki B miðað við að sjórinn sé „viðkvæmur viðtaki“.
- Við skipulagsgerð vegna nýrra hverfa skal miða við að náttúrulegt flæði lækja sé varðveitt og að vatn fái að renna áfram ofanjarðar þar sem þess er kostur í þeim tilgangi að vernda lífríki vatnasvæða. Þetta á fyrst og fremst við næsta stóra nýbyggingarsvæðið, Naustahverfi. Varðveita ber opið svæði meðfram Lóninu og leita skal samstarfs við Hörgárbyggð um skipulag á bæjarmörkunum með fram því.
- Leitast verði við að planta ekki í mýrlendi.
- Aðgengi að strandlengju bæjarins verði tryggt með úrbótum á frágangi hennar frá Oddeyrartanga að flugvelli og með því að varðveita þá ósnertu strönd sem enn er milli hafnarsvæðisins í Sandgerðisbót og Krossaness og norðan Krossaness að bæjarmörkunum. Lækir og ár verði hluti af útivistarsvæðum innan og ofan byggðar.

Jörð

Deilimarkmið: Sérkennandi landslagseinkenni bæjarlandsins verði varðveitt og staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af staðháttum og landslagi. Gerð skal áætlun um nýtingu jarðefna og efnisvinnslu þannig að gætt verði hagkvæmni og umhverfissjónarmiða. Gengið skal frá gömlum efnistökuvæðum og umhverfi þeirra bætt og fegrað með endurgerð og uppgræðslu lands.

Um náttúru, auðlindir og sjálfbæra þróun:

Náttúran er viðkvæm og ómetanleg auðlind sem samfélag manna er háð. Auk þeirra auðlinda, sem afkoma okkar og efnahagskerfi byggjast á, felast í náttúrunni verðmæt lífsgæði með tilliti til útivistar, fegurðar og vellíðunar. Heilbrigði náttúrulega umhverfisins er háð athöfnum manna og okkur ber skylda til að skila náttúrlegri arfleifð okkar óskaddaðri til komandi kynslóða. Því þarf að gæta þess að náttúrlegar auðlindir megi nýta og njóta þeirra til langframa.

Hröð nýting endanlegra auðlinda, síaukið magn úrgangsefna sem náttúran nær ekki að brjóta niður, vöxtur þéttbýlis og þau umhverfisáhrif, sem því fylgja, krefjast þess að æ meira tillit verði tekið til umhverfisverndarsjónarmiða við allar áætlanir og ákvarðanir, þ.m.t. í skipulagsferlinu. Styrkja þarf þau tæki sem tiltæk eru til að vernda umhverfið. Í stað skammsýni og skeytingarleysis þurfa varkárni, fyrirhyggja og langtímasýn að ráða. Þessi atriði felast í hugtakinu sjálfbær þróun.

Í hugtakinu felst jafnframt að leggja þarf áherslu á vistkerfið í skipulagsvinnu og við framkvæmdir. Vistkerfi er skilgreint sem allir lífrænir og ólífrænir þættir umhverfisins og tengslin á milli þeirra sem saman mynda eina samhangandi heild. Með áherslu á vistfræðileg sjónarmið er þá átt við að notuð sé aðferðafræði sem leggur áherslu á tengslin milli loftslags, lands, vatns og lífvera, þ.m.t. manna. Hún felur í sér að meta þarf áhrif mismunandi aðgerða á lífríkið sem samhangandi heild en ekki einangruð fyrirbæri.



Horft frá Leiruwegi

Starfsmarkmið:

- Skipulag og hönnun innan byggðar skal laga að landslaginu svo að megindrættir þess haldist.
- Við skógrækt skal tekið tillit til klettaborga og klappa þannig að þær fái áfram að njóta sín.
- Forðast skal hvers konar sóun hagnýtra jarðefna með stýringu og eftirliti. Þess ber jafnframt að gæta að námuvinnsla getur haft í för með sér margvísleg áhrif á umhverfið, svo sem mikla landþörf, varanlega breytingu á ásynnd lands, eyðingu jarðmyndana, mengun, hávaða og fok. Leitast skal við að draga úr slíkum neikvæðum umhverfisáhrifum jafnframt því sem eftirlit með nýtingu og frágangi svæða að vinnslu lokinni skal vera virkt.
- Framkvæmendur skulu skyldaðir til að gera deiliskipulag af námu svæði sínu. Þar skal gera grein fyrir aðkomu að vinnslusvæðinu, umfangi námunnar, hve mikið efni vinna eigi úr henni, hvernig ganga eigi frá henni að vinnslu lokinni og hvernig unnið verði gegn neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Vinnsluáætlun ber að gera fyrir hverja námu fyrir sig þannig að framkvæmdin skili sem mestu af nothæfu efni og samræmi sé í starfsháttum þeirra sem nýta námuna.
- Á gömlum námasvæðum á Glerárdal verði fram haldið endurgerð lands og uppgræðslu.
- Við deiliskipulag B-áfanga í Krossaneshaga verði áhrif fyrirhugaðs grjótnáms á umhverfið metin og beitt viðeigandi mótvægisáðgerðum.
- Meðferð moldar verði komið í ákveðnari farveg en nú er svo hún fari ekki til spillis. Geymsla, nýting og afhending moldar verði með kerfisbundnum hætti. Þess verði gætt að jarðvegur í nýjum íbúðarlóðum verði sem bestur, t.d. með því að miðla úr moldarbanka.
- Kannað verði hvernig best verður staðið að jarðgerð úr lífrænum úrgangi.

Gróður

Deilimarkmið: Vernda skal merkileg gróðurlendi með skilgreiningu verndarsvæða og opinna svæða ofan byggðar. Vernda skal náttúruleg gróðurlendi utan skógræktarsvæða í kraganum, koma í veg fyrir eyðingu sérstæðra og friðlýstra plantna og vinna skal gegn gróður- og jarðvegseyðingu.

Starfsmarkmið:

- Þess skal gæta að umferð á útivistarsvæðum bæjarins verði ekki til þess að gróður láti á sjá.
- Við deiliskipulag og framkvæmdir skal gæta þess að vegarstæði og staðsetning annarra mannvirkja raski gróðurlendi og jarðvegi sem minnst. Koma skal í veg fyrir að sérstæðum eða friðlýstum plöntum verði eytt.
- Skráð verði og merkt á kort þau tré í bænum sem vegna aldurs, stærðar, tegundar eða staðsetningar hafa varðveislugildi. Stuðlað verði að verndun þeirra.

Dýralíf

Deilimarkmið: Tryggja skal fjölbreytni fuglalífs með verndun mikilvægra fæðu- og varpstaða fugla.

Sorp

Deilimarkmið: Leita skal leiða til að minnka sorp og auka endurvinnslu og endurnýtingu. Stefnt skal að flokkun sorps í þessum tilgangi. Hraða skal ákvörðun um framtíðarskipan sorpförgunar í samvinnu við sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu.

Starfsmarkmið:

- Komið verði upp geymslusvæði fyrir nýtanlega hluti sem bíða notkunar.
- Frágangur og vinnubrögð við sorpurðun á Glerárdal verði vönduð, m.a. vegna nálægðar urðunarstaðarins við gönguleiðir og útivistarsvæði á Súlum og Glerárdal. Þannig verði þess gætt að sorpurðunin valdi sem minnsti truflun á útivist í nágrenninu.
- Leitað verði leiða til að virkja almenning til aukinnar endurnýtingar og endurvinnslu á heimilum og draga þannig úr því sorpi er farga þarf.

2.2.3. Opin svæði

Meginmarkmið: Styrkja skal gróskumikla umgjörð bæjarins, halda við opnum svæðum og stuðla að verndun náttúrlegra verðmæta, þ.m.t. vistkerfi, náttúruperlur og landslagseinkenni. Opin svæði innan og utan bæjar skulu tengd saman og mynda eina heild. Þannig skal veita fólki möguleika á fjölbreyttum tækifærum til tómstunda, útivistar og fræðslu og bæta umhverfi, umgjörð og yfirbragð bæjarins.

Heildarskipulag opinna svæða

Deilimarkmið: Leitast skal við að tengja saman núverandi og ný opin svæði innan byggðar, bæði innbyrðis og við opnu svæðin í kringum bæinn, t.d. með stígum, götum, trjáröðum og gróðurbeltum. Byggð verði upp ýmiss konar aðstaða á opnu svæðunum til að auka möguleika á notkun þeirra til margþættrar útivistar, s.s. bílastæði, áningarstaðir, útsýnisskífur, æfingastöðvar og leiktæki.


Starfsmarkmið:

Heildarskipulag

- Unnið verði deiliskipulag allra útivistarsvæða í heild og það kynnt íbúum.
- Leitað verði samvinnu við nágrennasveitarfélög um heildarskipulag útivistarsvæða í Eyjafirði, t.d. í samhengi við gerð svæðisskipulags.

Fjalllendið

- Gerð verði áætlun um bætt aðgengi að Glerárdal og Súlum, t.d. með gerð bílastæða og gönguleiða. Strangar reglur verði settar um sorpurðun og gerð og notkun skotæfinga- og bílaípróttasvæðis þannig að almenningur á leið um landið verði fyrir sem minnsti truflun.
- Þess verði gætt að beit spilli ekki gróðurfari á Glerárdal.



Lambárdalur, Kerling til hægri.



Í Krossanesborgum

- Vegna nálægðar skíðasvæðanna í Hlíðarfjalli við vatnsból skal meta áhrif hugsanlegra mannvirkja í fjallinu á náttúruferðum áður en ráðist er í framkvæmdir.
- Mat á snjóflóðahættu í Hlíðarfjalli verði ein af forsendum deiliskipulags fyrir svæðið.
- Glerárdalur, ofan útivistar- og skógræktarbeltis ofan bæjar og svæða sem afmörkuð eru til sérstakra nota, er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði vegna náttúruferðar og útivistargildis.

„Græni trefillinn”

- Samþykkt Eyjafjarðarsveitar og Akureyrarbæjar um verndun óshólma Eyjafjarðarár er staðfest í aðalskipulagi. Helstu atriði samþykktarinnar eru:
 - ✓ Gert verður ráð fyrir göngu- og reiðleiðum um Hólmana samkvæmt deiliskipulagi.
 - ✓ Eyjafjarðarbraut eystri og vestri. Göngu- og reiðleiðir út frá stofnbraut verða lagðar samkvæmt skipulagi fyrir svæðið.
 - ✓ Gangandi fólki er heimil för um svæðið enda virði það almennar umgengisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum.
 - ✓ Hefðbundnar nýttjar landsins eru leyfilegar, s.s. heyskapur, beit og kartöflurækt.
 - ✓ Umferð hvers konar vélknúinna tækja er óheimil á svæðinu. Undantekning er vegna hefðbundinna nýttja á landinu og vegna umsýslu og eftirlits. Þá er og heimil umferð vélsleða á ís eftir farvegi Eyjafjarðarár.
 - ✓ Mannvirkjagerð og hvers konar jarðrask annað en lagfæring göngu- og reiðleiða eru þar óheimil. Lagning raflína um svæðið er háð samþykki sveitarstjórna.
 - ✓ Umsjón með svæðinu er í höndum 5 manna nefndar. Hlutverk hennar er að gera tillögur að skipulagi svæðisins og um framkvæmdir sem taldar eru nauðsynlegar; að veita leyfi til takmarkaðra skotveiða; að fylgjast með að hefðbundnar nýttjar landsins samræmist friðun og útivist og að safna upplýsingum um náttúruferðar svæðisins.
- Aðgengi að Krossanesborgum verði bætt með gerð bílastæða og merktra gönguleiða.
- Mannvirkjagerð á skilgreindu verndarsvæði Glerárgils efra er bönnuð.
- Uppgræðslu og endurformun lands við Glerárgil efra verði fram haldið.

Opin svæði innan bæjar

Deilimarkmið: Leitað verði leiða til að tengja opin svæði innan byggðar betur saman en nú er.

Starfsmarkmið:

- Grænar æðar frá Glerár- og Kotárborgarsvæði inn í nálæg hverfi verði styrktar og gerðar sýnilegri, t.d. með gróðri og stígum. Unnið verði deiliskipulag af svæðinu í samhengi við skipulag háskólasvæðisins á Sólborg.
- Unnið verði að því að bæta umhverfi Glerár og tryggja að almenningi sé fært að ánni frá fjöru til fjalls.
- Leiksvæði í bænum verði í tengslum við stærri opin svæði þar sem kostur er, ellegar innan þeirra.
- Stofnanalóðir, einkum skólalóðir, skulu þannig úr garði gerðar að þær nýttist almenningi til útivistar.
- Helgunarsvæði umferðargatna verði nýtt þar sem mögulegt er sem hluti af samfelldum gróður- og útivistarsvæðum.
- Tryggja skal gönguleiðir um strandsvæði og að óróskuð strönd verði vernduð.

2.2.4. Bæjarmynd

Meginmarkmið: Skapa skal vandað og fallett búsetuumhverfi, sem gefur Akureyri sérkennandi bæjarmynd og veitir íbúum vellíðan og ánægju, með góðri hönnun bygginga og hverfa, vönduðum umhverfisfrágangi og varðveislu þeirra menningarsögulegu verðmæta sem felast í byggingum, bæjarumhverfi og fornleifum.

Hönnun bygginga

Deilimarkmið: Nýbyggingar og breytingar á eldri byggð á Akureyri skulu teljast góð byggingarlist í samræmi við ákvæði og leiðbeiningar í byggingarlistarstefnu Akureyrarbæjar.

Starfsmarkmið:

- Til þess að meta hvort nýbygging eða breyting á eldri byggingu telst góð byggingarlist skal hafa eftirfarandi atriði til viðmiðunar, auk umfjöllunar í greinargerð með tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar dags. í mars 1998 (kaflar 6.1 og 6.2 um bæjarmynd og byggingarlist):
 - ✓ Byggingin feli í sér heilsteypta listræna hugmynd þar sem t.d. sé tekið tillit til ljóss og skugga, smáatriða og heildar, fjölbreytileika og samræmis, jafnvægis og hlutfalla, notagildis og hagkvæmni.
 - ✓ Byggingin sé í góðu samræmi við nánasta manngert og náttúrlegt umhverfi, verndi landslagið og taki tillit til þess og falli vel inn í umhverfi og götumynd.
 - ✓ Byggingin þjóni vel hlutverki sínu.
 - ✓ Tekið sé mið af veðurfarsaðstæðum.



Ránargata

Um mikilvægi aðlaðandi bæjarumhverfis:

Byggingarlist er spegill hvers samfélags enda er byggingarlist eitt helsta skoðunarefni ferðamanna hvar sem er í heiminum. Aðlaðandi bæjarumhverfi hefur ekki síður úrslita þýðingu fyrir Akureyri sem stað til búsetu. Byggingar standa í áratugi og jafnvel aldir og hafa þarf í huga að verið er að skapa umhverfi og húsnæði óborinna kynslóða ekki síður en núlifandi. Því er mikilvægt að leggja áherslu á góða hönnun og að hagsmuna komandi kynslóða sé gætt. Jafnframt er mikilvert að tengslum við fortíðina og upprunann sé haldið með varðveislu fornminja, bygginga og hverfaheilda fyrri tíma og gæta þarf sérstaklega að varðveislu þess sem hefur byggingarlistar-, sögu- og/eða menningarlegt gildi svo að sem gleggst megi lesa sögu og þróun bæjarins úr byggingum og umhverfi.



Síðuhverfi haustið 1990 og í ágúst 2004

- ✓ Byggingin sé öllum vel aðgengileg.
- ✓ Byggingin feli í sér góða byggingartækni.
- ✓ Tekið sé tillit til hagkvæmnissjónarmiða.
- ✓ Tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, t.d. sparnaðar orku og auðlinda.
- Breytingar á byggingum og nýbyggingar í eldri hverfum skulu metnar eftir áhrifum þeirra á yfirbragð byggðar, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun. Byggingarnar skulu falla vel inn í þá götumynd/bæjarmynd sem fyrir er.
- Allt nýtt íbúðarhúsnæði standist eftirfarandi kröfur:
 - ✓ Innra skipulagi sé þannig háttáð að rými nýtist vel fyrir þær athafnir sem fram fara innan veggja heimilis.
 - ✓ Tekið sé tillit til þess að margir ólíkir einstaklingar eigi eftir að nota íbúðina, bæði núlifandi og komandi kynslóðir.
 - ✓ Tenging við einkagarð eða sameiginlegt rými utandyra sé góð.
 - ✓ Staðlar um aðgengi hreyfihamlaðra séu uppfylltir.

Hönnun hverfa og umhverfisfrágangur

Deilimarkmið: Íbúðahverfi bæjarins skulu henta sem best öllum aldurs- og þjóðfélagshópum hvað varðar húsnæði, öryggi, útivist, samgöngur og aðgengi að þjónustu. Við útfærslu nýrra hverfa verði lögð áhersla á vel skilgreind bæjarrými, skýra heildarmynd og umhverfissjónarmið. Frágangur alls umhverfis í bænum verði sem vandaðastur.

Skipulag íbúðahverfa miðist við þarfir fjölskyldunnar og er því lögð áhersla á gæði umhverfis, öryggi og greiðan aðgang að hverfisþjónustu og útivistar- og leiksvæðum.²

Starfsmarkmið:

- Við deiliskipulag Naustahverfis skal tekið mið af rammaskipulagi þess (Kanon arkitektar ehf. apríl 2000).
- Við úrbætur í núverandi hverfum og hönnun nýrra hverfa skal tekið mið af eftirfarandi:
 - ✓ Áhersla skal lögð á að skapa skýrt afmörkuð útirými, bæði einkarými og sameiginleg, með skilgreind hlutverk.
 - ✓ Lögð skal áhersla á opin svæði, torg og garða sem gefa möguleika á tómskundaiðju hvers konar og óformlegum samskiptum íbúa.
 - ✓ Tryggt verði að einstaklingar geti farið um örugglega og þægilega án þess að óttast hættu frá umferð. Fjölbreyttar og vel frágengnar samgönguleiðir fyrir gangandi, hjólandi og akandi fólk myndi tengingar innan og milli hverfa.
 - ✓ Kappkostað verði að frágangur umhverfis og uppbygging þjónustu, s.s. leikskóla og grunnskóla, haldist í hendur við uppbyggingu íbúðahverfa.

² Byggt á Starfsáætlun Tækni- og umhverfissviðs 2005

- ✓ Umhverfisfrágangur sé liður í að skapa bænum aðlaðandi heildaryfirbragð og skal vandað til hans jafnt í atvinnu- sem íbúðahverfum.
- ✓ Leitast skal við að bæta umhverfi núverandi hverfa, s.s. göturými, bifreiðastæði, gönguleiðir og opin svæði, t.d. með gróðri og vönduðum yfirborðsfrágangi.
- ✓ Leggja skal alúð í val og hönnun götugagna, lýsingar og efna til yfirborðsþekju. Huga skal að heildarsamræmi og langtímasjónarmiðum þannig að hlutirnir standist sem best tímans tönn.
- Listaverkum verði fjölgað í bænum, t.d. á opnum svæðum og í miðbæ og nágrenni hans.
- Auglýsingaskilti skulu falla vel að bæjarmyndinni og vera fróðleg og gagnleg. Þess skal gætt að þau skapi ekki umferðarhættu og að tekið sé tillit til nábylis- og grenndarréttar.

Húsvernd

Deilimarkmið: Vernda skal og bæta þær byggingar sem taldar eru hafa byggingarlistrænt eða menningarsögulegt gildi. Varðveislugildi bygginga frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Tryggt verði að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í bæjarmyndinni.

Hverfisvernd

Deilimarkmið: Vernda skal og bæta svæði eða hverfi sem hafa sérkennandi yfirbragð og eru mikilvægur hluti af bæjarmyndinni. Varðveislugildi hverfa frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Gróðursæld og gróðureinkenni gamalla hverfa verði varðveitt og styrkt.

Hús- og hverfisvernd

Starfsmarkmið

- Skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um hvernig best megi stuðla að hús- og hverfisvernd. Starfshópurinn taki mið af markmiðum aðalskipulags og móti m.a. tillögur um eftirfarandi atriði:
 - ✓ Gerð bæjar- og húsakönnunar fyrir bæinn og þá fyrst og fremst austan Mýrarvegjar. Greiningin taki m.a. til sögulegrar þróunar bæjarins, landslags, umhverfisfrágangs, byggingarhefða og atriða sem eru sérkennandi fyrir akureyrsku eða íslenska húsagerð. Lagt verði mat á atriði sem vert er að halda í, þróa og byggja á í framtíðinni.
 - ✓ Leiðir til að gera eigendum gamalla húsa kleift að viðhalda og endurnýja eignir sínar, t.d. með lánaþyrirgreiðslu, lækkun fasteignagjalda eða styrkjum.
 - ✓ Leiðir til að hvetja húseigendur til að bæta hús sín og umhverfi og halda þeim vel við.
 - ✓ Ráðgjöf og þjónusta við húseigendur um breytingar og viðhald á gömlum húsum.
 - ✓ Afgreiðslu umsókna og verklagsreglur bæjarkerfisins um breytingar á gömlum húsum og nýbyggingar í gamalli byggð.



Við Samkomuhúsið

Fornleifavernd

Deilimarkmið: Stuðla skal að verndun merkra fornleifa í bæjarlandinu og forðast að hrófla við minjum eftir því sem frekast er kostur. Stuðla skal að rannsóknum og kynningu og að því að gera menningar-sögulega arfinn sem aðgengilegastan íbúum og ferðalöngum.

Starfsmarkmið:

- Deiliskráning fornminja fari fram áður en gengið er frá deiliskipulagi nýbyggingarsvæðis og skulu minjar, bæði sýnilegar og fornleifar sem vitað er um í jörðu, sýndar á skipulagsupprætti.
- Við skipulagsgerð verði leitast við að fella hönnun hverfa og útivistarsvæða að þeim fornleifum sem fyrir eru og ástæða er til að varðveita.
- Tryggt verði að rannsóknir fari fram á merkjum minjum sem óhjákvæmilegt reynist að raska.
- Þar sem fornleifar koma í ljós við jarðrask á svæðum þar sem ekki var vitað um þær fyrir skal þegar í stað stöðva framkvæmdir og láta fara fram vettvangsathugun. Er niðurstöður hennar liggja fyrir skal tekin ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja rannsókn eða hvort þær skuli láttnar víkja. Þegar slík ákvörðun er tekin skal þó jafnan vera augljóst hvers eðlis fornleifarnar voru.
- Helstu fornminjastaðir í bæjarlandinu verði merktir og gerðir aðgengilegir með stígagerð og leiðarvísun.

2.3. FÉLAGS- OG FRÆÐSLUMÁL

2.3.1 Yfirmarkmið

Skapa skal mannvænt bæjarumhverfi sem mætir þörfum allra fyrir húsnæði, þjónustu, tómstundir, íþróttir og útivist. Stuðla skal að fjölbreyttum möguleikum til náms og menningarstarfsemi hvers konar. Stefna ber að aukinni þátttöku almennings við gerð skipulags.

2.3.2 Forsendur


Fjölgun íbúa.

Ef ekki gætti neinna áhrifa af að- og brottflutningi (spá 2) mætti búast við að íbúar Akureyrarbæjar yrðu um 17.950 talsins í árslok 2018 og hefði þá aðeins fjölgað um 1.240 manns frá 2005. Er þá reiknað með fæðingartíðni 2001-2004, þ.e. 1,98 börn á ævi hvernar konu, og dánartíðni árunna 1996-2000. Árleg fjölgun væri þá um 0,6 % í byrjun en lækkaði niður undir 0,5% í lok tímans. Ef hins vegar er reiknað með „hagnaði“ af flutningshreyfingum í líkingu við reynslu síðustu ára (spá 1), um 125 manns á ári, verða íbúarnir 19.450 í árslok 2018 eða 2.750 fleiri en þeir eru nú. Þetta er fjölgun um 16,4% yfir allan tímans. Árleg fjölgun yrði rúm 1,3% í fyrstu en rúmt 1% í lok tímans.


Breytingar á aldursskiptingu.

Samkvæmt spá 1 mun aldurssamsetning íbúanna breytast umtalsvert á tímabilinu og meðalaldur hækka. Ríflega helmingur fjölgunarinnar (55%) verður í elstu hópnum, ofan við 54 ára aldur, þar af mest í hópnum 55-74 ára en þar fjölga um 1290 manns og hlutfall hans hækkar úr 15,7% í 20,1%. 75 ára og eldri mun fjölga um 240 manns og prósentuhlutfall þeirra hækka úr 6,2% í 6,6%. Hins vegar mun prósentuhlutfall 19 ára og yngri lækka úr 30,7% í 28,0% þótt þar verði fjölgun um rúmlega 300 manns. Grunnskólabörnum fjölga um 115, en hlutfall þeirra lækkar úr 15,6% í 14%. Nokkur hækkun verður á hlutfalli 20-29 ára fólks en veruleg lækkun á hlutfalli 30-49 ára.


Árgangar	Fjölgun	2005 Hlutfall %	2018 Hlutfall %	Hlutfallsbreyting
75 ára og eldri	243	6,2	6,6	+0,4
55-74ra ára	1.288	15,7	20,1	+4,4
50-54ra ára	170	6,3	6,3	0,0
30-49 ára	271	27,5	25,0	-2,5
20-29 ára	457	13,6	14,1	+0,5
0-19 ára	306	30,7	28,0	-2,7
Allir	2.735	100,0	100,0	0,0



Mynd 2.3.2-1



Mynd 2.3.2-2



Mynd 2.3.2-3

Um íbúðapörf

Samkvæmt upplýsingum FMR eru nú um 6.500 íbúðir í sveitarfélaginu, þar af rúmlega 100 í Hrísey. Íbúar í hverri íbúð eru skv. þessu 2,57 að meðaltali. Þetta hlutfall hefur lækkað nokkuð hratt á undanförunum árum eins og meðfylgjandi graf sýnir og er nú orðið nálægt því sem gerist á Reykjavíkursvæðinu.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis er gert ráð fyrir að hlutfallið verði 2,29 íb/íb í Reykjavík árið 2024. Að því gefnu að þróunin stefni í sömu átt á Akureyri ætti hlutfallið hér að vera komið í 2,38 árið 2018.

Samkvæmt því þyrfti þá 8.170 íbúðir til að hýsa 19.450 íbúa (spá 1) eða 1.670 íbúðir til viðbótar þeim sem nú eru fyrir hendi. Gera verður ráð fyrir að jafnan hverfi nokkrar af núverandi íbúðum úr notkun á hverju ári og má að teknu tilliti til þess álykta að þörfin fyrir nýjar íbúðir á þessu 13 ára tímabili sé um 1.800 íbúðir eða 138 íbúðir á ári að meðaltali.

2.3.3 Húsnæði

Meginmarkmið: Tryggt verði að fyrir hendi sé skipulagt byggingaland sem svarar þörfum allra íbúa fyrir húsnæði á skipulagstímabilinu.

Starfsmarkmið:

- Stefna ber að kerfisbundinni skráningu og greiningu upplýsinga um sem flesta þætti íbúafjöldans á Akureyri þannig að yfirlit fáiast yfir þróun á tilteknu tímabili og á skilgreindu svæði, s.s. götu, hverfi eða bæjarhluta.
- Upplýsingar um íbúðir, byggingastarfsemi og breytingar á byggingum séu skráðar og greindar með sama hætti.

Félagslegt húsnæði

Deilimarkmið: Stefna ber að blöndun félagshópa með sem jafnastri dreifingu félagslegs húsnæðis.

Húsnæði fyrir fatlaða

Deilimarkmið: Allt nýtt húsnæði taki mið af kröfum um aðgengi fatlaðra. Íbúðarhúsnæði verði hannað og byggt þannig að sem minnst þörf verði á sérlausnum í húsnæðismálum þeirra. Sambýli fatlaðra verði hluti af íbúðahverfum bæjarins.

Húsnæði aldraðra

Deilimarkmið: Öldruðum verði gert mögulegt að búa sjálfstætt á eigin heimili eins lengi og kostur er.

Með fjölbreyttum húsaagerðum og íbúðastærðum innan hverfa eigi aldraðir kost á að búa áfram í sínu hverfi þegar þeir vilja flytja í minna eða hentugra húsnæði. Íbúðarhúsnæði verði hannað og byggt þannig að sem minnst þörf verði á sérlausnum í húsnæðismálum aldraðra. Lóðir fyrir húsnæði, sem sérstaklega er ætlað öldruðum, verði í boði þar sem stutt er í þjónustu og liggja vel við almenningsamgöngum.

2.3.4 Samfélagsþjónusta

Meginmarkmið: Búa skal öllum aldurs- og þjóðfélagshópum umhverfi, öryggi og þjónustu sem hæfir sem best þörfum þeirra.

Málefni fatlaðra

Deilimarkmið: Skapa skal fótluðum skilyrði til að taka hindrunarlaust þátt í samfélaginu á við aðra þjóðfélagsþegna.

Starfsmarkmið:

- Í skipulagi og við hönnun bygginga og umhverfis verði ávallt tekið mið af aðgengi fyrir fatlaða.
- Útfærsla á samgönguleiðum, s.s. götum, stígum og almenningsvagnakerfi, sé miðuð við að fatlaðir komist þar um.

Málefni aldraðra

Deilimarkmið: Heimaþjónusta og endurhæfing verði eflað til þess að gera öldruðum kleift að búa sjálfstætt á eigin heimili eins lengi og kostur er.

Æskulýðsmál

Deilimarkmið: Börnum og ungmennum verði tryggð góð uppvaxtarskilyrði með öruggu umhverfi, öruggum samgönguleiðum og fjölbreyttum möguleikum til tómstundastarfa, iðkunar íþróttá og náms.

Heilbrigðismál


Deilimarkmið: Bæjarbúar eigi kost á góðri heilbrigðisþjónustu.

Um mannvænt bæjarumhverfi:

Með hugtakinu mannvænt bæjarumhverfi er átt við þarfir fólks fyrir húsnæði, öryggi, félagsleg samskipti, tækifæri til skólagöngu, frítímaíðju, skemmtunar og til þátttöku í ákvörðunum um þróun byggðarlagsins. Þetta eru allt atriði sem hafa veruleg áhrif á það hversu gott er að búa á Akureyri.

Skipulag landnotkunar gegnir mikilvægu hlutverki í þessu samhengi, m.a. með því að tryggja aðgengi og jafna dreifingu þjónustu og atvinnutækifæra, fjölbreytta húsnæðismöguleika, blöndun félagshópa, öruggar samgönguleiðir, margháttaða samgöngumöguleika, svæði til útivistar og verndunar náttúruverðmæta og manngerðra fyrirbæra sem hafa sögu- og menningarlegt gildi.

Sveitarfélagið og íbúarnir bera gagnkvæma og sameiginlega ábyrgð á þróun bæjarins. Sveitarfélaginu ber að tryggja að þörfum íbúa sé sinnt og skylda þeirra er að meta framkvæmdir og ákvarðanir út frá hagsmunum bæjarbúa sem heildar. Þátttaka almennings er forsenda þess að þróun byggðar endurspegli þarfir fólksins. Almennings er veitt tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um uppbyggingu bæjarins í gegnum hið lagalega skipulagsferli en lítil hefð er fyrir samráði við almennings á fyrstu stigum skipulagsgerðar. Því ætti að leita leiða til að auka þátttöku almennings í skipulagsvinnu.



Mynd 2.3.4-1

Um mikilvægi útivistar, íþróttar og tómstundaiðkunar:

Með auknum tómstundum fólks og vaxandi almennum áhuga á heilsurækt og útivist eykst eftirspurnin eftir góðum og fjölbreyttum möguleikum til tómstundaiðu, hvort heldur sú iðu beinist að íþróttaiðkun, léttari hreyfingu, afslöppun, skapandi starfi eða að því að njóta menningarviðburða. Framboð á þessu sviði er einn mikilvægasti þátturinn í að gera Akureyri að eftirsóknarverðum stað til búsetu þar sem möguleikar til ástundunar ýmiss konar tómstundaiðu er veigamikill liður í uppvaxtarskilyrðum fyrir börn og almennum lífsgæðum fólks.

Möguleika til tómstundaiðu er augljóslega að finna á íþróttasvæðum, útivistarsvæðum og í tómstundamiðstöðvum, en þá er einnig að finna á söfnum, í sýningarsölum, verslunum, veitingastöðum, almenningsgördum og á torgum og götum bæjarins þar sem möguleikar eru fyrir hvers konar athafnir og samskipti. Þannig skiptir framboð á menningarstarfsemi og vel hannaður frágangur umhverfis miklu máli í þessu samhengi.

2.3.5 Útivist, íþróttir og tómstundir

Meginmarkmið: Stuðla ber að heilbrigði og vellíðan íbúa með því að skapa góða aðstöðu fyrir fjölbreytta útivist, íþróttir og tómstundir að vetri sem sumri.

Almenn útivist

Deilimarkmið: Skapa skal aðlaðandi útivistarsvæði, sem bjóða upp á margvíslega aðstöðu til slökunar, hollrar hreyfingar og íþróttaiðkunar, bæði innan bæjarins og í nágrenni hans. Stígar tengi saman byggð og opin svæði og veiti góða möguleika til göngu, skokks og hjólríða.

Vetrariþróttir

Deilimarkmið: Vinna skal að eflingu Akureyrar sem Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands í samvinnu við Menntamálaráðuneytið, Íþróttasamband Íslands og Íþróttabandalag Akureyrar með því að byggja upp góða aðstöðu til iðkunar vetrariþróttar.

Almennings- og keppnisíþróttir

Deilimarkmið: Góð aðstaða verði fyrir sem flestar íþróttagreinar, bæði inni sem utan dyra, og verði Akureyri miðstöð keppnisíþróttar á Norðurlandi.

Dýrahald

Deilimarkmið: Möguleiki til tómstundabúskapar verði í skilgreindum hesthúsahverfum, Breiðholti og Hlíðarholti. Afgirt beitarlönd verði til leigu ofan bæjarins. Skilgreindar verði reiðleiðir um bæjarlandið þar sem öryggi almennings, knapa og hesta verði í fyrirrúmi.

Starfsmarkmið:

- Framtíðaruppbygging á aðstöðu fyrir hestamenn verði að mestu leyti í Hlíðarholti.
- Gert verði ráð fyrir reiðvegaslaufum og áningarstöðum á útivistarsvæðunum út frá aðalreiðleiðinni sem skilgreind er á aðalskipulagsupprætti. Frekari útfærsla reiðstíga verður unnin í deiliskipulagi fyrir svæðin.
- Þar sem umferð ríðandi eða hjólandi manna er leyfð á göngustígum skal fótgangandi fólk hafa forgang.

Tómstundamál

Deilimarkmið: Í boði verði margs konar tómstundatilboð fyrir alla aldurshópa allan ársins hring, sem sinnt verði af vel menntuðu starfsfólki. Tómstundastarf á vegum Akureyrarbæjar verði liður í forvörnum gegn vímuefnaneyslu ungmenna, heilsuþrengingum og einangrun aldrafólks og neikvæðum áhrifum atvinnuleysis.

Starfsmarkmið:

- Við skipulag nýrra grunnskóla og endurskipulagningu eldra grunnskólahúsnæðis og -lóða verði gert ráð fyrir félagsmiðstöðvum og hugað að því að grunnskólinn geti þjónað sem almenn félagsmiðstöð fyrir viðkomandi hverfi.

- Við skipulag íbúða og þjónustuhúsnæðis fyrir aldraða verði tekið tillit til þarfa fyrir tómsundaiðju og félagsstarf.

2.3.6 Menningar- og menntamál

Meginmarkmið: Styrkja skal Akureyri sem menningar- og skólabæ. Búa skal vel að leik-, grunn- og framhaldsskólum, listaskólum, efla Háskólann á Akureyri og styrkja menningarstarfsemi hvers konar.

Skólar Akureyrarbæjar eiga að geta talist til bestu skóla á landinu hvað varðar árangur, umönnun, aðstöðu og líðan nemenda og vera eftirsóknarverður starfsvettvangur með vel menntuðu og hæfu starfsfólki.³

Allir nemendur eiga að hafa sem besta aðstöðu og jöfnust tækifæri til náms og eiga skólarnir að veita sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum, þroska og í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og námskrár á hverjum tíma.⁴

Leikskólar

Deilimarkmið: Skilyrði til uppeldis og menntunar barna í leikskólum verði til fyrirmyndar. Það verði m.a. tryggt með vönduðu húsnæði, góðum leiksvæðum og vel menntuðu starfsfólki. Lögð verði áhersla á að tryggja öryggi barna eins vel og kostur er.

Grunnskólar

Deilimarkmið: Skilyrði til uppeldis og menntunar barna og ungmenna í grunnskólum verði til fyrirmyndar. Að því skal m.a. stuðlað með vönduðu húsnæði, góðri starfsaðstöðu nemenda og kennara og vel menntuðu starfsfólki. Leiðir að skólum verði gerðar eins öruggar og unnt er.

Hugað verði að því að grunnskólinn geti þjónað sem félagsmiðstöð fyrir viðkomandi hverfi.

Starfsmarkmið:

- Stígagerð við skóla verði flýtt sem kostur er þannig að gönguleiðir verði öruggar.
- Ef þétting byggðar er áformuð í núverandi skólahverfi skal meta áhrifin á skólafstarfsemi í viðkomandi hverfi.
- Við skipulag nýrra grunnskóla og endurskipulagningu eldra grunnskólahúsnæðis og -lóða verði gert ráð fyrir starfsemi Tónlistarskólans og félagsmiðstöðvum.



Tónleikar symfóníuhljómsveitar Norðurlands á Akureyrarvöku 2006



Sumardagur í Hafnarstræti

³ Starfsáætlun Akureyrarbæjar 2004

⁴ Starfsáætlun Akureyrarbæjar 2004



Sólborg, nú Háskólinn á Akureyri, haustið 1990 og í ágúst 2004.

Framhaldsskólar

Deilimarkmið: Fjölbreytt framhaldsskólanám verði í boði og skólunum verði tryggðir vaxtar-
möguleikar. Leiðir almenningsvagna að skólunum verði sem bestar og göngu- og hjólreiðastígar sem
greiðfærastir.

Háskólinn á Akureyri

Deilimarkmið: Háskólinn á Akureyri verði efldur. Háskólasvæðið að Sólborg verði vel tengt öðrum
hverfum bæjarins, með Borgarbraut, Dalsbraut, almenningsamgöngum og göngu- og reiðhjólástígum.

Aðrar menntastofnanir

Deilimarkmið: Tónlistarskólum verði búnar góðar aðstæður fyrir starfsemi sína.

Menningarstofnanir

Bæjarstjórn Akureyrar vill stuðla að öflugu og frjóu lista- og menningarlífi á Akureyri í samstarfi við aðra
opinbera aðila, frjáls félagasamtök og einstaklinga. Markmið menningarstefnu Akureyrarbæjar er því að
skapa sem best skilyrði fyrir varðveislu, ræktun og miðlun hins sameiginlega menningararfs okkar og
tryggja eftir fönngum að allir geti notið menningarlífs. Enn fremur að búa í haginn fyrir skapandi, lifandi
og öfluga listastarfsemi og stuðla að almennri þátttöku íbúanna á því sviði.⁵

Deilimarkmið: Menningarstarfsemi verði efld. Listamiðstöðin í Grófargili verði styrkt og stuðlað að því
að húsnæði þar verði fyrst og fremst nýtt til listastarfsemi eða starfsemi tengdri listum.

Þátttaka almennings við gerð skipulags

Deilimarkmið: Leitað verði leiða til að gefa almenningi aukinn kost á að taka þátt í mótun skipulags.

Starfsmarkmið:

- Þróa ber aðferðir og vinnubrögð til að auka möguleika almennings á að taka þátt í stefnumörkun um umhverfismál og ákvörðunum um skipulag byggðar.

⁵ Starfsáætlun Akureyrarbæjar 2004

2.4. ATVINNU- OG TÆKNIMÁL

2.4.1 Yfirmarkmið

Lögð skal áhersla á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf, greiðfærar og öruggar samgöngur og vistvæn og hagkvæm veitukerfi. Lögð verði áhersla á mikilvægi vandaðs bæjarumhverfis, góðrar þjónustu, öflugs menningarstarfs og möguleika til menntunar og frístunda fyrir efnahagsstöðu bæjarins.

2.4.2 Atvinnumál

Meginmarkmið: Stuðla skal að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi og góðu rekstrarumhverfi fyrirtækja, m.a. með nægu framboði á vel skipulögðum atvinnusvæðum fyrir margvíslega starfsemi, góðu samgöngu- og veitukerfi og mannvænu og vönduðu búsetuumhverfi.

Atvinnuþróun

Deilimarkmið: Áhersla verði lögð á að styrkja meginstöðirnar í atvinnulífinu og efla Akureyri þannig í þeim greinum sem bærinn er þegar sterkur í. Þar kemur til opinber og einkaþjónusta, sjávarútvegur, matvælaframleiðsla og annar iðnaður, skólustarfsemi, ferðaþjónusta og vöru- og farþegaflutningar. Jafnframt verði tengsl atvinnulífs og háskóla eflað með áherslu á nýsköpun, rannsóknir og menntunarmöguleika í takt við þróun atvinnulífsins. Þá verði tryggt að ávallt sé í boði góð þjónusta fyrir íbúa og þeir hafi fjölbreytt tækifæri til menntunar, tómstundaiðju og að taka þátt í og njóta menningarstarfsemi.

Atvinnuhúsnæði

Deilimarkmið: Settur verði upp gagnabanki um nýbyggingar og breytingar á atvinnuhúsnæði grundvallaður á starfsemi, tegund og stærð húsnæðis, starfsmannafjölda og dreifingu um bæinn þannig að ávallt liggi fyrir upplýsingar sem nýtast við gerð skipulags.

Atvinnusvæði

Deilimarkmið: Tryggja skal nægt framboð á vel skipulögðum og aðlaðandi atvinnusvæðum fyrir margvíslega atvinnustarfsemi í góðum samgöngutengslum sín á milli og við íbúðabygð. Áhersla verði lögð á vandaðan umhverfisfrágang.

Starfsmarkmið:

- Hugað verði að bættri nýtingu og skipulagi gamalla atvinnuhverfa, þau verði metin með tilliti til þessa og gerð áætlun um endurskoðun eða gerð deiliskipulags eftir því sem við á.
- Miðbærinn verði styrktur sem hjarta bæjarlífsins og þungamiðja verslunar og þjónustu á Norðurlandi. Staðsetning nýrrar verslunarstarfsemi í bænum verði skoðuð með tilliti til þessa markmiðs.
- Lögð verði áhersla á aðlaðandi bæjarmynd og heilsteypt yfirbragð miðbæjarins.

Umhverfi atvinnulífsins:

Á Akureyri er fjölbreytt atvinnulíf og til þess að halda við og styrkja núverandi efnahagsgrunn og laða að ný fyrirtæki þarf að bjóða upp á góðar aðstæður til búsetu og skapa atvinnulífinu fjölbreytt og sveigjanlegt umhverfi, m.a. með vel skipulögðum atvinnusvæðum og öflugum þjónustukerfum.

Um auknið vægi þjónustugreina:

Vegna stöðu Akureyrar í landsfjórðungnum og þróunar samfélags og atvinnuvega almennt má gera ráð fyrir áframhaldandi vexti þjónustugreina. Þó kann fjölgun starfa í opinberri þjónustu að verða hægari en verið hefur undanfarin ár þar sem áhersla á aðhald og sparnað í opinberum rekstri er æ ríkari.

Þróun í átt til aukins vægis þjónustugreina ásamt því markmiði aðalskipulagsins að Akureyri verði eflað sem miðstöð menntunar, menningar, verslunar og þjónustu í landsfjórðungnum kallar á að skipulag atvinnusvæða miði í auknum mæli við þjónustugreinar. Einhver hluti þeirrar starfsemi á best heima í miðbæ eða á miðsvæðum og er því ástæða til nýta þessa þróun til að styrkja miðbæinn og skapa bæjarhlutum sterka miðkjarna, t.d. í Naustahverfi og norðan Glerár.

Vöxtur í þjónustugreinum gæti enn fremur þýtt að gera megi ráð fyrir meiri blöndun íbúðabygðar og atvinnustarfsemi en hefur verið gert síðustu áratugi þar sem neikvæð áhrif ýmiss konar þjónustustarfsemi á íbúðabygð gætu verið minni en áhrif dæmigerðrar iðnaðarstarfsemi.

Í Naustahverfi er gert ráð fyrir þjónustustarfsemi sem getur verið í nálægð og nánum tengslum við íbúðabygð og myndað kjarna hennar. Þannig er afmarkað miðhverfi eftir endilöngu svæðinu og auk þess er gefinn kostur á atvinnustarfsemi austast á svæðinu, annað hvort sem hluti af íbúðabygð eða aðskilinn frá henni.

- Svæði fyrir verslun- og þjónustu og athafnasvæði verði í góðum tengslum við stofn- og tengibrautir, stígakerfi og almenningssamgöngur á þann veg að gott aðgengi fyrir alla verði tryggt eftir föngum.
- Á verslunar- og þjónustusvæðum verði gert ráð fyrir hvers kyns verslun og þjónustu sem þjónar einstökum bæjarhverfum eða bæjarhlutum, svo og fyrirtækjum á sviðum sem vegna gerðar eða umfangs eiga ekki heima í miðbæ.
- Athafnasvæði verði skilgreind fyrir atvinnustarfsemi, sem vegna fyrirferðar, ónæðis eða umferðar fellur ekki að annarri landnotkun, t.d. verkstæði, léttan iðnað og verslanir með fyrirferðarmikinn varning (t.d. bíla, húsgögn og byggingarvörur). Skilmálar um verslun á slíkum svæðum skulu taka mið af markmiðum um eflingu og uppbyggingu miðbæjar og ákvæðum um verslunar- og þjónustusvæði þannig að ekki verði heimil smásöluverslun á athafnasvæðum sem betur ætti heima í miðbæ eða á svæðum fyrir verslun og þjónustu.
- Starfsemi, sem kann að hafa truflandi áhrif, verði vel skilin frá íbúðabygð og staðsett á skilgreindum iðnaðarsvæðum. Svæði fyrir slíka starfsemi verði fyrst og fremst í Krossaneshaga og á skilgreindu iðnaðarsvæði við Ytra-Krossanes.

2.4.3 Samgöngur

Meginmarkmið: Samgöngur til bæjarins og frá honum, hvort heldur á landi, í lofti eða á sjó, verði greiðar og öruggar. Leita skal leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum bifreiðanotkunar og tryggja greiða og örugga umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda innan bæjar.

Flugsamgöngur

Deilimarkmið: Akureyrarflugvöllur verði efldur sem miðstöð flugsamgangna á Norðurlandi.

Starfsmarkmið

- Flugbraut verði lengd í samræmi við samþykkt deiliskipulag.
- Vinna þarf að gerð göngustíga milli flugvallarins og miðbæjar.

Sjósamgöngur, Akureyrarhöfn

Deilimarkmið: Akureyrarhöfn verði efld sem miðstöð vöruflutninga á sjó á Norðurlandi. Þar verði góð aðstaða fyrir starfsemi tengda sjávarútvegi og aðra hafnsækna starfsemi.

Gatnakerfi

Deilimarkmið: Við skipulag og útfærslu gatnakerfisins skal áhersla lögð á greiðfæra umferð á stofn- og tengibrautum og að hámarka öryggi og vellíðan fólks í umferðinni. Leitað skal leiða til að hægja á vexti bílaumferðar innan bæjar og draga úr þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem fylgja mikilli bifreiðanotkun. Í þeim tilgangi skal byggt upp heilsteypt hjólreiða- og göngustígakerfi og skipulagi nýrra hverfa hagað þannig að það stuðli að minni bílaumferð en ella og styðji við almenningssamgöngur. Vanda skal allan frágang gatna og bifreiðastæða.



Sigurhæðir.

Samgöngukerfi tryggja hagkvæmar leiðir milli staða til að stuðla að lægri ferðakostnaði og minni mengun. Lögð skal áhersla á aðgreiningu mismunandi umferðar og aðrar aðgerðir í íbúðahverfum sem hafi í för með sér lægri ökuhraða og aukið öryggi.⁶

Starfsmarkmið:

Snjómokstur og hálfvagnir

- Við snjómokstur verði unnið samkvæmt eftirfarandi forgangsörðun:
 - 1) Strætisvagnaleiðir og leiðir að fjölmennustu vinnustöðum.
 - 2) Aðrir vinnustaðir og húsagötur með flestar íbúðir.
 - 3) Sérbylishúsagötur.
- Jafnhliða mokstri á götum verði stígar ruddir eftir þessari forgangsörðun:
 - 1) Megin gönguleiðir að og frá stærstu vinnustöðum, miðbæ og skólum.
 - 2) Stofnstígar og tengistígar.
- Þegar ástæða er til verði snjór fjarlægður af miðbæjarsvæði og fjölförnum gatnamótum.
- Forgangsörðun sandburðar vegna hálfu verði eftir halla götu og stíga:
 - 1) Brattar götur og við umferðarljós og gatnamót.
 - 2) Gönguleiðir.
- Við skipulag hverfa, gatna og stíga og allan umhverfisfrágang verði tekið tillit til snjómoksturs og hann auðveldaður eftir því sem kostur er.

Bifreiðastæði

- Þar sem bifreiðastæði í þéttbýli geta tekið mikið landrými og haft þannig óæskileg áhrif á yfirbragð byggðarinnar skal leitast við að koma stæðum fyrir neðanjarðar eða í kjöllum fjölbylishúsa.
- Kannaðar verði leiðir til að auðvelda húseigendum í eldri hverfum, þar sem götur eru þröngar og erfitt að leggja bifreiðum, að gera stæði innan lóða og hvetja þá til þess.
- Í skipulagi nýrra hverfa skal gera ráð fyrir stæðum fyrir stóra bíla og vinnuvélar og leitast skal við að finna svæði í gömlum hverfum sem hentað gætu fyrir þessa notkun.

Umferðaröryggi

- Stefnt er að því að allar íbúðargötur í íbúðarhverfum verði með 30 km/klst hámarkshraða og að íbúðarhverfi verði skilgreind sem svo nefnd 30 km svæði. Breytingu á umferðarhraða skal fylgt eftir með viðeigandi yfirborðsfrágangi og merkingum, m.a. sérstökum yfirborðsfrágangi við gatnamót. Þetta verði jafnframt verklag í gatnaframkvæmdum í nýjum hverfum.
- Gatnamót verði stefnugreind þar sem umferð gefur tilefni til.
- Sett verði upp umferðar- og gangbrautaljós þar sem mikil umferð getur tilefni til.



Hrafnagilsstræti.

⁶ Byggt á Starfsáætlun Tækni- og umhverfisviðs 2005



Hafnarstræti.

Loftmengun

- Mælingar á loftmengun verði reglulegar þannig að ávallt liggi fyrir gögn um ástand og þróun sem hægt sé að miða áætlanir og framkvæmdir við.
- Unninn verði kynningarbæklingur um núverandi og fyrirhugaða stíga og helstu hjólaleiðir og honum dreift í öll hús.

Hljóðvist

- Fylgst verði með nýjungum og rannsóknum sem stuðlað gætu að minni notkun nagladekkja en nú er og þær kynntar fyrir íbúum.
- Hljóðvist í bænum verði kortlögð og viðeigandi stefna og framkvæmdaáætlun mótuð á grundvelli þeirra gagna.
- Við hönnun nýbygginga nálægt umferðaræðum sé stuðlað að góðri hljóðvist með innra skipulagi og hljóðeinangrun.

Útlit og yfirbragð umferðarmannvirkja

- Hönnun og frágangur gatna og bifreiðastæða taki mið af fagurfræðilegum sjónarmiðum.
- Gróðursetningu meðfram stofn-, tengi- og safnbrautum verði fram haldið.
- Frágangur göturýma og bifreiðastæða í Miðbæ og Innbæ verði sérstaklega vandaður.

Mat á áhrifum gatnaframkvæmda á umhverfi

- Miðað verði við að aðferðafræði mats á umhverfisáhrifum verði beitt við hönnun umferðarmannvirkja, óháð því hvort framkvæmd telst matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða ekki.

Stígakerfi

Deilimarkmið: Byggt skal upp heilsteypt stígakerfi sem sé greiðfært og öruggt að vetri sem sumri þannig að hjólreiðar og göngur verði auðveldur fararmáti. Stígakerfið innan og utan bæjar verði kynnt sérstaklega og almenningur hvattur til að nýta möguleika þess.

Starfsmarkmið:

- Gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu stígakerfis á grundvelli aðalskipulags og deiliskipulags einstakra svæða.
- Unnið verði að því að stofnstíganetið geti gegnt hlutverki sínu öllum árstímum.
- Göngu- og reiðhjólaleiðir um bæjarlandið verði kynntar fyrir bæjarbúum með dreifingu korts.
- Þar sem stofnstígakerfið og gatnakerfið skerast verði gert ráð fyrir aðgerðum sem miði að auknu öryggi vegfarenda.

Almenningssamgöngur

Deilimarkmið: Landnotkun, þéttleiki og hönnun gatnakerfis nýrra hverfa taki mið af að almenningssamgöngur geti gegnt stærra hlutverki í umferð framtíðarinnar en nú er.

Almenningur eigi kost á að ferðast milli staða á öruggan og hagkvæman hátt.⁷

Starfsmarkmið:

- Skipulag, þéttleiki, landnotkun og gatnakerfi í nýjum íbúða- og atvinnuhverfum miðist við að hægt verði að veita þar aðlaðandi og skilvirka almenningssvagnþjónustu.
- Umhverfi fótgangandi fólks að og frá biðstöð og á biðstöð verði gert aðlaðandi og öruggt. Haldið verði áfram frágangi biðstöðva með vönduðum biðskýlum.

2.4.4 Veitur

Meginmarkmið: Veitukerfi þjóni íbúum og atvinnulífi á vistvænan og hagkvæman hátt.

Hita- og vatnsveita

Deilimarkmið: Tryggt verði nægt vatn til neyslu, hitunar og iðnaðarnota á sem hagkvæmastan hátt.

Starfsmarkmið:

- Allar hugmyndir um mannvirki uppi á Hlíðarfjalli og í Glerárdal skal gaumgæfa vel áður en þau yrðu leyfð. Tryggja þarf að núverandi og hugsanleg vatnsöflunarsvæði bíði ekki skaða og að önnur náttúruspjöll hljóttist ekki af.

Rafveita Akureyrar

Deilimarkmið: Tryggð verði næg og örugg raforka til einkaneyslu og iðnaðarnota á sem hagkvæmastan hátt. Séð verði fyrir vandaðri og hagkvæmri almennri götulýsingu í bænum og tekið mið af umhverfi á hverjum stað við val á búnaði.


Starfsmarkmið:

- Akureyrarbær leggur áherslu á að línur verði lagðar í jörð þar sem mögulegt er.
- Vönduð og viðeigandi lýsing verði á götum, stígum og torgum.



Glerárvirkjun hin nýja á opunardegri 27. ágúst 2005.

⁷ Starfsáætlun Tækni- og umhverfissviðs 2005



Fráveita

Deilimarkmið: Mengun á strandsvæðum við Akureyri verði ávallt innan marka sem skilgreind eru í mengunarvarnareglugerð. Í þeim tilgangi verði skólpi dælt að hreinsivirki í Sandgerðisbót og því veitt í 500 m langa og 40 m djúpa útrás eftir grófhreinsun. Farið verði yfir alla staði sem fráveitukerfi bæjarins nær ekki til og úrbætur gerðar þar sem ástæða er til.

2.5. PÉTTING BYGGÐAR

Stefnt er að því að nýta óbyggt svæði innan núverandi byggðar undir íbúðarbyggð eftir því sem kostur er. Fyrst og fremst er litið til svæða, sem ekki eru í notkun, og svæða sem þjóna ekki lengur upphaflegu hlutverki sínu á viðunandi hátt eða þarfnast endurnýjunar og endurbýggingar. Með nýtingu slíkra svæða til íbúðarbyggðar verða þjónustukerfi bæjarins betur nýtt, bæði gatnakerfi, lagnir og stofnanir. Enn fremur má nýta uppbyggingu þessara reita til þess að bæta skörðotta og víða gisna bæjarmynd og auka gæði umhverfisins, bæði hvað snertir bæjarmynd og veðurfar.

Meginviðfangsefni í þessu samhengi verður uppbygging og endurlífgun miðbæjarins, m.a. með aukinni íbúðarbyggð þar. Um þann þátt er sérstaklega fjallað í 3. kafla. Ný uppbyggingarsvæði innan núverandi byggðar og í jafri hennar eru tilgreind í eftirfarandi töflu.

Sett er fram stefna eða viðmiðun um þéttleika byggðar þar sem ástæða er til. Hér er það ýmist gert með fjölda íbúða á hvern hektara lands (íb/ha; ha=100x100m=10.000m²) eða áætluðum íbúðafjölda og húsgæði. Nýtingarhlutfall einstakra lóða skal ákvarðað í deiliskipulagi. Þéttleiki svæða, íb/ha, á við brúttóflatarmál reita að miðlínnum aðliggjandi gatna.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.24.11 Íb/S ⁸	2,0	Þétting byggðar við Vestursíðu	Óbyggt.	Ný byggð sérbylishúsa og/eða stofnana, sem falla vel að íbúðarbyggð. Uppbygging og þéttleiki skv. deiliskipulagi.
1.31.9 Íb	2,1	Þétting byggðar við Miðholt	Opið, óbyggt svæði, hluti þess nýttur sem leiksvæði	Ný íbúðarbyggð, þéttleiki a.m.k. 20 íb/ha
1.32.4 Íb	1,2	Þétting byggðar við Krossanesbraut 1	Opið óbyggt svæði í ASAK 98	Ný íbúðarbyggð, þéttleiki 10-20 íb/ha
1.32.5 Íb ⁹	2,0	Þétting byggðar við Krossanesbraut 2	Opið óbyggt svæði í ASAK 98	Ný íbúðarbyggð, þéttleiki 10-20 íb/ha
1.32.6 Íb	2,5	Þétting byggðar við Krossanesbraut 3	Opið óbyggt svæði í ASAK 98	Ný íbúðarbyggð, þéttleiki 10-20 íb/ha
1.33.17 Íb	1,6	Þétting byggðar á Melgerðisás	Opið óbyggt svæði	Þéttleiki 10-25 íb/ha
1.42.9 Íb	1,0	Þétting byggðar við Hlíðarbraut	Opið óbyggt svæði, iðnaðarsvæði	Svæði fyrir námsmannabúðir. Aðkoma frá Hlíðarfjallsvegi. Nýtingarhlutfall 50 íb/ha

⁸ Breyting staðfest 28. janúar 2011

⁹ Breyting staðfest 25. júní 2009

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.11.9 V/Íb	2,9	Glerárgata-Hvannavellir	Verslunar-, skrifstofu- og atvinnuhúsnæði meðfram Glerárgötu. Iðnaðar- og vöru-geymslusvæði við Hvannavelli, að hluta úr sér gengið.	Unnið verði deiliskipulag þar sem gert verði ráð fyrir blandaðri byggð með atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu á jarðhæð og íbúðum á efri hæðum nýbygginga við Hvannavelli. Lágmarksíbúðafjöldi í nýbyggingum um 60.
2.21.2 S/Íb	1,5	Nemendagarðar á Háskólasvæði	Opið óbyggt svæði við jaðar háskólasvæðisins. Óskipulagt.	Blönduð landnotkun, vaxtarsvæði háskólans með möguleika á byggingu námsmannaíbúða.
2.22.3 Íb	4,3	Klettaborg, íbúðarsvæði. Þétting byggðar.	Að hluta eldri byggð en að mestu nýtt hverfi í byggingu skv. deiliskipulagi.	Í byggingu skv. deiliskipulagi. Svæðið stækkað um 2-3 einbýlishúsalóðir.
2.32.6 O/Íb/V	3,1	Þétting byggðar á núv. íþróttavelli Akureyrarbæjar	Á svæðinu er nú aðalíþróttaleikvangur Akureyringa.	Unnið verði deiliskipulag í samræmi við markmið um uppbyggingu og eflingu miðbæjarins. Gert verði ráð fyrir almennu útivistarsvæði, íbúðarbyggð, verslun og þjónustu. Þéttleiki byggðar verður ákvarðaður í deiliskipulagi. Akureyrarvöllur verður ekki tekinn úr notkun fyrr en samkomulag liggur fyrir við íþróttafélögin um uppbyggingu félagssvæða þeirra.
2.41.1-4 M	18	Miðbær	Blönduð byggð gamalla og nýrra húsa, íbúðir og fjölbreytt miðbæjarstarfsemi. Bílastæði á óbyggðum svæðum á austurjaðri.	Sjá 3. kafla
2.51.6 Íb	0,9	Viðjulundur	Athafnasvæði í ASAK98, nýtt fyrir verslun og þjónustu.	Unnið verði deiliskipulag nýrrar íbúðarbyggðar. Miðað verði við þetta en lága íbúðarbyggð, raðhús og/eða lítil fjölbýlishús.
2.51.7 Íb	2,8	Þétting byggðar. Stækkun Lundarhverfis	Stækkun íbúðarhverfis að götustæði Miðhúsabrautar.	Þéttleiki 10-25 íb/ha

3. MIÐBÆRINN

ATH: 3. kafli var endurskoðaður í heild í tengslum við gerð deiliskipulags miðbæjarins. Talsverðar breytingar voru gerðar á greinargerðartexta, bæði með niðurfellingum og nýjum og endurskoðuðum ákvæðum. Svæðaskipting var enn fremur endurskoðuð. Ekki er gerð grein fyrir einstökum breytingum í þessari útgáfu og vísast í staðfest breytingarblað þar sem gerð er skilmerkileg grein fyrir öllum breytingum. Endurskoðunin var unnin af Landslagi ehf. landslagsarkitektum.¹⁰

Framtíðarsýn

Skipulag miðbæjar Akureyrar endurspeglar ásetning bæjaryfirvalda að miðbærinn verði þungamiðja mannlífs og menningar á Akureyri, sem og á Norðurlandi öllu. Byggingar í miðbænum mynda aðlaðandi borgarumhverfi og bæjarrými sem einkennast af góðri byggingarlist þar sem tekið er tillit til minja og sögu, landslags og nálægðar við sjóinn. Þar er helsti vettvangur samverustunda og hátíðahalda bæjarbúa.



¹⁰ Breyting staðfest 22. maí 2014.

3.1. INNGANGUR

Aðdraganda þess að Akureyrarbær ákvað að leggja sérstaklega áherslu á miðbæinn við endurskoðun aðalskipulagsins 2005 má rekja til niðurstaðna íbúafings og hugmyndasamkeppni sem haldin voru veturinn 2004-2005 á vegum sjálfseignarstofnunarinnar „Akureyri í öndvegi“.

Árið 2004 tóku sig saman 12 fyrirtæki og stofnuðu sjálfseignarstofnunina „Akureyri í öndvegi“ til þess að endurlífga miðbæ Akureyrar og styrkja hann sem miðpunkt menningar og viðskipta á Norðurlandi. Ákveðið var að halda alþjóðlega hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjarins. Talið var mikilvægt að forsendur keppinnar væru í samræmi við hug íbúa til að tryggja að afrakstur hennar yrði bæjarbúum að skapi. Í þeim tilgangi var haldið íbúafing um möguleika á þróun miðbæjarins haustið 2004 og í kjölfar þess boðað til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjarins. Skilaboð íbúafingsins komu sterkt fram í keppnislýsingu hugmyndasamkeppinnar.

Alls barst 151 framlag til keppinnar. Dórnefnd veitti fjórum tillögum verðlaun og keypti auk þess tvær. Hún leitaðist við að draga fram þær tillögur sem voru sterkastur efniviður í nýja framtíðarsýn fyrir miðbæ Akureyrar. Hún taldi að flétta ætti saman áhugaverðustu atriðin úr bestu tillögunum við mótnun framtíðarskipulags fyrir miðbæ Akureyrar. Dórnefnd skipuðu Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, formaður, Hlín Sverrisdóttir skipulagsfræðingur og landslagsarkitekt, Þorvaldur Þorsteinsson myndlistarmaður og rithöfundur, Pétur H. Ármannsson arkitekt og Árni Ólafsson arkitekt. Ritari dórnefndar var Árni Geirsson verkfræðingur.

Meginhugmynd tillögunnar, sem sigraði, voru aukin tengsl miðbæjar við hafið með síki inn í uppfyllinguna á Torfunefi og efling mannlífs í miðbænum. Tillagan lagði áherslu á uppbyggingu á tiltölulega afmörkuðu svæði við hjarta miðbæjarins. Einnig var áhersla lögð á bættar tengingar miðbæjar við aðra hluta bæjarins.


Í tillögunni, sem hlaut önnur verðlaun, var að mati dórnefndar vel unnið úr markmiðum um lifandi miðbæ með fjölbreyttri starfsemi og sýnt fram á möguleika á þéttingu byggðar. Dórnefnd taldi tillöguna einkennast af góðu jafnvægi á milli verndunar og uppbyggingar og að hún væri jafnframt mótuð af virðingu fyrir ásýnd bæjarins og skipulagslegum einkennum hans.

Tvær tillögur hlutu þriðju verðlaun. Önnur lagði áherslu á þéttingu byggðar í miðbænum og var styrkur hennar einkum talinn liggja í mælikvarða nýrrar byggðar og einstökum útfærslum, svo sem í stækkun Eiðsvallar, útfærslu ráðhúss, bílastæði í Grófargili, bættum göngutengslum og hugmynd um tjarnir innan Drottingarbrautar til að tengja byggðina við hafið. Hin tillagan var valin sem fulltrúi tillagna sem lögðu áherslu á nýja, samfellda randbyggð meðfram Glerárgötu og Drottingarbraut að vestan.

Að fengnum niðurstöðum, vorið 2005, var Akureyrarbæ afhentur allur afrakstur keppinnar og réttur til að hagnýta hann. Akureyrarbær skipaði sérstakan stýrihóp vorið 2005 og var honum falið að hafa umsjón með úrvinnslu þeirra tillagna sem fram komu í hugmyndasamkeppninni. Stýrihópurinn var skipaður Kristjáni Þór Júlíussyni bæjarstjóra sem var formaður hópsins, Guðmundi Jóhannssyni formanni umhverfisráðs, Péttri H. Ármannssyni arkitekt og Halldóru Hreggviðsdóttur verkfræðingi sem var jafnframt verkefnisstjóri. Akureyrarbær réð Alta ehf. til að vinna með hópnum að gerð skipulagstillagna og hafði Ásdís Hlökk Theodórsdóttir skipulagsfræðingur umsjón með skipulagsvinnunni. Með



Hugmyndasamkeppni Akureyrar í öndvegi: 1. verðlaun, Graeme Massie.



Hugmyndasamkeppni Akureyrar í öndvegi: 2. verðlaun, Juliusz Dudniczek, Magdalena Kalinowska, Karolina Skalska, Ewa Wielinska.



Hugmyndasamkeppni Akureyrar í öndvegi: 3. verðlaun, Arno Lederer, Jórum Ragnarsdóttir, Marc Oei, Pia Elser, Markus Schwarzbach.



Hugmyndasamkeppni Akureyrar í öndvegi: 3. verðlaun, Rose Bonner, Paul Fox, David Jameson.

stýrihópnum hafa einnig starfað af hálfu Akureyrarbæjar Ármann Jóhannesson sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs, Pétur Bolli Jóhannesson deildarstjóri umhverfiseildar og Inga Þóll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

Stýrihópurinn lagði við upphaf starfs síns eftirfarandi áherslur til grundvallar skipulagsvinnunni að höfðu samráði við dómnefnd hugmyndasamkeppinnar:

- Milli Gránufélagsgötu og Kaupvangsstrætis yrði fyrst og fremst byggt á hugmyndum settum fram í tillögu Graeme Massie sem hlaut 1. verðlaun. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir síki frá Pollinum inn að Hafnarstræti á mótí Skátagili. Þar er einnig gengið út frá því að yfirbragð Glerárgötunnar um miðbæinn breytist. Byggð er þétt með því að byggja á reitum þar sem nú eru bílastæði eða svigrúm gefst af öðrum ástæðum, s.s. við Skipagötu og á Sjallareit. Að auki er gert ráð fyrir byggingum austan Glerárgötu þar sem smábátalægi við Torfunefsbyggju er nú. Tillaga Graeme Massie gerir jafnframt ráð fyrir uppbyggingu stórmarkaðar á Sjallareitnum.
- Sunnan Kaupvangsstrætis yrði fyrst og fremst byggt á hugmyndum settum fram í tillögu Dudniczek, Kalinowska, Skalska og Wielinska sem hlaut 2. verðlaun og tillögu Bonner, Fox og Jameson sem hlaut 3. verðlaun. Í þeim er gert ráð fyrir íbúðarbyggð í fjölbýli meðfram Drottningarbraut út að Austurbrú. Meðfram byggðinni verði tenging miðbæjar við Innbæinn. Sunnan þessarar byggðar verði grænt svæði sem tengist Innbænum.
- Norðan Gránufélagsgötu yrði einnig fyrst og fremst byggt á hugmyndum settum fram í tillögu Dudniczek, Kalinowska, Skalska og Wielinska sem hlaut 2. verðlaun og tillögu Bonner, Fox og Jameson sem hlaut 3. verðlaun. Í þeim er gert ráð fyrir íbúðarbyggð í fjölbýli meðfram Glerárgötu frá miðbænum til norðurs, þannig að yfirbragð götunnar breytist frá því sem nú er. Vestan nýrrar íbúðarbyggðar meðfram Glerárgötu verði opið svæði sem teygi sig meðfram brekkunni.
- Megináhersla í skipulagsvinnunni yrði lögð á uppbyggingu og eflingu í og nærri sjálfum miðbæjarkjarnanum. Því yrði minni áhersla lögð á svæði syðst á Oddeyri þó að það hafi verið hluti af því svæði sem þátttakendum í hugmyndasamkeppninni var falið að gera tillögur um enda megi gera ráð fyrir því að þar verði byggt síðar en á áður nefndum svæðum.

Stefna aðalskipulagsins um miðbæjarsvæðið er sett fram í köflum 3.3 og 3.4. Í kafla 3.5 er sett fram stefna um jaðarsvæði miðbæjarins, þ.e. svæðin norðan, sunnan og austan miðbæjarsvæðisins sem fjallað var um í hugmyndasamkeppni Akureyrar í öndvegi.

Þemauppdrættir og yfirlitsmynd um hugsanlega uppbyggingu í 3. kafla eru eingöngu sett fram til skýringar en ekki sem bindandi, staðfest útfærsla aðalskipulagsins.

Haldið var áfram að þróa vinningstillöguna í samstarfi bæjaryfirvalda og Alta ehf. á árunum 2008 - 2009 og var útkoman úr því tillaga að deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar, austurhluta. Í febrúar 2010 var tillaga að deiliskipulagi sett í lög bundið auglýsingar- og kynningarferli og barst töluverður fjöldi athugasemda.

Helstu athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar árið 2010 voru eftirfarandi:

- Almennt á mótí síki.
- Of há hús, of mikið skuggavarp.

- Of fá bílastæði, bílastæðamál óleyst.
- Of mikill kostnaður.
- Of mikil þétting, of mikið byggingarmagn.
- Halda í Torfunefsbyggju.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir austurhluta miðbæjar Akureyrar var ekki samþykkt af bæjaryfirvöldum fyrir bæjarstjórnarkosningar í maí 2010.

Nýr meirihluti tók til starfa að loknum bæjarstjórnarkosningum vorið 2010 og vinna við deiliskipulag fyrir miðbæ Akureyrar var sett í bið, m.a. vegna þeirra athugasemda sem gerðar voru við auglýsta tillögu.

Síðla hausts 2012 hófst að nýju undirbúningsvinna vegna endurskoðunar deiliskipulags fyrir miðbæ Akureyrar með stofnun miðbæjarnefndar sem hefur umsjón með deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar. Ákveðið var að hafa þá tillögu að deiliskipulagi sem auglýst var í ársbyrjun 2010 til hliðsjónar við vinnu við nýtt deiliskipulag en að nýta þá tillögu ekki með beinum hætti. Í vinnu við deiliskipulag miðbæjar Akureyrar mun tillit vera tekið til þeirra athugasemda sem fram komu við áður auglýsta tillögu fyrir miðbæ Akureyrar.

Ákveðið var að stækka skipulagssvæðið til muna frá þeirri tillögu sem auglýst var 2010 og láta mörkin ná yfir það deiliskipulag sem í gildi er fyrir miðbæinn og nærsvæði frá árinu 1981.

3.2. MIÐBÆRINN - FOSENDUR

Afmörkun miðbæjarsvæðisins

Í þessu aðalskipulagi hefur afmörkun miðbæjarsvæðisins verið endurskoðuð og breytt lítillega frá fyrra aðalskipulagi. Við afmörkun miðbæjarinnar hefur verið haft að leiðarljósi að skilgreina miðbæjarsvæðið tiltölulega þröngt þannig að meginþungi miðbæjarstarfsemi beinist að skýrt afmörkuðu svæði í og umhverfis sjálfan miðbæjarkjarnann.

Byggð og landnotkun

Miðbær Akureyrar einkennist af tiltölulega lágreistri byggð. Í sjálfum miðbæjarkjarnanum, þ.e. við Ráðhústorg, Hafnarstræti og nærliggjandi götur, einkennist byggðin af samfelldum húsaröðum með fram götum, gjarnan 3-4ra hæða en fer hæst í 6 hæðir. Á jörðum miðbæjarsvæðisins til suðurs og norðurs einkennist byggðin fremur af stakstæðum lægri byggingum.

Í miðbænum er nokkuð um óbyggðar lóðir og víða þarfnast bæjarmyndin þess að vera styrkt og skýrð, þótt byggðarmynstur miðbæjarinnar hafi í heild mjög ákveðin einkenni, sem vert er að ganga út frá og styrkja.

Í miðbænum er blönduð landnotkun verslunar, þjónustu og íbúðarbyggðar, þar sem hlutur íbúðarbyggðar er þó tiltölulega lítill. Þar er að finna fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi, s.s. ýmsa valvöruverslun, banka, hótél og gistiheimili, veitingahús, kvikmyndahús, sýningarsali og söfn.


Verndun húsa og götumynda

Í miðbæ Akureyrar er gróin byggð húsa frá ýmsum tímabilum. Ekki hefur verið unnin formleg húsakönnun og lagt mat á varðveislugildi húsa í miðbænum nema úttekt Þorsteins Gunnarssonar frá árinu 1979 (Hörður Ágústsson, 2000). Niðurstöður hennar voru að eftirfarandi hús við Hafnarstræti, Brekkugötu og Laxagötu hafi varðveislugildi: Hafnarstræti 94, 96 og 100b ásamt „Hafnarstræti við Torfunef“, einkum suðurhlíð Hafnarstrætis 86b, Brekkugata 11, 13 og 15 og húsaröð við Laxagötu sem mikilsverð heild timburhúsa frá árunum 1929–1935.

Sigurhæðir, Eyrarlandsvegi 3, er eina húsið í miðbænum sem er friðað skv. lögum um húsafriðun. Það er reist árið 1903 og er friðað í B-flokki, m.a. vegna menningarsögulegs gildis.

Í aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 var lagt til að ein götumynd innan miðbæjarinnar, Strandgata 7-13, yrði hverfisvernduð sem hluti af stærri heild. Húsaröðin við Strandgötu er talin hafa menningarsögulegt og umhverfislegt gildi fyrir Akureyri (Gerður Guðný Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1995).

Í miðbænum eru eftirtalin hús reist fyrir 1918 og lúta því ákvæðum laga um húsafriðun um umsögn húsafriðunarnefndar ríkisins vegna framkvæmda: Brekkugata 1a, 3, 5, 5b, 7a, 7/7b, 11, 12, 13 og 15, Glerárgata 1 og 5, Gránufélagsgata 7, Hafnarstræti 86, 88, 90, 92, 94, 96, 106 og 107b, Kaupvangsstræti 6 og Strandgata 7, 9, 11, 11b og 13 (Fasteignamat ríkisins, 2005).



--- Afmörkun miðbæjar skv. aðalskipulagi 1998 --- Afmörkun miðbæjar skv. aðalskipulagi 2005



○ Ein hæð ● Tvær hæðir ● Þrjár hæðir ● Fjórar hæðir
● Fimm hæðir ● Sex hæðir --- Afmörkun miðbæjar

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð.¹¹

Sjá uppdrátt af verndun húsa og götumynda í kafla 3.3 Aðlaðandi byggð.

Samgöngur og bílastæði

Glerárgata/Drottningarbraut liggur að miðbæjarsvæðinu og um það. Hún þjónar bæði þjóðvegaumferð, sem á leið gegnum Akureyri, og umferð milli miðbæjar og annarra bæjarhluta. Allar götur miðbæjarins eru opnar fyrir bílaumferð, ýmist tvístefnu- eða einstefnugötur en áður hefur hluti Hafnarstrætis verið skilgreindur sem göngugata án bílaumferðar.

Í miðbænum er talsverður fjöldi bílastæða. Með fram Glerárgötu og Drottningarbraut eru stór bílastæði á vegum Akureyrarbæjar, auk stæða á fyllingu við Torfunef, við Hólabraut og götustæða með fram akbrautum. Þá er nokkur fjöldi bílastæða á einkalóðum. Óverulegur hluti bílastæða í miðbænum er í bílastæðakjöllurum.


Skiptistöð strætisvagna og aðstaða leigubíla er við Hofsbót en aðstaða langferðabíla við Hafnarstræti/Austurbrú.

Göturými, gróður og opin svæði

Engin almenn garðsvæði eru innan sjálfs miðbæjarins ef frá er talinn neðsti hluti Skátagils, en inn að honum ganga grænir geirar. Skátagilið opnast niður í Hafnarstrætið frá vestri. Við norðurmörk miðbæjarsvæðisins er Akureyrarvöllur og sunnan þess er opið óbyggt svæði milli Austurbrúar og Suðurbrúar.

Með fram Drottningarbraut og Glerárgötu er trjábelti. Einnig eru nokkur götutré og blómaker í göturýmum á miðbæjarsvæðinu, einkum á Ráðhústorgi, í Hafnarstræti og á bílastæðum með fram Glerárgötu og Drottningarbraut. Þá er einhver gróður á einstökum lóðum á miðbæjarsvæðinu, sérstaklega til jaðrana til suðurs og norðurs.

Ekki hefur verið unnið heildstætt skipulag um útlit og yfirborð göturýma og götugögn í miðbænum.



¹¹ Auk þess voru nokkur hús í miðbænum friðuð af menntamálaráðherra 2007.



3.3. MIÐBÆRINN – STEFNA

Aðlaðandi byggð

Stefna

Efla skal sérkenni sjónræns yfirbragðs og byggðarmynsturs miðbæjar Akureyrar, en þau eru fólgin í hæð, byggingarstíl og fyrirkomulagi húsa.

- Við þéttingu og endurnýjun byggðar í miðbænum verði mynduð heilleg, aðlaðandi götmynd og samfelldar húsaðir með fram götu eftir því sem aðstæður leyfa. Þannig afmarki húsaðir heil og skjólsæl rými. Það á sérstaklega við kjarna miðbæjarins.
- Hæð húsa taki mið af því að takmarka skuggavarp og halda þeim stærðarhlutföllum sem hefð er fyrir í miðbænum. Þannig er almennt gert ráð fyrir að húshæð í miðbæjarkjarnanum takmarkist við 4 hæðir., en einstakar byggingar geta verið 5 hæðir.
- Húsagerð bjóði upp á fjölbreytta notkun og starfsemi.

Efla skal byggð í miðbænum í því skyni að gera bæjarmynd miðbæjarkjarnans heilsteyptari en hún er nú. Uppbyggingu verði eftir föngum beint í miðbæjarkjarnann til að stuðla að því að markmiðum um eflingu miðbæjarins sem þungamiðju mannlífs, menningar, verslunar og þjónustu verði náð.

- Byggt verði á óbyggðum reitum með fram Glerárgötu, milli Kaupvangsstrætis og Strandgötu, auk möguleika á viðbyggingum og endurbyggingum á öðrum reitum í miðbænum, m.a. á Sjallareit. Varðveita ber þær byggingar og götmyndir sem vegna aldurs, sögu eða byggingarstíls þykja hafa sérstakt gildi og vera mikilvægar fyrir byggðarmynstur, yfirbragð og sérkenni miðbæjarins.


- Eftirtalin hús og götmyndir njóti hverfisverndar: Hafnarstræti 86-96, Strandgata 4 framhlið og Strandgata 7-13. Eyrarlandsvegur 3 er friðaður samkvæmt lögum um húsafríðun.
- Hverfisvernd framantalinna húsa og götmynda felist í því að almennt séu ekki gerðar breytingar á ytra byrði þeirra og umgjörð lóða nema í því skyni að færa þau í átt að upprunalegri mynd. Allar breytingar á húsunum og lóðum virði byggingarstíl og hlutföll húsanna og götmyndar og séu unnar í samráði við húsafríðunarnefnd ríkisins.

Við nýbyggingar og viðhald gamallar byggðar skal stefnt að aðlaðandi bæjarmynd og heilsteyptu yfirbragði miðbæjarins.

- Tryggð verði gæði í byggingarlist og skipulagshönnun, sbr. starfsmarkmið um hönnun bygginga í kafla 2.2 og byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar.
- Lögð verði áhersla á vandað líta- og efnisval og frágang í nýbyggingum og endurbyggingum, sbr. stefnu um gerð leiðbeininga um líta- og efnisval.

Framkvæmd stefnunnar

Stefna aðalskipulagsins um yfirbragð byggðar og byggðarmynstur í miðbænum er nánar sýnd í deiliskipulagsrömmum fyrir einstaka götureiti í kafla 3.4. Deiliskipulagsrammarnir fela í sér leiðbeiningar um byggðarmynstur og landnotkun sem ber að leggja til grundvallar við deiliskipulagningu einstakra reita innan miðbæjarins.



Áhrif stefnunnar

Miðbær Akureyrar og helstu einkenni hans munu styrkjast til muna með því að halda við yfirbragði og byggðarmynstri hans við frekari uppbyggingu. Þannig öðlast hann aukið líf og gildi fyrir heimamenn og gesti. Jafnframt gera tvö meginéinkenni bæjarmyndarinnar, þ.e. samfelldar húsaðir með götu og takmörkuð húshæð, það að verkum að auðveldara verður að skapa skjólsæl og sólrík rými en það var eitt af þeim atriðum sem lögð var sérstök áhersla á, á íbúðarþingi um miðbæinn haustið 2004.

Stefna um takmörkun húshæðar byggist á að halda samræmi við þá hefð sem skapast hefur í byggðarmynstri og útlínunum eða sjónarrönd miðbæjarins og halda þannig í ásýnd hans gagnvart aðkomuleiðum í bæinn, Brekkunni og umgjörð fjalla og hafs.

Byggðarmynstur og fyrirkomulag byggðar er nýtt til að skapa aðstæður fyrir fjölbreytta landnotkun miðbæjarsvæðis og vettvang mannlífs, menningar og þjónustu. Um leið og hæð og hlutföll byggðar í miðbænum eru virt er sett fram stefna um verulega aukna byggð í miðbæjarkjarnanum tila að stuðla að því að íbúum í miðbænum fjölgi verulega og að verslunar- og þjónustustarfsemi í miðbænum verði búnar betri aðstæður en nú er.

Með uppbyggingu reita austan Skipagötu og þéttingu byggðar innan miðbæjarins er heildaryfirbragð byggðarinnar í miðbænum skerpt. Þétting byggðar þar styður einnig stefnu aðalskipulagsins um hagkvæma uppbyggingu bæjarfélagsins.

Fjölbreytt landnotkun


Stefna

Styrkja skal stöðu miðbæjar Akureyrar sem hjarta bæjarlífsins og þungamiðju verslunar og þjónustu á Norðurlandi þannig að fólk eigi erindi í miðbæinn, staldri þar við og líði vel.

- Í miðbænum verði blönduð byggð íbúða, verslunar, þjónustu og stofnana.
- Menningarviðburðir og önnur afþreying í miðbænum verði eflað, m.a. í tengslum við nýtt menningarhús í því skyni að starfsemi í miðbænum verði fjölbreytt og miðbærinn lifandi allan ársins hring á hefðbundnum þjónustutíma verslana og utan hans.
- Húsnæði á götuhæðum í miðbænum verði almennt nýtt fyrir verslun og þjónustustarfsemi með bein tengsl út á götu. Almennt verði forðast að götuhliðar húsa við helstu götur miðbæjarins verði lífvana (t.d. með gluggalausum veggjum á jarðhæð).
- Húsnæði á efri hæðum verði, eftir því sem við getur átt, nýtt fyrir íbúðir eða skrifstofur og þjónustustarfsemi.
- Á jaðarsvæðum innan miðbæjarins til suðurs og norðurs verði fyrst og fremst gert ráð fyrir íbúðarbyggð.

Framkvæmd stefnunnar


Stefna aðalskipulagsins um landnotkun í miðbænum er nánar sýnd í deiliskipulagsrömmum fyrir einstök svæði í kafla 3.4. Deiliskipulagsrömmarnir fela í sér leiðbeinandi ákvæði um byggðarmynstur og landnotkun og leggja þau til grundvallar við deiliskipulag einstakra svæða.



Roof top
(2 Levels):
Car Parking (300 cars)

Ground:
Retail &
Administration (4000 sqm)

Basement:
Deliveries &
Storage



Hugmynd í verðlaunatillögu Graeme Massie um hugsanlegt fyrirkomulag stórmarkaðs á Sjallareit.

Með stefnu aðalskipulagsins er lagður grundvöllur að fjölgun íbúða í miðbænum auknu verslunar- og þjónustuhúsnæði á götuhæð og aukningu atvinnuhúsnæðis í miðbænum.

Í aðalskipulaginu er sett fram skýrari stefna um staðarval verslunar en í fyrra aðalskipulagi í því skyni að miðbær Akureyrar eflist og staðsetning mismunandi tegunda verslana þjóni bæjarbúum og gestum sem best. Sjá nánar í kafla 2.4 og 4.

Auk þess að framfylgja stefnu aðalskipulagsins með deiliskipulagi fyrir einstaka reiti mun Akureyrarbær kynna þróunarmöguleika í miðbænum í því skyni að laða að fjárfestingar og starfsemi. Einnig verði hugað að gerð áætlunar um að tengja saman menningarviðburði og kynningarstarfsemi miðbæjarins í samvinnu við aðila í ferðaþjónustu og á sviði menningar og lista.

Áhrif stefnunnar

Gert er ráð fyrir verulegri aukningu á íbúðarhúsnæði í miðbænum. Íbúðarbyggð í miðbænum styrkir verslun og viðskipti þar, glæðir miðbæinn lífi utan þjónustutíma verslana og skrifstofa og tryggir betur en nú er öryggi vegfarenda og fasteigna.

Verslun og þjónusta á götuhæðum tryggir lifandi og fjölbreyttar götuhliðar bygginga og glæðir miðbæinn lífi og sál. Skrifstofu- og þjónustustarfsemi styrkir aðra starfsemi á svæðinu og nýtur góðs af nálægð við verslanir, veitingastaði og íbúðir.

Ný og blönduð byggð í miðbænum með verulegum hlut íbúða gefur Akureyringum kost á að búa og sækja vinnu og verslun, þjónustu og afþreyingu innan göngufæris.

Góð matvöruverslun í kjarna miðbæjarins í nánnum tengslum við aðrar verslanir og þjónustu styður íbúðarbyggð í miðbænum og verður aðdráttarafli fyrir gesti og aðra verslun og þjónustu og stuðlar þannig að því að efla miðbæinn sem vettvang verslunar, atvinnustarfsemi, búsetu og menningar.

Markviss vinna að skipulagi menningarviðburða og afþreyingar í miðbænum laðar að heimamenn og gesti og getur þannig styrkt Akureyri sem ferðamannabæ og stuðlað að því að lengja ferðamannatímann.

Efling miðbæjarins sem meginvettvangs menningar, verslunar og þjónustu stuðlar að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi, bættum lífsgæðum og lífsskilyrðum bæjarbúa, góðri þjónustu og margþættu menningarstarfi.

Góð tengsl við byggð og náttúru

Stefna

Bæta skal tengsl miðbæjarins við ströndina og sjóinn.

- Tryggðar verði tengingar þvert á Hafnarstræti, Skipagötu og Glerárgötu fyrir gangandi umferð, sem og sjónræn tengsl um miðbæinn til sjávar.

Tryggja skal góðar samgöngur og aðgengi allra ferðamáta við og um miðbæinn.

- Sérstök áhersla verði lögð á eftirtaldar leiðir:
 - o Greiðar leiðir fyrir bílaumferð frá öllum hverfum Akureyrar að og frá miðbænum og þjóðvegaumferð sem fara þarf um Glerárgötu. Gert er ráð fyrir að yfirbragð Glerárgötu breytist á kaflanum frá Kaupvangsstræti að Smáragötu (sjá nánar stefnu um „vistleg göturými og torg“). Við hönnun Glerárgötu verði sérstaklega tekið tillit til að flæði bílaumferðar um götuna sé gott.
 - o Greiðar leiðir og aðstöðu í miðbænum fyrir strætisvagna, langferðabíla og leigubíla.
 - o Göngu- og hjólreiðaleiðir frá öllum hverfum Akureyrar að og frá miðbænum, sérstaklega eftir skilgreindum grænum leiðum, sem og göngu- og hjólreiðaleið sem tengi háskólasvæðið við miðbæinn.
 - o Örugga og góða göngutengingu milli miðbæjar og menningarhúss.
- Bílastæði í miðbænum verði fyrst og fremst í bílgeymslum, innan lóða, í götustæðum og á safnstæðum í jaðri hans. Sjá nánar stefnu um „vistleg göturými og torg“ og deiliskipulagsramma í kafla 3.4.

Tryggja skal tengsl miðbæjar við umhverfi og náttúru með grænum leiðum sem ganga inn að miðbænum frá nærliggjandi byggð og skapa aðlaðandi leiðir að og frá miðbænum.

- Gert er ráð fyrir tengingum grænna leiða, þ.e. garðsvæða með göngu- og hjólreiðaleiðum, gróðri og áningarstöðum:
 - o frá miðbænum til suðurs, meðfram Drottningarbraut og áfram til móts við Innbæinn.
 - o frá miðbænum til vesturs, upp um Skátagil frá Hafnarstræti.
 - o frá miðbænum til norðurs, meðfram Glerárgötu og áfram til móts við verslunarmiðstöð á Glerártorgi.
 - o frá miðbænum til austurs, með fram Strandgötu og ströndinni út til móts við Oddeyartanga.
- Ennfremur er gert ráð fyrir gönguleið með áningarstöðum með fram ströndinni frá suðri, með fram Torfunefi og áfram til austurs út eftir Oddeyri.
- Helstu gönguleiðir verði auðgaðar með listaverkum, fallegum götugögnum og fræðsluskiltum.

Framkvæmd stefnunnar

Deiliskipulag einstakra svæða skal taka mið af stefnu um göturými. Einnig er fyrirhugað að vinna áætlun um göturými þar sem sýnd er hönnun gatna varðandi legu, breidd, efnisnotkun, götugögn, lýsingu, gróður o.þ.h. Fyrirhugað er að vinna framkvæmdaáætlanir um stíga og græna geira sem tengjast miðbænum.



➔ Grænar tengingar út úr miðbæ
----- Afmörkun miðbæjar



Áhrif stefnunnar

Bættar tengingar miðbæjar við nærliggjandi hverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og gönguleið með ströndinni eru beint svar við skilaboðum íbúafingsins haustið 2004.

Vistlegt göturými og torg

Stefna

Göturými og torg í miðbæ Akureyrar eigi þátt í að skapa bæjarmynd sem einkennist af vönduðu, hlýlegu og fallegu umhverfi sem veitir íbúum og gestum vellíðan og ánægju.

- Frágangur yfirborðs götu- og torgrýma, gróður og götugögn (bekkir, götulýsing, sorpílát, merkingar, trjágrindur, ristar o.þ.h.) verði samræmd og sérstakt átak gert í að nýta efnisval, gróður, götugögn og listaverk til að gera götu- og torgrými miðbæjarins sérstök og aðlaðandi.
- Gróður verði nýttur sem víðast í göturýmum og torgum til að skapa hlýleika og skjól.
- Almennt verði leitast við að stærri hluti göturýmisins nýtist fyrir gangandi vegfarendur en nú er.

Tryggja skal öruggar og greiðar samgöngur allra ferðamáta um miðbæinn.

- Glerárgötu verði breytt til að þjóna jafnt íbúum og gestum miðbæjarins og bílaumferð sem leið á um bæinn eða í gegnum bæinn. Breytingin felist í því að yfirbragð götunnar breytist, t.d. með því að þrengja akbrautir, nota mismunandi yfirborðsefni, gróðri og breyttri lýsingu.
- Tryggt verði að nægilega mörg bílastæði séu í miðbænum. Þeim skal komið þannig fyrir að þau dragi sem minnst úr gæðum göturýma og lóða. Almennt verði gert ráð fyrir bílastæðum með fram akbrautum.
- Við hönnun göturýma verði sérstaklega hugað að því að tryggja öruggar leiðir gangandi vegfarenda yfir akbrautir. Sérstaklega á það við um Glerárgötu, við hafnarsvæði og á móts við menningarhúsið.
- Tryggt verði fullnægjandi aðstaða fyrir strætisvagna, leigubíla og langferðabíla í miðbænum.
- Gert er ráð fyrir að miðbæjarsvæðið verði almennt skilgreint sem 30 km svæði.

Göturými og torg í miðbæ Akureyrar verði vettvangur mannfagnaða og menningarviðburða og óformlegur samkomustaður bæjarbúa og gesta jafnt sumar sem vetur.

- Sólrík og skjólsæl svæði verði nýtt fyrir göngu- og dvalarsvæði.
- Hönnun götu- og torgrýma taki mið af veðurfari og því að þau gefi kost á útiveru og viðburðum sumar og vetur. Vetrarnot, sem til greina koma, eru t.d. jólamarkaður og skautasvell.
- Við hönnun götu- og torgrýma verði haft í huga að þau geti gegnt margvíslegum hlutverkum og verið helsti vettvangur samverustunda og hátðahalda bæjarbúa.

Unnið verði að því að nýta ljós og lýsingu til að glæða miðbæinn lífi og sérkennum að vetri.

- Stefnt er að gerð áætlunar um götulýsingu og lýsingu bygginga og athugaðir möguleikar á þematengdri lýsingu miðbæjarins, t.d. um jól eða í sambandi við tiltekna viðburði, í samráði við hagsmunaaðila í miðbænum.



Framkvæmd stefnunnar

Akureyrarbær hyggst standa fyrir gerð skipulags og framkvæmdum við breytingar á Glerárgötu. Þá er fyrirhugað að vinna áætlun um gatnakerfi og endurhönnun gatna og torga í miðbænum í tengslum við reglubundið viðhald og endurnýjun yfirborðs gatna.

Kannað verður hvernig nýta megi lýsingu til að draga fram sérkenni og auka aðdráttarafl miðbæjarins. Athugaðir verða kostir í götulýsingu, lýsingu bygginga og tímabundinni lýsingu tengdri tilteknum árstímum eða viðburðum og með skírskotun til umhverfisins.

Við hönnun göturýma verður haft samráð við þá sem reka strætisvagna, leigubíla og langferðabíla til að tryggja þeim aðstöðu sem þjónar íbúum og gestum miðbæjarins sem best.

Sjá einnig um framkvæmd stefnu um „fjölbreytta landnotkun“ og „góð tengsl við byggð og náttúru“.

Áhrif stefnunnar

Samræmd stefna og átak um götu- og torgrými bæjarins þar sem metnaður er lagður í endingargóð efni og hönnun götugagna, sem falla að byggð og einkennum miðbæjarins og gróðri til að skapa hlýleika og skjól, gegnir mikilvægu hlutverki við að gefa miðbænum það yfirbragð og þau einkenni sem laða að fjárfesta, rekstur, íbúa og gesti.

Hönnun götu- og torgrýma á þann veg að aðstaða sé fyrir mismunandi viðburði og að göngu- og dvalarsvæði snúi vel við sól og skjóli, stuðlar að góðum skilyrðum fyrir mannlíf í miðbænum.

Glerárgata gegnir víðtæku hlutverki. Auk þess að vera þjóðleið gegnum Akureyri er hún ein af meginleiðum innan Akureyrar, milli hverfa sunnan og norðan miðbæjarins. Þá gegnir hún mikilvægu hlutverki sem miðbæjargata en útlit hennar, hönnun og notkun hefur úrslitaáhrif á tengsl miðbæjarins við nýtt menningarhús, ströndina og sjóinn. Gætt verði að því við endurhönnun götunnar að umferðaröryggi og skilvirkni hennar sem umferðaræðar verði tryggt en gert er ráð fyrir að hægja muni á umferð um götuna.

Uppbygging og endurnýjun á miðbæjarsvæði á sér stað á löngum tíma. Af þeim sökum er sérstaklega mikilvægt að gætt sé að því að á hverjum tíma sé gengið frá lóðum og götu- og torgrýmum. Það á bæði við um óbyggðar lóðir og svæði í tímabundinni notkun, sem bíða frekari þróunar.

Sóknarfæri geta legið í því, sem aðdráttarafl fyrir gesti og ferðamenn, að nýta lýsingu opinna rýma og bygginga til að undirstrika einkenni og yfirbragð miðbæjarins, sem og til að vinna með tímabundin þemu sem tengst geta tilteknum viðburðum eða mismunandi árstímum eða fyrirbærum á borð við Norðurljósin.



3.4. MIÐBÆRINN – DEILISKIPULAGSRAMMAR

Almennir deiliskipulagsrammar

Hér er gerð grein fyrir þeim almennu skilyrðum varðandi áherslur og inntak sem aðalskipulagið setur deiliskipulagsgerð einstakra svæða innan miðbæjarsvæðisins um byggðarmynstur, verndun, landnotkun, fyrirkomulag bílastæða, lóðir og göngu- og sjóntengsl. „Almennir deiliskipulagsrammar“ setja skilyrði sem eiga almennt við um deiliskipulagsgerð á öllu miðbæjarsvæðinu. Aftar er síðan fjallað sérstaklega um einstök svæði innan miðbæjarins.



Svæðaskipting sbr. endurskoðuð ákvæði fyrir miðbæ Akureyrar.

Svæði 1, Glerárgata-Strandgata

Svæði 2, Hafnarstræti norður-Ráðhústorg-Skátagil

Svæði 3, Geislagata-Hólbraut (Sjallareitur)

Svæði 4, Íþróttavöllur-Laxagata-Hólbraut

Svæði 5, Brekkugata-Bjarmastígur-Oddagata-Gilsbakkavegur

Svæði 6, Kaupangsstræti (Gilið)

Svæði 7, Drottningarbraut- Hafnarstræti suður

Byggð

- Almenn er gert ráð fyrir samfelldri 4 hæða byggð í kjarna miðbæjarins, þ.e. samfelldum húsaröðum sem standa yfirleitt við lóðamörk að götu. Einstakar byggingar geta verið 5 hæðir.
- Við ákvörðun í deiliskipulagi um húshæð á einstökum lóðum og um hve stór hluti götuhliðar eða gólfplatnar húss geti risið í 4 hæðir eða hærra skal leggja til grundvallar samræmi við og áhrif á nærliggjandi byggingar (innan reits og handan götu), heildaryfirbragð húshæða og þakforma reitsins og skuggavarp á nærliggjandi byggingar og göngu- og dvalarsvæði utandyra.
- Í deiliskipulagi skal setja skilmála um hve þakhæðir mega þekja hátt hlutfall, annars vegar af götuhlið húss og hins vegar gólfleti og hvernig staðsetja skuli og forma þakhæðir.
- Almenn er gert ráð fyrir að öll megin húsrými, þ.m.t. íbúðir á efri hæðum, hafi inngang frá götu.
- Við deiliskipulag íbúðarbyggðar meðfram helstu umferðargötum á miðbæjarsvæðinu skal sérstaklega hugað að því við skilmálagærd og hönnun að hljóðvist í íbúðarhúsnæði sé tryggð.
- Í deiliskipulagi skulu vera ítarlegir skilmálar um útlit bygginga og um uppbrot samfelldra húshliða með inngöngum, gluggum, efni, lit eða öðrum stíleinkennum. Sjá einnig stefnu aðalskipulagsins um leiðbeiningar um lita- og efnisval og byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar.
- Við deiliskipulagsgerð svæða nærri strönd þarf að taka tillit til ráðlegginga Siglingastofnunar um landhæð og gólfhæðir.
- Gert er ráð fyrir að Glerárgata, á milli Kaupangsstrætis og Hólabrautar/Grænugötu, verði ein akrein í hvora átt í stað tveggja eins og nú er.

Verndun húsa og götumynda

- Í kafla 3.3 er gerð grein fyrir stefnu aðalskipulagsins í verndun húsa og götumynda í miðbænum.

Landnotkun

- Almenn er gert ráð fyrir að götuhæðir í kjarna miðbæjarins séu nýttar fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og að rými séu hönnuð með tilliti til þess.
- Almenn er gert ráð fyrir að efri hæðir í kjarna miðbæjarins geti nýst hvort heldur sem er til íbúðar eða fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Hvatt er til þess að gera ráð fyrir íbúðum á efri hæðum en einnig er æskilegt að nokkurt framboð verði á skrifstofuhúsnæði og öðru rými fyrir þjónustustarfsemi á efri hæðum, einkum á 2. hæð.

Bílastæði og aðkoma

- Bílastæði í miðbænum verði fyrst og fremst í bílgeymslum, innan lóða, í götustæðum og á safnstæðum í jaðri hans. Í síðari áföngum uppbyggingar getur komið til álita að reisa bílastæðahús í jaðri miðbæjarins.
- Almenn skal gera ráð fyrir 1 bílastæði fyrir hverja 75 m² atvinnuhúsnæðis og 1 bílastæði fyrir hverja

íbúð í miðbænum.

- Í deiliskipulagi þarf að gera grein fyrir því hvernig kröfum um bílastæði sé fullnægt, hvort heldur það verði með bílastæðum innan reits, samnýtingu stæða eða með öðrum hætti.
- Sé í deiliskipulagi ekki unnt að sýna fram á að bílastæðakröfu sé fullnægt eða að þörf fyrir bílastæði sé minni en gert er ráð fyrir í aðalskipulagi, skal greiða bílastæðagjald sbr. samþykkt Akureyrarbæjar um þátttöku lóðarhafa í greiðslu kostnaðar við gerð bifreiðastæða á Akureyri.

Gróður og garðsvæði

- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir frágangi lóða.
- Í deiliskipulagi þarf að sýna fram á hvernig þörfum íbúa er mætt varðandi garðsvæði og leiksvæði fyrir börn. Unnt getur verið að víkja frá kröfum um leiksvæði á íbúðarlóð.

Göturými og torg

- Gæta þarf að samspili bygginga og ytri rýma, bæði garðrýma og götu- og torgrýma, og skulu húsaraðir beggja vegna götu skapa heildstæða og aðlaðandi götummynd. Deiliskipulag skal sýna snið í nærliggjandi göturreiti og hvernig hönnun lóða og bygginga reitsins tengist umlykjandi göturýmum.
- Í deiliskipulagi skal, eftir því sem tilefni er til, setja skilmála um auglýsingaskilti, sbr. reglugerð um skilti í lögsögu Akureyrar.
- Almenn er gert ráð fyrir bílastæðum samsíða akbraut í göturýmum í miðbænum.
- Varðandi stefnu aðalskipulagsins um göturými og torg, sem leggja ber til grundvallar deiliskipulagsgerð í miðbænum, vísast að öðru leyti til kafla 3.3.

Svæði 1, Glerárgata-Strandgata

Svæðið afmarkast af Strandgötu í norðri og af Skipagötu, Hofsbót og Drottningarbraut í vestri. Svæðið er það svæði þar sem gert er ráð fyrir hvað mestri uppbyggingu í miðbæ Akureyrar.

Auk framangreindra almennra deiliskipulagsramma skal við deiliskipulag svæðisins tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Svæðið er lykilsvæði í uppbyggingu miðbæjarins.
- Gert er ráð fyrir fjórum megin byggingarkjörnum á svæðinu auk minni bygginga á hafnarsvæðinu.
- Gert er ráð fyrir að hús BSO víki vegna uppbyggingar á svæðinu.
- Gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi á götuhæð með lifandi ásýnd í átt að götu. Gert er ráð fyrir íbúðum á efri hæðum.
- Gert er ráð fyrir að bílastæðum á svæðinu verði komið fyrir meðfram götum, á svæðum við Torfunefsbryggju og við Hof. Þá er gert ráð fyrir að hver byggingarkjarni (lóð/byggingarreitur) meðfram Glerárgötu verði sjálfbær um bílastæði og skal þeim komið fyrir á jarðhæð bygginga.
- Gert er ráð fyrir þremur göngutengingum í gegnum svæðið frá vestri til austurs sem tengja saman núverandi miðbæ við hafnarsvæðið og Hof. Tvær þessara tenginga munu tengjast göngugötu á svæði 2.
- Gera skal ráð fyrir að byggingar á svæðinu verði almennt 4 hæðir (sbr. almenna deiliskipulagsramma) og að leitast sé við að götuhliðar séu með lifandi ásýnd og að hlúð sé almennt að umhverfi og ásýnd í átt að aðliggjandi götum.
- Glerárgata hliðrast á kafla um 10-20 m til austurs til að skapa betri lóðir/byggingarreiti vestan

götunnar.

- Gera skal ráð fyrir göngu- og hjólaleið með fram ströndinni og hafnarsvæðinu.
- Hafnarsvæðið býður sérstaka kosti í uppbyggingu vegna nálægðar við sjóinn og óhindraðs útsýnis yfir fjörðinn. Einnig er svæðið eitt af lykilsvæðum miðbæjarins með tilliti til aðkomu að og ásýndar bæði frá þjóðvegi og sjónum.
- Ekki er gert er ráð fyrir að umferðarmiðstöð fyrir strætisvagna, leigubíla og rútur verði á svæðinu en þó skal gera ráð fyrir stæðum fyrir strætisvagna og leigubíla í götúrýmum á svæðinu, samhliða akreinum.
- Við gerð deiliskipulagsskilmála og hönnun nyrst á svæðinu þarf að taka sérstakt tillit til götumyndar gagnvart verndaðri húsaröð norðan Strandgötu.
- Gert er ráð fyrir stækkuðu hafnarsvæði með færslu á núverandi hafnarkanti við Strandgötu til austurs.

Svæði 2, Hafnarstræti norður-Ráðhústorg-Skátagil

Svæðið afmarkast af Skipagötu, Hofsbót og Geislagötu í austri, af Kaupangsstræti í suðri, af Skátagili og baklóðum við vestanvert Hafnarstræti í vestri og í norðri á milli lóða nr. 9 og 11 við Brekkugötu og á milli lóðar nr. 4 við Brekkugötu og lóðar nr. 1 við Strandgötu.

Auk framangreindra almennt deiliskipulagsramma skal við deiliskipulag svæðisins tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Gert er ráð fyrir að söluturninn á lóð Hafnarstrætis 100b og bygging á lóð Strandgötu 6 víki vegna nýbygginga. Þá er gert ráð fyrir að byggingar á lóðum Hafnarstrætis 106 og Skipagötu 6 víki vegna göngutengingar í gegnum svæðið frá vestri til austurs sem tengir saman núverandi miðbæ við hafnarsvæðið og Hof. Gert er ráð fyrir nýbyggingu á lóð Skipagötu 10. Þá er gert ráð fyrir viðbyggingum við núverandi byggingar þar sem það á við. Hafa skal samráð við húsafriðunarnefnd ríkisins áður en ákvörðun er tekin um niðurrif húsa.
- Framhlið Strandgötu 4, Nýja Bíós, njóti hverfisverndar vegna aldurs og sérstaks byggingarstíls og vegna sögu og þess hve mikilvægt húsið er sem kvikmyndahús fyrir miðbæinn.
- Gert er ráð fyrir að unnt sé að byggja yfir miðju Hofsbótarreitsins fyrir sameiginleg bílastæði og vöruaðkomu. Yfirbyggt bílastæði í porti gefur kost á garðrymi/inngarði fyrir íbúðir á efri hæðum húsanna.
- Hafnarstræti 94 og 96 njóta hverfisverndar sbr. kafla 3.3.
- Æskilegt er að byggt verði við Landsbankahúsið til austurs. Með því yrði Ráðhústorgið betur afmarkað og ásýnd hússins, sem setur mikinn svip á torgið, yrði bætt. Við gerð deiliskipulagsskilmála og hönnun viðbyggingar þarf að gæta samræmis við hlutföll og stíl Landsbankahússins.
- Gert er ráð fyrir að Skátagilið byggist upp sem útivistarsvæði fyrir almenning.

Svæði 3, Geislagata-Hólabraut (Sjallareitur)

Svæðið afmarkast af Glerárgötu í austri, af Gránufélagsgötu í norðri, af baklóðum austan Brekkugötu í vestri og í suðri af Bankastíg og Strandgötu.

Auk framangreindra almennra deiliskipulagsramma skal við deiliskipulag svæðisins tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Gert er ráð fyrir að byggt verði á lóð nr. 6 við Gránufélagsgötu auk viðbyggingar við Gránufélagsgötu 4. Þá er gert ráð fyrir að Sjallinn víki fyrir hótélbyggingu á stækkaðri lóð Glerárgötu 7.
- Gert er ráð fyrir að húsaröð við Strandgötu standi óbreytt og njóti hverfisverndar sbr. kafla 3.3.
- Taka þarf tillit til nálægðar við verndaða húsaröð við Strandgötu og að framhliðar og sjónarrönd bygginga að Glerárgötu og Geislagötu séu aðlaðandi.

Svæði 4, Íþróttavöllur-Laxagata-Hólabraut

Svæðið afmarkast af Glerárgötu í austri, af Klapparstíg, Brekkugötu og Krákustíg í vestri og af Gránufélagsgötu og Oddeyrargötu í suðri.

Auk framangreindra almennra deiliskipulagsramma skal við deiliskipulag svæðisins tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Gert er ráð fyrir auknum fjölda bílastæða svæðinu við Laxagötu og Hólabraut og umhverfis Ráðhúsið. Bílastæði þessi nýtist starfsemi miðbæjarins.
- Gert er ráð fyrir umferðamiðstöð á svæðinu norðan Ráðhúss fyrir strætisvagna, rútur og leigubíla.
- Gert er ráð fyrir að framlenging Geislagötu til norðurs eins og skipulag gerir ráð fyrir verði eingöngu nýtt fyrir umferð strætisvagna, rúta og leigubíla að umferðarmiðstöð.
- Gert er ráð fyrir nýju hringtorgi á Glerárgötu við Hólabraut/Grænugötu.

Svæði 5, Brekkugata-Bjarmastígur-Oddagata-Gilsbakkavegur

Svæðið afmarkast af Gránufélagsgötu og Oddeyrargötu í vestri, af Gilsbakkavegi í suðri og í austri af Skátagil og vestanverðum baklóðum við Hafnarstræti og Brekkugötu.

Auk framangreindra almennra deiliskipulagsramma skal við deiliskipulag svæðisins tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Ekki er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á íbúðarbyggðinni. Æskilegt er að allar breytingar á húsum sem og viðbyggingar séu í samræmi við byggingar sem fyrir eru.

Svæði 6, Kaupangsstræti (Gilið)

Svæðið afmarkast af Gilsbakkavegi í norðri, af Eyrarlandsvegi í suðri og af lóðarmörkum Akureyrarkirkju og kirkjutröppunum í austri.

Auk framangreindra almennra deiliskipulagsramma skal við deiliskipulag svæðisins tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Gert er ráð fyrir tengibyggingum/viðbyggingum og torgsvæðum milli Kaupvangsstrætis 8 og 10 og Kaupvangsstrætis 12 og 14.
- Ekki er gert ráð fyrir öðrum grundvallarbreytingum á svæðinu.

Svæði 7, Drottningarbraut- Hafnarstræti suður

Svæðið afmarkast af Drottningarbraut í austri, Austurbrú í suðri, baklóðum við Hafnastræti í vestri og Kaupvangsstræti í norðri.

Auk framangreindra almennra deiliskipulagsramma skal við deiliskipulag svæðisins tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Meðfram Hafnarstræti er húsaröð sem nýtur hverfisverndar, sbr. stefnu í kafla 3.3. Ekki er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á reitnum vestanverðum utan að í deiliskipulagi verði athugaðir möguleikar á lóðum fyrir flutningshús sem falli að götummynd Hafnarstrætis.
- Á reitnum austanverðum eru nú almenn bílastæði fyrir um 150 bíla.
- Syðst á reitnum hefur verið athafnasvæði fyrir langferðabíla og umferðarmiðstöð. Gert er ráð fyrir að umferðarmiðstöð geti verið áfram á reitnum.
- Í deiliskipulagi reitsins þarf að taka tillit til og framkvæma stefnu aðalskipulagsins um gönguleið frá miðbænum til suðurs. Lagt er til að hún liggi meðfram Drottningarbraut og að á beltinu milli hennar og húsaraðar við Hafnarstræti verði gert ráð fyrir byggð. Þar kemur helst til álita íbúðarbyggð í fjölbyli sem risið geti í 3 hæðir. Við mótun byggðarinnar verði tekið mið af lykilstaðsetningu svæðisins gagnvart aðkomuvegi að Akureyri og miðbænum og að íbúar njóti útsýnis og sólríkra og skjólsælla garðsvæða. Lagt er til að aðkoma að þeirri byggð verði frá Hafnarstræti. Gera skal ráð fyrir bílastæðakjallara.
- Ekki er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á reitnum.
- Á reitnum er eina húsið í miðbænum sem er friðað skv. lögum um húsafriðun, „ Sigurhæðir“.

3.5. ÞRÓUN JAÐARSVÆÐA MIÐBÆJAR

Með skipulagsákvæðum aðalskipulagsins um miðbæinn (sjá kafla 3.3 og 3.4) er mótaður rammi fyrir markvissa eflingu miðbæjarins með uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í og við kjarna miðbæjarins. Með framtíðarþróun í huga er æskilegt að landnotkun á jaðarsvæðum miðbæjarins, þ.e. á svæðunum norðan, sunnan og austan hins eiginlega miðbæjarsvæðis, styðji einnig byggð og starfsemi í miðbænum. Af þeim sökum er, sem hluti af stefnu aðalskipulagsins um miðbæjarsvæðið, einnig sett fram stefna um jaðarsvæði miðbæjarins til norðurs, suðurs og austurs. Um þessi svæði var einnig fjallað í hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjarins. Á Brekkunni vestan miðbæjarsvæðisins er gróin íbúðarbyggð sem ekki þykir tilefni til að skoða í þessu tilliti.

Hvannavallareitur

Gert er ráð fyrir að landnotkun á svæðinu breytist þannig að svæðið verði skilgreint sem blandað svæði verslunar- og þjónustu og íbúðarbyggðar í stað athafnasvæðis áður. Með því er undirstrikað hlutverk vesturhluta svæðisins sem verslunar- og þjónustusvæðis á jaðri miðbæjarins. Það styður miðbæinn og nýtur um leið góðs af nálægð við hann og Glerártorg. Á austurhluta svæðisins gefst færi á að þróa íbúðarbyggð í beinum tengslum við íbúðarhverfi á Oddeyri.

Deiliskipulagsrammi:

- Gert er ráð fyrir allt að 4ra hæða byggð á reitnum.
- Verslunar- og þjónustustarfsemi verði ríkjandi á vestanverðu svæðinu. Á götuhæð er fyrst og fremst gert ráð fyrir sérverslunum af ýmsu tagi og þjónustustarfsemi á efri hæðum.
- Gert er ráð fyrir að byggja megi allt að fjögurra hæða byggingar nyrst á reitnum og á honum austanverðum.
- Gert er ráð fyrir að íbúðarbyggð verði ríkjandi á austanverðu svæðinu.
- Eftir því sem við getur átt skal tekið mið af almennum deiliskipulagsrömmum fyrir miðbæjarsvæðið, sjá kafla 3.4.

Svæði sunnan miðbæjar

Svæði sem afmarkast af Drottningarbraut, Suðurbrú, Hafnarstræti og Austurbrú


Gert er ráð fyrir óbreyttri landnotkun á svæðinu, þ.e. opnu óbyggðu svæði. Gert hefur verið bílastæði á svæðinu, sem þjónar leikhúsinu, auk þess sem það getur nýst sem jaðarstæði fyrir miðbæinn. Á íbúðapingi haustið 2004 kom fram að þátttakendur vildu helst halda svæðinu sunnan Austurbrúar óbyggðu.

Deiliskipulagsrammi:

- Gert er ráð fyrir bílastæði á svæðinu fyrir leikhúsið og sem jaðarstæði fyrir miðbæinn.
- Gert er ráð fyrir gönguleið um svæðið, frá miðbænum til suðurs.
- Ekki er gert ráð fyrir frekari mannvirkjagerð á svæðinu.



Hvannavallareitur.



Svæði sunnan miðbæjar.



Svæði austan miðbæjar.

Svæði austan miðbæjar

Sunnanverð Oddeyri og Oddeyartangi

Í hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjarins var fjallað um suðurhluta Oddeyrar, fram á Oddeyartanga. Á vesturhluta svæðisins (vestan Hjalteyrargötu) er núna blönduð byggð íbúða, verslunar og þjónustu. Austan Hjalteyrargötu, þ.e. á Oddeyartanga og nærliggjandi svæði, er ýmis hafnsækin og athafna/ iðnaðarstarfsemi.

Gert er ráð fyrir að landnotkun þróist á þann veg að íbúðarbyggð teygji sig áfram til austurs. Þannig er gert ráð fyrir að landnotkun á Kelduhverfisreit (sem afmarkast af Laufásögötu, Strandgötu, Hjalteyrargötu og lóðamörkum á mótis við Eiðsvallagötu/Grímseyjargötu) muni í framtíðinni þróast úr athafna/iðnaðarstarfsemi í íbúðarbyggð. Þannig styrkist íbúðarhverfi á Oddeyri og til verður ný íbúðarbyggð sem nýtur góðs af nálægð við ströndina og miðbæinn. Gert er ráð fyrir að enn síðar muni íbúðarbyggð, blönduð verslun og þjónustu, teygja sig áfram út á Oddeyartanga.

Framangreind framtíðarsýn fyrir suðurhluta Oddeyrar og Oddeyartanga fellur að þeim ábendingum sem fram komu hjá þátttakendum á íbúðarþingi haustið 2004.

Miðað við áætlaða íbúðarþörf í bæjarfélaginu og stefnu aðalskipulagsins um að beina uppbyggingu að miðbæjarkjarnanum næstu ár í því skyni að efla hann og þar sem á svæðinu er nú öflug atvinnustarfsemi, er ekki talið tilefni til landnotkunarbreytinga á svæðinu austan Hjalteyrargötu að svo stöddu. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi á hafnarsvæðum á Oddeyartanga og uppbyggingu samkvæmt deiliskipulagi hafnarsvæða á skipulagstímabilinu.

3.6. FRAMFYLGD STEFNU

Deiliskipulag

Gert er ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag fyrir miðbæinn á grundvelli stefnu aðalskipulagsins.

Í deiliskipulagsrömmum í kafla 3.4 eru sett ákvæði um landnotkun og byggðarmynstur. Í deiliskipulagi ber að fylgja þeirri stefnu sem sett er fram í almennum deiliskipulagsrömmum í kafla 3.4 og í deiliskipulagsramma fyrir hvert svæði. Þó er svigrúm til útfærslu í deiliskipulagi sem geti óverulega brugðið út af fyrirmælum deiliskipulagsramma enda felist útfærslan í hönnun sem sé jafnvel eða betur til þess fallin að framfylgja þeirri stefnu sem lýst er í aðalskipulaginu, kafla 3.3.

Þegar samþykktar deiliskipulagsáætlanir á miðbæjarsvæðinu halda að því leyti gildi sínu eftir staðfestingu aðalskipulagsins sem þær stangast ekki á við stefnu aðalskipulagsins þar til þær hafa verið formlega felldar úr gildi með gildistöku nýs deiliskipulags. Þó er gert ráð fyrir að allar meiri háttar breytingar, s.s. nýbyggingar og umfangsmeiri viðbyggingar, kalli á gerð nýs deiliskipulags þar sem kröfum þessa aðalskipulags (kafla 3.3 og 3.4) um áherslur og efnistöð sé fylgt.

Almennt er gert ráð fyrir að ekki sé unnt að veita leyfi til nýbygginga eða umfangsmeiri viðbygginga nema að undangenginni gerð nýs deiliskipulags.

Framkvæmda- og aðgerðaáætlanir

Í því skyni að hvetja til uppbyggingar og leiðbeina um æskilegar áherslur endurbóta og uppbyggingar mun Akureyrarbær vinna að eftirtöldum verkefnum í samvinnu við hlutaðeigandi aðila:

- Kynningu þróunarmöguleika í miðbænum í því skyni að laða að fjárfestingar og starfsemi.
- Gerð áætlunar um gatnakerfi miðbæjar og um göturými þar sem útfærð sé hönnun gatna, efnisnotkun, götugögn, lýsing, gróður o.þ.h.
- Könnun á nýtingu lýsingar til að efla sérkenni og aðdráttarafl miðbæjarins.
- Gerð áætlunar um samþættingu menningarviðburða og kynningarstarfsemi miðbæjarins.
- Endurhönnun gatna og torga í miðbænum í tengslum við reglubundið viðhald og endurnýjun yfirborðs gatna.
- Gerð framkvæmdaáætlunar um stíga og græna geira sem tengjast miðbænum.



Yfirlitsmynd yfir hugsanlegt fyrirkomulag uppbyggingar. Byggt á deiliskipulagstillgöu 2014.

4. LANDNOTKUN OG ÞJÓNUSTUKERFI

4.1. ALMENN ATRIÐI

Á aðalskipulagsuppdráttum er landi bæjarins skipt í svæði eða landnotkunarreiti eftir því að hvaða landnotkun er stefnt á hverju þeirra. Í þessum kafla er fjallað um landnotkunarreiti skipulagsins, bæði byggingarsvæði, verndarsvæði og opin svæði til sérstakra nota en innan þeirra er gert ráð fyrir sérhæfðum mannvirkjum m.a. fyrir útivist og íþróttir. Hver reitur er merktur með staðgreininúmeri og bókstaf sem einkennir landnotkunarflokk.

Í lok hvers kafla er tafla með númeri hvers landnotkunarreits, heiti, flatarmáli í hektörum (ha), lýsingu og skipulagsákvæðum. Sett er fram stefna eða viðmiðun um þéttleika byggðar þar sem ástæða er til. Er það ýmist gert með nýtingarhlutfalli svæðisins (N), fjölda íbúða á hvern hektara lands (íb/ha; ha=10.000 m²) eða átluðum íbúðafjölda og húsgerð. Nýtingarhlutfall er hlutfall samanlagðs gólfplatlar bygginga og flatarmáls lands (gólfplötur/landflötur). Þéttleiki svæða, íb/ha, á við brúttóflatarmál reita að miðlinum aðliggjandi gatna. Þéttleiki hverfishluta eða svæða innan skipulagsreita og nýtingarhlutfall einstakra lóða verður skilgreint í deiliskipulagi. Þar sem skipulagsreitir eru taldir fullmótaðir eða fullbyggðir er miðað við að breytingar, endurnýjun og viðbyggingar verði mögulegar í samræmi við gildandi deiliskipulag, á grundvelli grenndarkynningar ef um frávik er að ræða eða deiliskipulag liggur ekki fyrir, eða samkvæmt nýju deiliskipulagi þar sem það verður unnið.

Breytt er framsetningu skipulagsins þar sem skilgreiningu landnotkunarflokka og litum á skipulagsuppdráttum var breytt með ákvæðum skipulagsreglugerðarinnar frá 1998 í kjölfar nýrra skipulags- og byggingarlaga.

4.2. ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lykta, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Skipulag íbúðarhverfa skal taka mið af markmiðum í kafla 2.2.4 um hönnun hverfa.

Gróflega áætlað eru um 140 hektarar af íbúðarsvæðum á Akureyri óbyggðir, þar af um 100 í Naustahverfi. Auk þess er gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð í miðbæ. Ef miðað yrði við meðalþéttleika byggðar um 10 íbúðir á hvern hektara lands (eins og í hefðbundinni einbýlishúsabyggð), þyrfti 180 ha fyrir átlaða íbúðarþörf á skipulagstímabilinu, sem er 1.800 íbúðir sbr. kafla 2.3.2, og myndi byggingarland bæjarins ekki nægja miðað við þá landnýtingu. Stefnt er að meðalþéttleika um 20 íb/ha á nýjum byggingarsvæðum og þéttingarsvæðum (blanda ólíkra húsagerða, einbýlishús, raðhús og fjölbýlishús) og verður landþörf miðað við það um 90 ha. Ef 300 íbúðir verða byggðar í og við miðbæ verður landþörf fyrir aðra byggð um 75 ha. Nauðsynlegt er að hafa svigrúm í byggingarsvæðum aðalskipulagsins umfram þær reiknitölur sem notaðar eru til viðmiðunar, bæði til þess að geta boðið upp á ólíka kosti og sveigjanleika í lóðaframboði og til þess að geta brugðist við ófyrirséðum breytingum t.d. á íbúðafjölda.

Um þéttleika byggðar

Viðmiðunartölur um þéttleika byggðar geta verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða heildartölur fyrir heilan bæjarhluta (brúttótölur) eða þéttleika íbúðarsvæða eða lóða án stofnanasvæða og stórra opinna svæða (nettótölur).

Dæmi um gömul hverfi:	íb/ha brúttó	íb/ha nettó
Oddeyri, Akureyri	22	27,5
Norðurbrekka Akureyri	13,2	17,5
Hluti Vesturbæjar Reykjavík	70	98,3
Norðurmýri Reykjavík		77,3
Melar Reykjavík		58,3

Dæmi um þéttleika heilla hverfa:

Mela- og Hagahverfi Reykjavík	32	61
Hlíðahverfi Reykjavík	63	38
Hluti Smábúða- og Bústaðahv. Rvík	26,5	33,5
Seljahverfi Reykjavík	16	36
Efra Breiðholt Reykjavík	25	55
Foldahverfi Reykjavík	14	22
Bryggjuhverfi Reykjavík	57,5	84
Gerðahverfi Akureyri	9	12
Hlíðarhverfi Akureyri	12,1	19,4

Reykjavíkurborg stefnir að því í aðalskipulagi 2001-2024 að þéttleiki nýrra hverfa og þéttingarsvæða verði 25 íb/ha sem er í samræmi við stefnumörkun í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Umfangsmikil grunnvinna og stefnumótun svæðisskipulagsins hafði talsverð áhrif á skipulagsmæðuna á sínum tíma og hefur skilað sér í markvissari áætlanagerð en áður um þéttleika byggðar víðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Meðalþéttleiki dæmigerðra nýrra hverfa einbýlishúsa á einni hæð er um og undir 10 íb/ha. Í dæmigerðri nýrri raðhúsabyggð eru oft um 15-30 íb/ha og 25-100 íb/ha í hreinræktaðri fjölbýlishúsabyggð. Í hverfi með blöndu ólíkra húsagerða gæti meðalþéttleiki til dæmis verið um 20-25 íb/ha þótt þéttleiki einstakra svæða innan hverfisins væri allt frá 8 íb/ha til 100. Hærra hlutfall fjölbýlishúsa og sérþéttleika á tveim hæðum bætir nýtingu íbúðarsvæða verulega. Unnt er að ná jafnþétttri byggð með hefðbundnu skipulagi lágra fjölbýlishúsa með ákveðna bæjarmynd og gert er með stórum, stökum punkthúsum.

Flatarmál byggðarinnar, eins og þéttbýlismörk eru dregin á sveitarfélagsuppdrætti, er um 1.282 ha (12,8 km²). Ef þéttleiki nýrrar byggðar á Akureyri verður að meðaltali um 20 íb/ha rúmast um 2.800 íbúðir á þeim 140 hektörum sem óbyggðir eru. Meðaltalsþéttleiki byggðarinnar verður þá um 7,2 íb/ha. Til samanburðar: Hafnarfjörður um 8,6, Mosfellsbær um 4,5 og Akranes um 7,1.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.23.1 Íb	17	Íbúðarbyggð norðan Síðubrautar	Óskipulagt svæði. Svæðið getur myndað skólahverfi með íbúðarbyggð syðst í Hörgárbyggð.	Gerð og þéttleiki byggðar verður ákvarðaður í deiliskipulagi.
1.24.1 Íb	57	Síðuhverfi		Fullbyggt, fullmótað hverfi. Gildandi deiliskipulag.
1.24.3 Íb/V	0,6	Blönduð byggð við Bugðusíðu/Kjalarsíðu	Svæðið er nú nýtt fyrir verslun í bráðabirgðahúsnæði	Í endurskoðuðu deiliskipulagi verði gert ráð fyrir um 30-40 íbúðum í fjölbýlishúsum ásamt verslunarlóð við Bugðusíðu.
1.24.11 Íb/S¹²	2,0	Þétting byggðar við Vestursíðu	Óbyggt.	Ný byggð sérbýlishúsa og/eða stofnana, sem falla vel að íbúðarbyggð. Uppbygging og þéttleiki skv. deiliskipulagi.
1.24.12 Íb	1,9	Norðurjaðar Síðuhverfis	Svæði skilgreint í ASAK 98. Óskipulagt	Sérbýlishúsabyggð. Þéttleiki 10-20 íb/ha
1.31.1 Íb¹³	4,4	Holtahverfi	Íbúðarhverfi sunnan Undirhlíðar, austan Hörgárbrautar	Fullbyggt, fullmótað hverfi
1.31.5 Íb	8,9	Holtahverfi	Íbúðarhverfi milli Hörgárbrautar og Krossanesbrautar	Fullbyggt, fullmótað hverfi
1.31.9 Íb	2,1	Þétting byggðar við Miðholt	Opið, óbyggt svæði, hluti þess nýttur sem leiksvæði	Ný íbúðarbyggð, þéttleiki 15-25 íb/ha. Þéttleiki ákvarðaður nánar í deiliskipulagi.
1.32.4 Íb	1,2	Þétting byggðar við Krossanesbraut 1	Opið óbyggt svæði í ASAK 98	Ný íbúðarbyggð, þéttleiki 10-20 íb/ha
1.32.5 Íb	2,0 ¹⁴	Þétting byggðar við Krossanesbraut 2	Opið óbyggt svæði í ASAK 98	Ný íbúðarbyggð, þéttleiki 10-20 íb/ha
1.32.6 Íb	2,5	Þétting byggðar við Krossanesbraut 3	Opið óbyggt svæði í ASAK 98	Ný íbúðarbyggð, þéttleiki 10-20 íb/ha
1.33.1 Íb	12,4	Hlíðarhverfi, neðri hluti 1		Fullbyggt, fullmótað hverfi
1.33.6 Íb	2,7	Hlíðarhverfi, neðri hluti 2	Fjölbýlishúsabyggð við Skarðshlíð	Fullbyggt, fullmótað hverfi
1.33.13 Íb	24,1	Hlíðarhverfi, efri hluti		Fullbyggt, fullmótað hverfi
1.33.17 Íb	1,6	Þétting byggðar á Melgerðisási	Opið óbyggt svæði	Þéttleiki 10-25 íb/ha
1.42.1 Íb	41,2 ¹⁵	Giljahverfi	Fullbyggt og fullmótað hverfi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki 17,3 íb/ha.

¹² Breyting staðfest 28. janúar 2011

¹³ Leiðrétt í ágúst 2014

¹⁴ Breyting staðfest 25. júní 2009

¹⁵ Breyting staðfest 22. febrúar 2013

Nr	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.42.9 Íb	1,0	Þétting byggðar við Hlíðarbraut	Opið óbyggt svæði, iðnaðarsvæði	Svæði fyrir námsmannaíbúðir. Aðkoma frá Hlíðarfjallsvegi. Nýtingarhlutfall 50 íb/ha
1.43.4 A/Íb ¹⁶	1,8	Hlíðarendi	Núverandi íbúðarhús og atvinnustarfsemi	Óbreytt
1.43.9 Íb ¹⁷	-	Íbúðarhús í landi Hesjuvalla	Óskipulagt óbyggt	Einbýlishús. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
2.11.1 Íb	1,5	Oddeyri, blönduð byggð við Strandgötu	Byggð frá 1875-1925/1988	Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. Blönduð landnotkun, íbúðarbyggð ásamt verslun og þjónustu. Jaðarsvæði miðbæjar.
2.11.2 Íb	20,4	Oddeyri	Íbúðarbyggð að mestu frá 1875 og fram yfir miðja 20 öld	Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar. Deiliskipulag verði unnið fyrir norðurhluta íbúðarbyggðarinnar.
2.11.9 V/Íb	2,9	Glerárgata-Hvannavellir	Verslunar-, skrifstofu- og atvinnuhúsnæði með fram Glerárgötu. Iðnaðar- og vörugeymslusvæði við Hvannavelli, að hluta úr sér gengið.	Unnið verði deiliskipulag þar sem gert verði ráð fyrir blandaðri byggð með atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, á jarðhæð og íbúðum á efri hæðum nýbygginga við Hvannavelli. Lágmarksíbúðafjöldi í nýbyggingum um 60.
2.21.2 S/Íb	1,5	Dalsbraut, háskólasvæði	Opið, óbyggt svæði við jaðar háskólasvæðisins. Óskipulagt	Blönduð landnotkun, vaxtarsvæði háskólans með möguleika á byggingu námsmannaíbúða.
2.22.3 Íb	4,2	Klettaborg, íbúðarsvæði. Þétting byggðar.	Að hluta gömul byggð en að mestu nýtt hverfi í byggingu skv. deiliskipulagi	Í byggingu skv. deiliskipulagi. Svæðið stækkað um 2 einbýlishúsalóðir
2.31.1 Íb	10,5	Gerðahverfi I		Fullbyggt, fullmótað hverfi
2.31.3 Íb	13,3	Gerðahverfi II		Fullbyggt, fullmótað hverfi
2.32.1 Íb	17,3	Norðurbrekka		Fullbyggt, fullmótað hverfi. Þétting skv. deiliskipulagi
2.32.6 O/Íb/V	3,1	Þétting byggðar á núv. íþróttavelli Akureyrarbæjar	Á svæðinu er nú aðalíþróttaleikvangur Akureyringa	Unnið verði deiliskipulag í samræmi við markmið um uppbyggingu og eflingu miðbæjarins. Gert verði ráð fyrir almennu útivistarsvæði, íbúðarbyggð, verslun og þjónustu. Þéttleiki byggðar verður ákvarðaður í deiliskipulagi.
2.32.9 Íb	23,0	Norðurbrekka, Mýrar		Fullbyggt, fullmótað hverfi. Þétting skv. deiliskipulagi
2.51.1 Íb	29,9	Lundarhverfi		Fullbyggt, fullmótað hverfi

¹⁶ Breyting staðfest 22. desember 2010

¹⁷ Breyting staðfest 1. október 2013

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.51.6 Íb	0,9	Viðjulundur	Athafnasvæði í ASAK98, nýtt fyrir verslun og þjónustu	Unnið verði deiliskipulag nýrrar íbúðarbyggðar. Miðað verði við þetta en lága byggð, raðhús og/eða lítil fjölbýlishús.
2.51.7 Íb	2,6	Þétting byggðar. Stækkun Lundarhverfis	Stækkun íbúðarhverfis að götustæði Miðhúsabrautar	Deiliskipulag. Þéttleiki 10-25 íb/ha
2.52.3 Íb	3,9	Suðurbrekka 1		Fullbyggt, fullmótað hverfi
2.52.12 Íb	32,2	Suðurbrekka 2		Fullbyggt, fullmótað hverfi
2.52.18 Íb	13,2	Suðurbrekka, Eyrarlandsholt		Fullbyggt, fullmótað hverfi
2.61.2 Íb	0,2	Innbær/miðbær	Stakt íbúðarhús	Fullbyggt
2.61.4 Íb	13,8 ¹⁸	Fjaran og Innbærinn 1	Elsti hluti bæjarins, að hluta verndaður með ákvæðum í deiliskipulagi. Nýleg byggð skv. deiliskipulagi.	Fullbyggt, fullmótað hverfi. Áfram verði unnið að umhverfisbótum og frágangi í samræmi við yfirbragð byggðarinnar.
2.61.5 ÍB/V	1,2	Fjaran og Innbærinn 2	Ný íbúðarhús og verslunar- og þjónustubyggingar ásamt verslunarhúsi frá 1911.	Blönduð landnotkun, íbúðir, verslun og þjónusta. Fullbyggt.
2.61.8 Íb	3,1	Fjaran og Innbærinn 3	Gömul og ný hús skv. deiliskipulagi	Fullbyggt, fullmótað hverfi
3.21.1 Íb	44,3 ¹⁹	Naustahverfi 1	Deiliskipulag liggur fyrir. Ekki fullbyggt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki um 22. íb/ha.
3.21.5 Íb/V	2,7	Naustahverfi 2	Rammaskipulag, Deiliskipulagt að hluta	Uppbygging skv. deiliskipulagi
3.21.6 Íb	3,3	Naustahverfi 3	Rammaskipulag	Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.
3.21.9 Íb	32,4 ²⁰	Naustahverfi, suðurhluti	Rammaskipulag	Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.
3.21.10 Íb	15,0 ²¹	Naustahverfi	Rammaskipulag	Blönduð landnotkun, íbúðarbyggð, verslun, þjónusta og stofnanir. Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.

¹⁸ Breyting staðfest 5. maí 2008

¹⁹ Breytingar staðfestar 5. maí 2008, 11. sept. 2013 og 30. maí 2014

²⁰ Breyting staðfest 30. maí 2014

²¹ Breyting staðfest 30. maí 2014

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
3.21.11 Íb	32,0 ²²	Naustahverfi	Rammaskipulag	Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.
3.21.12 Íb	3,4 ²³	Naustahverfi	Rammaskipulag	Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.
3.21.13 Íb	7,9 ²⁴	Naustahverfi	Rammaskipulag	Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.
3.21.15 Íb	3,4 ²⁵	Naustahverfi	Rammaskipulag	Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.

4.3. SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Víða um bæinn eru stórar stofnanalóðir sem nýtast íbúum til leikja, íþróttar og ýmissa athafna og hafa þannig ótvírætt almennt úti-vistargildi. Nokkur slík svæði eru auðkennd á aðalskipulags-uppdretti sem stofnanalóðir með úti-vistargildi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.24.4 S	0,7	Leikskóli við Vestursíðu		Óbreytt
1.24.5 S	1,4	Glerárkirkja		Óbreytt
1.24.6 S	1,0	Endurhæfingarstöð við Bugðusíðu	Bjarg	Óbreytt
1.24.7 S	3,3	Síðuskóli	Grunnskóli og íþróttahús	Óbreytt
1.24.10 S	0,6	Nýr leikskóli við Vestursíðu	Opið, óbyggt svæði	Unnið verði deiliskipulag í tengslum við svæði 1.24.11 Íb
1.24.11 Íb/S ²⁶	2,0	Þétting byggðar við Vestursíðu	Óbyggt.	Ný byggð sérbýlishúsa og/eða stofnana, sem falla vel að íbúðarbyggð. Uppbygging og þéttleiki skv. deiliskipulagi.
1.24.14 S ²⁷	1,8	Nýtt hjúkrunarheimili við Vestursíðu	Óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi

²² Breytingar staðfestar 4. nóvember 2013 og 30. maí 2014

²³ Breyting staðfest 30. maí 2014

²⁴ Breyting staðfest 30. maí 2014

²⁵ Breyting staðfest 4. nóvember 2013

²⁶ Breyting staðfest 28. janúara 2011

²⁷ Breyting staðfest 28. janúar 2011

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.31.6 S ²⁸	0,2	Leikskóli við Þverholt		Óbreytt
1.33.3 S	0,7	Kirkja og leikskóli við Skarðshlíð	Kirkja, safnaðarheimili og leikskóli hvítasunnusafnaðarins	Óbreytt. Viðbyggingarmöguleikar skv. gildandi deiliskipulagi
1.33.7 S	3,6	Glerárskóli	Grunnskóli, leikskóli, sundlaug og íþróttahús	Óbreytt
1.42.2 S ²⁹	3,2	Giljaskóli, Kiðagil	Grunnskóli og leikskóli	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.43.3 S	0,3	Lögmannshlíðarkirkja	Kirkja	Óbreytt
2.11.3 S	0,5	Iðavöllur	Leikskóli	Óbreytt
2.11.7 S	1,7	Oddeyrarskóli	Grunnskóli og íþróttahús	Óbreytt
2.11.16 S	0,8	Slökkvistöð við Tryggvabraut		Óbreytt
2.21.1 S	9,9	Háskólasvæðið á Sólborg	Háskólinn á Akureyri	Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.21.2 S/Íb	1,5	Nemendagarðar á háskólasvæði	Opið, óbyggt svæði við jaðar háskólasvæðisins. Óskipulagt	Blönduð landnotkun, vaxtarsvæði háskólans með möguleika á byggingu námsmannabúða.
2.21.3 S/O	7	Kotárborgir, útivistarsvæði, háskólasvæði	Opið, óbyggt svæði, útivistarsvæði í ASAK98. Óskipulagt	Unnin verði deiliskipulagsáætlun þar sem gert verði ráð fyrir blandaðri landnotkun: Opið svæði til sérstakra nota (alm. Útivistarsvæði) og stofnanir (háskólinn). Nýtingarhlutfall ákveðið í deiliskipulagi.
2.22.4 S	0,2	Stofnanalóð við Klettaborg	Opið, óbyggt svæði, tillaga að deiliskipulagi	Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.32.11 S	0,7	Félagsheimili við Byggðaveg	Félagsheimili og ríkissalur trúfélags	Óbreytt
2.51.2 S	3,1	Lundarskóli og Lundarsel	Grunnskóli og leikskóli	Óbreytt
2.52.1 S	0,5	Akureyrarkirkja	Kirkja og safnaðarheimili	Óbreytt
2.52.2 S	4,5	Brekkuskóli, stofnanasvæði við Skólastíg	Grunnskóli, íþróttahús og tómstundamiðstöð	Deiliskipulag
2.52.5 S/O	1,1	Sundlaug	Sundlaug og fjölskyldugarður	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Stofnanasvæði með útivistargildi.
2.52.6 S/O	4,9	Menntaskólinn á Akureyri	Framhaldsskóli og heimavist	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Stofnanasvæði með útivistargildi
2.52.8 S	7,9 ³⁰	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri		Uppbygging skv. deiliskipulagi

²⁸ Leiðrétt (fært inn), ágúst 2014

²⁹ Breytingar staðfestar 5. maí 2008 og 22. febrúar 2013

³⁰ Breyting staðfest 5. maí 2008

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.52.10 S/O	3,1	Tjaldsvæði og háskólabygging við Þórunnarstræti		Óbreytt. Stofnanasvæði með útivistargildi
2.52.13 S	2,6	Dvalarheimili aldraðra við Austurbyggð	Dvalarheimili, sérhæfðar íbúðir og hjúkrunarheimili (í byggingu 2005)	Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.52.16 S	0,3	Hæfingarstöð fatlaðra við Skógarlund	Fullbyggt	Óbreytt
2.52.19 S/O	6,5	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Framhaldsskóli. Ekki fullbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Stofnanasvæði með útivistargildi
2.61.3 S	0,5	Samkomuhúsið og gamli barnaskólinn við Hafnarstræti	Leikhús og gamalt skólahús. Friðaðar byggingar	Óbreytt
2.61.7 S	1,1	Safnasvæði við Aðalstræti	Minjasafnið á Akureyri, Nonnahús, kirkja, skrudgarður og félagsheimili	Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.61.10 S/O	5,4	Safnasvæði við Krókeyri	Gamla gróðrarstöðin, Iðnaðarsafnið, rækrunarsvæði	Uppbyggingarmöguleikar skv. deiliskipulagi. Svæðið skert lítillega efst vegna breytinga á Miðhúsabraut.
2.61.12 S	0,5	Kapella á Kirkjugarðshöfðanum	Kapella	Óbreytt
3.12.3 S	2,9	Vegagerðin við Miðhúsaveg	Svæðismiðstöð Vegagerðarinnar fyrir Norður- og Austurland	Óbreytt
3.21.2 S	3,1	Stofnanasvæði í Naustahverfi 1	Grunnskóli og leikskóli	Uppbygging skv. deiliskipulagi
3.21.4 S	1,9 ³¹	Leikskóli í Naustahverfi	Rammaskipulag	Uppbygging skv. deiliskipulagi
3.21.10 Íb	14,7	Naustahverfi	Rammaskipulag	Blönduð landnotkun, íbúðarbyggð, verslun, þjónusta og stofnanir. Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.
3.41.2 S	2,1	Kjarnalundur	Dvalarheimili, hressingarhæli	Óbreytt

4.4. MIÐSVÆÐI, MIÐBÆR

Miðbæ Akureyrar er skipt í fjögur svæði. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, stjórnsýslustofnunum sem þjóna bænum öllum, Norðurlandi eða landinu öllu, menningarstofnunum, annarri atvinnustarfsemi sem átt getur heima í miðbæ og íbúðum, bæði á efri hæðum miðbæjarbygginga og í sérstökum íbúðarhúsum. Í miðbæ Akureyrar verður lögð áhersla á aukna íbúðarbyggð.

³¹ Breyting staðfest 30. maí 2014

Í 3. kafla er gerð grein fyrir markmiðum um uppbyggingu og eflingu miðbæjar Akureyrar sem að hluta byggjast á niðurstöðum samkeppni sem haldin var um skipulag hans. Einnig eru í 3. kafla skilgreindir deiliskipulagsrammar sem hafðir skulu til hliðsjónar við skipulagningu einstakra reita miðbæjarins.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.41.1 M	4,1	Miðbær sunnan Kaupvangsstrætis	Blönduð byggð gamalla og nýrra húsa, íbúðir og miðbæjarstarfsemi. Bílastæði á óbyggðum lóðum á austurjaðri.	Sjá 3. kafla
2.41.2 M	8,5 ³²	Miðbær milli Kaupvangsstrætis og Gránufélagsgötu.	Þungamiðja miðbæjarins, fjölbreytt miðbæjarstarfsemi. Bílastæði með fram Drottningarbraut.	Sjá 3. kafla
2.41.3 M	2,2	Miðbæjarsvæði austan Drottningarbrautar	Að hluta hafnarsvæði í ASAK 98. Að mestu óbyggt. Menningarhús verður byggt á norðurhluta svæðisins.	Sjá 3. kafla. Miðbæjarstarfsemi og smábátahöfn sbr. 2.41.4H og 2.41.5H
2.41.4 M	3,6	Miðbæjarsvæði norðan Gránufélagsgötu	Að hluta gömul íbúðarbyggð	Sjá 3. kafla

4.5. VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi eða bæjarhluta. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.24.3 Íb/V	0,6	Blönduð byggð við Bugðusíðu/Kjalarsíðu	Svæðið er nú nýtt fyrir verslun í bráðabirgðahúsnæði	Í endurskoðuðu deiliskipulagi verði gert ráð fyrir um 30-40 íbúðum í fjölbýlishúsum ásamt verslunarlóð við Bugðusíðu.
1.24.9 A/V ³³	3,9	Athafna- og verslunarsvæði norðan Síðuhverfis	Fyrrum verksmiðjussvæði Sjafnar	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.31.2 V	0,4	Verslunarhús við Undirhlíð	Veitingarekstur	Óbreytt
1.31.4 V	0,9	Verslunarlóð við Langholt	Matvörumarkaður, Bónus	Óbreytt
1.31.7 V	0,4	Bensínstöð við Hörgárbraut/Hlíðarbraut		Sérhæfð lóð fyrir bensínstöð. Óbreytt
1.33.2 V	0,5	Bensínstöð við Hörgárbraut/Undirhlíð		Sérhæfð lóð fyrir bensínstöð. Óbreytt

³² Breyting staðfest í 22. maí 2014

³³ Breyting staðfest 9. október 2008

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.33.12 V	0,9	Sunnuhlíð, Hlíðarhverfi	Verslunarmiðstöð	Óbreytt
1.42.11 ³⁴ V	0,4	Bensínstöð/verslun við Hlíðarbraut/Borgarbraut		Óbreytt
1.43.6 F/V ³⁵	9,1	Ferðaþjónustusvæði í landi Hlíðarenda	Óskipulagt, óbyggt	Svæði fyrir ferðaþjónustu, hótél og orlofshús. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
2.11.1 Íb/V	1,5	Oddeyri, blönduð byggð við Strandgötu	Byggð frá 1875-1925/1988	Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. Blönduð landnotkun, íbúðarbyggð ásamt verslun og þjónustu. Jaðarsvæði miðbæjar.
2.11.8 V	0,2	Verslunarhús við Glerárgötu/Eyjarveg	Veitingahús og ýmis starfsemi	Óbreytt
2.11.9 V/Íb	2,9	Glerárgata-Hvannavellir	Verslunar-, skrifstofu- og atvinnuhúsnæði með fram Glerárgötu. Iðnaðar- og vöru-geymslusvæði við Hvannavelli, að hluta úr sér gengið.	Unnið verði deiliskipulag þar sem gert verði ráð fyrir blandaðri byggð með atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, á jarðhæð og íbúðum á efri hæðum nýbygginga við Hvannavelli. Lágmarksíbúðafjöldi í nýbyggingum um 60.
2.11.11 V	1,1	Verslunarlóð við Furuvelli	Hagkaup	Óbreytt starfsemi. Lítils háttar stækkun svæðis til samræmis við breytt gatnakerfi.
2.11.13 V ³⁶	0,2	Bensínstöð við Tryggvabraut		Sérhæfð lóð fyrir bensínstöð. Óbreytt
2.22.1 V	2,5	Verslunarmiðstöð	Glerártorg	Óbreytt
2.22.2 A/V	4,9	Gleráreyrar	Fyrrum verksmiðjusvæði Sambandsins. Fjölbreytt starfsemi, verkstæði, þjónustufyrirtæki og sérhæfð verslun. Líklegt er að ásókn verði í að þróa svæðið sem verslunarsvæði.	Endurnýjun og uppbygging skv. deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði almenn atvinnustarfsemi og verslun.
2.31.2 V	1,2	Verslunarmiðstöð	Kaupangur v/Mýrarveg	Óbreytt
2.32.6 O/Íb/V	3,1	Þétting byggðar á núv. íþróttavelli Akureyrarbæjar	Á svæðinu er nú aðalíþróttaleikvangur Akureyringa	Unnið verði deiliskipulag í samræmi við markmið um uppbyggingu og eflingu miðbæjarins. Gert verði ráð fyrir almennu útivistarsvæði, íbúðarbyggð, verslun og þjónustu. Þéttleiki byggðar verður ákvarðaður í deiliskipulagi.
2.51.4 V	0,6	Verslunarlóð við Þingvallatræti	Hrísalundur	Óbreytt

³⁴ Leiðrétt númer, ágúst 2014

³⁵ Breyting staðfest 22. desember 2010

³⁶ Leiðrétt, fært inn í ágúst 2014

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.52.11 V	0,3	Verslunarlóð Byggðaveg/Hrafnagilsstræti	við	Óbreytt
2.61.5 ÍB/V	1,2	Fjaran og Innbærinn 2	Ný íbúðarhús og verslunar- og þjónustubyggingar ásamt verslunarhúsi frá 1911.	Blönduð landnotkun, íbúðir, verslun og þjónusta. Fullbyggt
2.61.14 V	1,3	Bensínstöð við Leiruveg		Sérhæfð lóð fyrir bensínstöð. Óbreytt
3.12.7 V ³⁷	-	Blönduð landnotkun	Verslunar- og þjónustusvæði innan golfvallar	Hótel og önnur þjónusta. Afmarkað í deiliskipulagi. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
3.12.8 V ³⁸	0,26	Nýtt svæði við Súluveg	Óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Áfyllingarstöð fyrir metan.
3.21.5 ÍB/V	2,7	Naustahverfi 2	Rammaskipulag, Deiliskipulagt að hluta	.
3.21.10 ÍB	14,7	Naustahverfi	Rammaskipulag	Blönduð landnotkun, íbúðarbyggð, verslun, þjónusta og stofnanir. Þéttleiki skilgreindur í rammaskipulagi. Deiliskipulag verður unnið í samræmi við rammaskipulag.
3.21.18 V ³⁹	2	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði í Naustahverfi	Ógert	Verslunarhús, bensínstöð, þjónustubygging og bílastæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
3.21.19 V ⁴⁰	0,7	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði í Naustahverfi	Ógert	Verslun og þjónusta. N: 0,200. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

4.6. ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum, umboðs- og heildverslunum og annari þeirri starfsemi sem fellur að byggðarmynstri og landnotkun á slíkum svæðum. Einnig má þar gera ráð fyrir verslunum með rýmisfrekan varning s.s. bílasölum, byggingarvöruverslunum eða húsgagnaverslunum, sérhæfðum verslunum sem þjóna ákveðnum atvinnugreinum (t.d. iðngreinum, útgerð o.þ.h.) og verslunum sem selja eigin framleiðsluvöru á framleiðslustað (t.d. bakarí). Önnur matvöruverslun og smásöluverslun verður almennt ekki heimilud á athafnasvæðum heldur beint í miðbæ og á verslunar- og þjónustusvæði. Íbúðarbyggð er ekki heimil á athafnasvæðum.

³⁷ Breyting staðfest 22. desember 2010

³⁸ Breyting staðfest 18. júlí 2013

³⁹ Breyting staðfest 5. maí 2008

⁴⁰ Breyting staðfest 30. maí 2014

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.16.1 A	27,6	Krossaneshagi, áfangi A	Athafnasvæði í byggingu	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.16.2 A	19,1	Krossaneshagi, áfangi B	Óbyggt að mestu. Grjótnám og athafnasvæði verktaka austast á svæðinu	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.16.3 A	9,5	Krossaneshagi, áfangi C	Óskipulagt.	Unnið verði deiliskipulag svæðisins
1.21.1 A	7,1	Athafnasvæði við Grænhól	Óbyggt. Tillaga að deiliskipulagi liggur fyrir (okt.2005)	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.24.8 A	10,2	Athafnasvæði austan Austursíðu	Sem næst fullbyggt.	Óbreytt
1.24.9 A/V ⁴¹	3,9	Athafna- og verslunarsvæði norðan Síðuhverfis	Fyrrum verksmiðjusvæði Sjafnar.	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.31.3 A	2,3	Óseyri sunnan Krossanesbrautar	Fullbyggt	Óbreytt
1.31.8 A	0,6	Athafnasvæði við Hlíðarbraut	Óbyggt, óskipulagt	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.32.1 A ⁴²	5,0	Óseyri austan Krossanesbrautar	Fullbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.42.5 A	2,5	Réttarhvamur	Móttökustöð fyrir flokkaðan úrgang, endurvinnslufyrirtæki m.m. Fullbyggt	Óbreytt. Starfsemi móttökustöðvar skal uppfylla almenn skilyrði um athafnasvæði hvað snertir áhrif á umhverfið.
1.42.6 A	4,0	Rangárvellir	Athafnasvæði Norðurorku	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.43.4 A/Íb ⁴³	1,8	Hlíðarendi	Núverandi íbúðarhús og atvinnustarfsemi	Óbreytt
1.61.7 A ⁴⁴	1,7	Efnislosunarsvæði við Réttarhvamur	Í notkun.	Athafnasvæði fyrir efnislosun og geymslu. Engar varanlegar byggingar
2.11.10 A	4,3	Hvannavellir, Furuvellir, Tryggvabraut	Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkstæði og sérhæfð verslun. Sem næst fullbyggt	Óbreytt
2.11.14 A	3,4	Þórsstígur, Árstígur	Fullbyggt	Óbreytt
2.11.17 A	2,9	Athafnasvæði milli Hjalteyrargötu og Laufásögötu sunnan Eiðsvallagötu/Grímseyjargötu	Fjölbreytt starfsemi, m.a. mörg smáfyrirtæki í bráðabirgðahúsnæði	Endurnýjun og uppbygging skv. deiliskipulagi. Litið er til þessa svæðis sem framtíðaríbúðarbyggðar í tengslum við miðbæ Akureyrar. Aðalskipulagi verður ekki breytt fyrr en fyrir liggja mótaðar tillögur um uppbyggingu og útfærslu nýs íbúðarhverfis.

⁴¹ Breyting staðfest 9. október 2008

⁴² Breyting staðfest 25. júní 2009

⁴³ Breyting staðfest 22. desember 2010

⁴⁴ Breyting staðfest 30. maí 2014

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.11.18 A	3,1	Athafnasvæði milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu, norðan Eiðsvallagötu/Grímseyjargötu	Fjölbreytt starfsemi	Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.22.2 A/V	4,9	Gleráreyrar	Fyrrum verksmiðjussvæði Sambandsins. Fjölbreytt starfsemi, verkstæði, þjónustufyrirtæki og sérhæfð verslun. Líklegt er að ásókn verði í að þróa svæðið sem verslunarsvæði.	Endurnýjun og uppbygging skv. deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði almenn atvinnustarfsemi og verslun.
2.51.5 A	0,9	Athafnalóð við Hrísalund	Fullbyggt	Óbreytt
3.12.4 A	0,8	Athafnalóðir við Miðhúsaveg	Fullbyggt	Óbreytt
3.12.5 A ⁴⁵	2,3	Athafnasvæði við Súluveg	Núv. iðnfyrirtæki	Svæði fyrir almenna athafnastarfsemi. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

4.7. IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olfur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.14.1 I	7,9	Iðnaðarsvæði norðan Krossaness	Óbyggt, óskipulagt	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.32.3 I ⁴⁶	1,2	Dælu- og hreinsistöð fráveitu	Óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.33.18 I	0,2	Glerárvirkjun	Glerárvirkjun. Stífla og stöðvarhús (2005)	Óbreytt
1.42.4 I	0,3	Aðveitustöð rafveitu við Kollugerði	Fullbyggt	Óbreytt.
1.42.7 I	2,3	Aðveitustöð rafveitu, RARIK		Gert ráð fyrir stækkun spennivirkis til vesturs
1.42.8 I	1,1	Aðveitustöð rafveitu, RARIK		Óbreytt
1.42.10 I ⁴⁷	2,6	Iðnaðarsvæði á Rangárvöllum	Opið, óbyggt land, að hluta til helgunarsvæði háspennulína.	Uppbygging og nýting verði skv. deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall verður ákveðið í deiliskipulagi í samræmi við ákvæði 5. kafla.

⁴⁵ Breyting staðfest 18. júlí 2013

⁴⁶ Breyting staðfest 25. júní 2009

⁴⁷ Breyting staðfest 8. október 2007

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.43.8 I ⁴⁸	-	Dreifistöð raforku við Síðubraut	Óskipulagt, óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.51.3 I ⁴⁹	1,2	Tengivirki raforku við Kífsá	Óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.51.4 I ⁵⁰	1,0	Inntakslón Glerárvirkjunar efri	Ógert. Stífla og uppistöðulón	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.61.1 I	-	Vatnsgeymar vatnsveitu	Fullbyggt	Óbreytt
1.61.2 I	6,5	Iðnaðarsvæði við Hlíðarfjallsveg	Óbyggt, óskipulagt	Nýting og nýtingarhlutfall verður ákveðið í deiliskipulagi
1.61.4 I	0,8 ⁵¹	Vatnsveitumannvirki við Torfadal ofan Glerár.	Óbyggt, óskipulagt	Svæði fyrir lokahús, vatnstank og athafnasvæði vegna vatnsveitu
1.61.6 I ⁵²	-	Glerárvirkjun efri	Óbyggt. Stöðvarhús	Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.11.12 I	0,9	Iðnaðarlóð við Furuvelli	Bruggverksmiðja, fullbyggt	Óbreytt
2.11.15 I	2,2	Iðnaðarsvæði við Árstíg	Málmiðnaður	Óbreytt
2.51.8 I ⁵³	-	Veitumannvirki við Þingvallastræti	Dælustöð vatnsveitu	Fullbyggt. Óbreytt.
2.52.14 I	1,0	Dælustöð og vatnsgeymar hitaveitu við Mímisbraut	Fullbyggt	Óbreytt
2.52.17 I	0,2	Aðveitustöð rafveitu við Þingvallastræti	Fullbyggt	Óbreytt
3.11.2 I	-	Vatnsgeymir vatnsveitu við Súluveg		Óbreytt
3.11.3 I ⁵⁴	2,6	Malbikunarstöð Akureyrarbæjar	Fullbyggt	Uppbygging og frágangur skv. deiliskipulagi
3.12.2 I ⁵⁵	3,9	Mjólkurstöð	Afurðastöð, mjólkurstöð, matvælaiðnaður	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall skv. deiliskipulagi og kafla 5.1.2
D	-	Dælustöðvar fráveitu		Skv. deiliskipulagi og áætlun um fráveitumál

⁴⁸ Breyting staðfest 4. maí 2011

⁴⁹ Breyting staðfest 9. maí 2012

⁵⁰ Breyting staðfest 30. maí 2014

⁵¹ Breyting staðfest 31. október 2013

⁵² Breyting staðfest 30. maí 2014

⁵³ Breyting staðfest 18. júlí 2013

⁵⁴ Breyting staðfest 4. september 2009

⁵⁵ Breyting staðfest 7. nóvember 2007

4.8. HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Á hafnarsvæðum er einnig gert ráð fyrir matvælaiðnaði og flutningastarfsemi. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Nýjar hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka við reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005. Ekki er gert ráð fyrir nýjum höfnum á skipulagssvæðinu yfir þeim mörkum.

Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða vísast til hafnalaga og reglugerða um einstakar hafnir. Að tillögu hafnarstjórnar er gert ráð fyrir nýrri smábátahöfn og aðstöðu siglingaklúbbs við Leiruveg/Drottningarbraut. Á þessu stigi eru mörk svæðisins ekki afmörkuð heldur verða þau skilgreind í samræmi við deiliskipulag, sem vinna þarf af svæðinu.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.15.1 H ⁵⁶	17,1	Hafnarsvæði í Krossanesi	Fiskihöfn, olúbirgðastöð, athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi	Hafnsækin starfsemi, fiskihöfn, olíuhöfn, olúbirgðastöð skv. deiliskipulagi
1.32.2 H ⁵⁷	7,2	Sandgerðisbót	Smábátahöfn	Skv. deiliskipulagi
2.11.19 H ⁵⁸	44,3	Hafnarsvæði á Oddeyrartanga	Vöruhöfn, gámasvæði, matvælaiðnaður, fiskihöfn, hafnsækin starfsemi og iðnaður	Vöruhafnarsvæði, matvælaiðnaður, fiskihöfn, hafnsækin starfsemi og iðnaður. Óbreytt starfsemi og uppbygging skv. deiliskipulagi á skipulagstímabilinu. Til framtíðar er horft til syðsta hluta svæðisins til annarra nota s.s. íbúðarsvæðis í samræmi við stefnumörkun um miðbæ og jaðarsvæði hans.
2.11.20 H⁵⁹	16,1	Fiskihöfnin	Í uppbyggingu skv. deiliskipulagi	Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.41.5 H ⁶⁰	2,6	Torfunefshöfn	Viðlegukantar og flotbryggjur vegna farþegaflutninga	Viðlegukantar og aðstaða vegna farþegaskipa. Aðstaða fyrir smábáta og skemmtibáta sbr. kafla 4.4. Bryggjur varnargarðar og landfyllingar skv. deiliskipulagi.

⁵⁶ Breytingar staðfestar 12. febrúar 2010 og 1. október 2013

⁵⁷ Breytingar staðfestar 25. júní 2009 og 1. október 2013

⁵⁸ Breytingar staðfestar 16. janúar 2008 og 1. okt. 2013.

⁵⁹ Svæðið sameinað 2.11.19 H. Breyting staðfest 16. janúar 2008. Ekki sýnt rétt á breytingarblaði 2013.

⁶⁰ Breyting staðfest 22. maí 2014

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.61.18 H/O ⁶¹	-	Aðstaða siglingaklúbbs og smábátahöfn	Óskipulagt. Landnotkunarreitur ekki afmarkaður á skipulagsupprætti	Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir siglingaklúbb og skemmtibátahöfn á nýrri fyllingu norðan Leiruvegjar. Þarfir klúbbsins verða skoðaðar í samráði við hafnaryfirvöld. Unnin verði deiliskipulagsáætlun og ný landfylling skilgreind með formlegri breytingu á aðalskipulagi.

4.9. FLUGVALLARSVÆÐI

[Flugvallarsvæði, 162 ha, er afmarkað vestast í Hólum Eyjafjarðarár, austan Eyjafjarðarbrautar vestri (821). Svæðið er miðað við lengingu flugbrautar til suðurs í 2.700 m lengd og stækkun öryggissvæða. Deiliskipulag svæðisins hefur verið gert og samþykkt og er framkvæmdum við stækkun flugbrautar lokið. Stækkun öryggissvæða tengist landfyllingu vegna áforaðrar nýrrar slökkvistöðvar á reit 2.61.17 S. Öryggisgirðing utan um flugbraut og flugvallarstarfsemi fylgir ekki mörkum flugvallarsvæðisins og verður hluti þess opið land með útivistarstíg og reiðleið.]⁶²

4.10. EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Íbúðir eru ekki heimilaðar á efnistökusvæðum. Efnistökusvæði önnur en E1 eru afmörkuð á aðalskipulagsupprætti með útlínu en ekki sýnd sem litafletir þar sem gert er ráð fyrir annarri landnotkun að efnistöku lokinni.

Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sbr. 27. grein skipulags- og byggingarlaga og VI kafla laga um náttúruvernd (44/1999). Einnig er efnistaka og grjótnám háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar sbr. reglugerð um starfsleyfi nr 785/1999. Samkvæmt 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal ávallt meta umhverfisáhrif efnistöku sem raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða stærra. Efnistaka er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. 2. viðauka sömu laga ef hún raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða stærra. Stærðarmörk eiga einnig við um það þegar fleiri en einn efnistökuastaður á sama svæði ná samtals settum viðmiðunarmörkum.

⁶¹ Breyting staðfest 1. október 2013

⁶² Breyting staðfest 22. desember 2010

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
E1	-	Dammurinn, lónið ofan Glerárstíflu. Innan svæðis á náttúruminjaskrá, 1.33.19 N	Efnistaka úr uppistöðulóni Glerárvirkjunar. Nýttur framburður Glerár sem botnfellur í lóninu.	Efnistaka heimil á sama hátt og hingað til í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags og laga um náttúruvernd
E2	4,9	Grjótnáma í Krossanesi innan svæðis 1.16.2 A	Námu­svæðið er innan skipulagðs athafna­svæðis skv. deiliskipulagi. Námu­botn verður að vinnslu lokinni að athafnalóðum. Verðmætt efni vegna slitþols.	Vinnsla og efnismagn skv. deiliskipulagi
E3	11,5	Efnisnáma á Glerárdal við bæinn Glerá	Umfangsmikið efnisnám undanfarna áratugi. Sem næst fullnýtt	Námu­vinnslu verði lokið og gengið frá svæðinu skv. samningi þar um í árslok 2007
E4	1,2	Efnisnáma á Glerárdal við bæinn Glerá	Einkanáma í notkun	Gerð verði áætlun um efnisvinnslu, umfang og frágang
E5	3,3	Efnisnáma á Glerárdal ofan bæjarins Glerár	Enn er nokkurt efni ónýtt á þessu svæði sem mun verða nýtt á næstu árum. Að því loknu verður námunnin lokað.	Gerð verði áætlun um efnisvinnslu, umfang og frágang
E6	4,6	Efnisnáma á Glerárdal ofan bæjarins Glerár	Efnisnám ekki hafið. Svæðið er syðst í upp­ræktuðu svæði þar sem áður var umfangs­mikið, óskipulagt efnisnám. Hugmyndir eru um ferkara efnisnám í framtíðinni.	Gerð verði áætlun um efnisvinnslu, umfang og frágang
E7	2,7	Efnisnáma sunnan Glerár við sorpurðunarsvæði	Minni háttar efnisnám, fínefni sem nýtt er sem þekja á sorpurðunarsvæði.	Vinnsla samhliða sorpurðun

4.11. SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla. Íbúðir eru ekki heimilar á sorpförgunarsvæðum.

Á Glerárdal er afmarkað 14,8 ha sorpförgunarsvæði. Þar sér Sorpeyðing Eyjafjarðar um að urða sorp frá sveitarfélögunum við Eyjafjörð auk Þingeyjarsveitar. Með flokkun og endurvinnslu hefur sorpmagn til urðunar minnkað verulega frá því sem áður var. Unnið er samkvæmt starfsleyfi sem gildir til 1. júlí 2009. Unnið er að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs fyrir Eyjafjarðarsvæðið, sem á að gilda fyrir tímabilið 2005-2020. Um sorphirðu gildir m.a. samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Nöðurlandi eystra nr. 541/2000.

4.12. SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskyli.

Tveir fjallaskálar eru innan bæjarmarka. Auk þeirra er gert ráð fyrir svæði fyrir skátaskála skammt ofan við útivistarmiðstöð skáta að Hömrum.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.43.5 F⁶³	7,5	Frístundabyggð í landi Hlíðarenda	Óskipulagt, óbyggt	Svæði fyrir frístundabyggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
1.43.6 F/V⁶⁴	9,1	Ferðapjónustusvæði í landi Hlíðarenda	Óskipulagt, óbyggt	Svæði fyrir ferðapjónustu, hótél og orlofshús/frístundahús. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
1.43.7 F⁶⁵	8,3	Frístundabyggð í landi Hlíðarenda	Óskipulagt, óbyggt	Svæði fyrir frístundabyggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
2.52.9 F	2,5	Frístundahús við Búðargil/Þórunnarstæti	Óbyggt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi
3.21.16 F	4,2 ⁶⁶	Frístundahús við Kjarnalund 1	Fullbyggt skv. eldra deiliskipulagi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Svæðið stækkað. Alls 33 hús.
3.31.3 F	-	Frístundahús á Eyrarlandshálsi	Skátaskáli, Gamli	Óbreytt
3.31.4 F	-	Frístundahús á Eyrarlandshálsi	Skátaskáli, Fálkafell	Óbreytt
3.41.5 F	1,4	Svæði fyrir skátaskála	Óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi

⁶³ Breyting staðfest 22. desember 2010

⁶⁴ Breyting staðfest 22. desember 2010

⁶⁵ Breyting staðfest 22. desember 2010

⁶⁶ Breyting staðfest 4. nóvember 2013. Svæði 3.21.17 F felld út – sameinað 3.21.16 F

4.13. OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, akstursíþróttabrautir og skotvellir, garðlönd og trjáræktarsvæði.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.24.2 O	0,8	Leiksvæði við Bugðusíðu	Gæsluvöllur	Óbreytt
1.24.13 O	0,4 ⁶⁷	Opið svæði við Vestursíðu	Ófrágengið, óskipulagt	Frágangur skv. deiliskipulagi
1.33.4 O	0,2	Gæsluvöllur við Lönguhlíð	Opið, óbyggt svæði í ASAK 98	Óbreytt
1.33.5 O	0,9	Skrúðgarður við Skarðshlíð	Trjálundur	Óbreytt
1.33.8 O	7,6	Íþróttasvæði Þórs	Íþróttavellir, íþróttahús og félagsheimili	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Á svæðinu verður byggð upp aðstaða fyrir frjálssar íþróttir
1.33.9 O	0,8	Jaðarsvæði við Íþróttasvæði Þórs	Opið svæði, stök íbúðarhús	Deiliskipulag
1.33.10 O	0,7	Klapparhóll við Skarðshlíð/Smárahlíð	Óbyggt	Óbreytt
1.33.11 O	1,4	Opið svæði við Sunnuhlíð	Opið, óbyggt svæði í ASAK 98. Nýtt í tengslum við Íþróttasvæði Þórs.	Deiliskipulag, nýting í tengslum við Íþróttasvæði Þórs
1.33.14 O	1,5	Garður/leiksvæði við Skarðshlíð/Seljahlíð		Óbreytt
1.33.15 O	0,4	Opið svæði við Drangshlíð	Óbyggður klapparhóll við Glerárskóla	Útvistarsvæði í tengslum við lóð Glerárskóla
1.33.16 O ⁶⁸	0,7	Íþrótt- og æfingasvæði	Óbyggt	Uppbygging og frágangur skv. deiliskipulagi
1.41.1 O	9,3	Kirkjugarður	Tillaga um nýjan kirkjugarð	Deiliskipulag
1.42.3 O⁶⁹	0,5	Íþrótt- og leiksvæði við Giljaskóla		Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.43.1 O	28,9	Hlíðarholt, hesthúsasvæði	Hesthús, æfinga- og keppnisbrautir, sérhæfð þjónusta	Uppbygging skv. deiliskipulagi
1.43.2 O	3,3	Kirkjugarður í Lögmannshlíð		Stækkun möguleg skv. deiliskipulagi
1.51.1 O	837 ⁷⁰	Skíðasvæði í Hlíðarfjalli	Alhliða skíðasvæði, Skíðamiðstöð Íslands	Uppbygging skv. deiliskipulagi

⁶⁷ Breyting staðfest 28. janúar 2011

⁶⁸ Breyting staðfest 28. maí 2009

⁶⁹ Fellt út. Breyting staðfest 16. janúar 2008

⁷⁰ Leiðrétt, ágúst 2014

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.61.3 O	112,5 ⁷¹	Akstursíþróttasvæði og skotæfingasvæði við Glerá	Æfinga- og keppnisvellir fyrir skotfimi og akstursíþróttir. Núverandi efnisnámur og beitarhólf	Uppbygging, landmótun og athafnasvæði skv. deiliskipulagi
2.11.4 O	0,9	Eiðsvöllur	Skrúðgarður. Opið, óbyggt svæði í ASAK98	Óbreytt
2.11.5 O	0,4	Opið svæði við Hjalteyrargötu	Leiksvæði	Óbreytt
2.11.6 O	0,7	Opið svæði við Hjalteyrargötu	Leiksvæði	Óbreytt
2.11.21 O	0,4	Opið svæði við Hjalteyrargötu/Laufásgötu	Skrúðgarður	Óbreytt – skerðing vegna framlengingar Laufásgötu
2.21.3 S/O	7	Kotárborgir, útivistarsvæði, háskólasvæði	Opið, óbyggt svæði, útivistarsvæði í ASAK98. Óskipulagt	Unnin verði deiliskipulagsáætlun þar sem gert verði ráð fyrir blandaðri landnotkun: Opið svæði til sérstakra nota (alm. Útivistarsvæði) og stofnanir (háskólinn). Nýtingarhlutfall ákveðið í deiliskipulagi.
2.21.5 O	10,4	Kotárborgir	Almennt útivistarsvæði	Frágangur og uppbygging skv. deiliskipulagi í tengslum við svæði 2.21.3 S/Íb/O
2.21.5 O	10,4	Kotárborgir	Almennt útivistarsvæði	Frágangur og uppbygging skv. deiliskipulagi í tengslum við svæði 2.21.3 S/Íb/O
2.31.4 O	0,4	Leiksvæði við Stóragerði		Óbreytt
2.32.10 O	2,1	Hamarskotstún	Skrúðgarður	Óbreytt
2.32.3 O	0,4 ⁷²	Skátagil	Opið, óbyggt svæði í ASAK 98	Frágangur skv. deiliskipulagi
2.32.4 O	0,4	Opið svæði við Helgamagrastræti	Útivistarsvæði	Óbreytt
2.32.5 O	0,4	Opið svæði við Helgamagrastræti	Útivistarsvæði	Óbreytt
2.32.6 O/Íb/V	3,1	Þétting byggðar á núv. íþróttavelli Akureyrarbæjar	Á svæðinu er nú aðalíþróttaleikvangur Akureyringa	Unnið verði deiliskipulag í samræmi við markmið um uppbyggingu og eflingu miðbæjarins. Gert verði ráð fyrir almennu útivistarsvæði, íbúðarbyggð, verslun og þjónustu. Þéttleiki byggðar verður ákvarðaður í deiliskipulagi. Akureyrarvöllur verður ekki tekinn úr notkun fyrr en samkomulag liggur fyrir við íþróttafélögin um uppbyggingu félagssvæða þeirra.
2.52.6 S/O	4,9	Menntaskólinn á Akureyri	Framhaldsskóli og heimavist	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Stofnanasvæði með útivistargildi
2.52.7 O	2,9	Lystigarðurinn á Akureyri	Grasagarður og skrúðgarður	Óbreytt

⁷¹ Breyting staðfest 31. október 2013

⁷² Breyting staðfest 22. maí 2014

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.52.10 S/O	3,1	Tjaldsvæði og háskólabygging við Þórunnarstræti		Óbreytt. Stofnanasvæði með útivistargildi
2.52.15	0,3	Trjágardur við Þrastarlund	Gamall trjágardur	Óbreytt.
2.52.19 S/O	6,5	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Framhaldsskóli. Ekki fullbyggður	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Stofnanasvæði með útivistargildi
2.61.6 O	0,2	Leiksvæði við Hafnarstræti	Gæsluvöllur	Óbreytt
2.61.9 O	2,4	Skautasvæði í Innbæ	Skautahöll og skautatjörn	Óbreytt
2.61.10 S/O	5,6	Safnasvæði við Krókeyri	Gamla gróðrarstöðin, Iðnaðarsafnið, rækrunarsvæði	Uppbyggingarmöguleikar skv. deiliskipulagi
2.61.11 O ⁷³	10,4	Kirkjugarður	-	Óbreytt
2.61.15 O ⁷⁴	12,4 (land 5 ha)	Siglingaaðstaða við Höpfner og Leiruveg.	Aðstaða siglingaklúbbs, bátaskýli og félagsaðstaða.	Smábátahöfn og aðstaða fyrir siglingaklúbb. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Landfylling að hámarki 4 ha. Hæð mannvirkja skal vera neðan við skilgreindan hindranafliot flugvallarins.
2.61.18 O ⁷⁵	-	Aðstaða siglingaklúbbs og smábátahöfn	Óskipulagt. Landnotkunarreitur ekki afmarkaður á skipulagsupprætti	Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir siglingaklúbb og skemmti-bátahöfn á nýrri fyllingu norðan Leiruvegjar. Þarfir klúbbsins verða skoðaðar í samráði við hafnaryfirvöld. Unnin verði deiliskipulagsáætlun og ný landfylling skilgreind með formlegri breytingu á aðalskipulagi.
2.61.19 O	4,7	Umhverfi Innbæjartjarnarinnar.	Opið óbyggt svæði í ASAK 98	Frágangur umhverfis með stígum, áningarstöðum og mannvirkjum vegna útivistar skv. deiliskipulagi (í vinnslu)
3.11.1 O	20,1	Breiðholt, hesthúshverfi	Hesthús, æfingavellir, félagsheimili	Skv. deiliskipulagi
3.12.1 O	90,3 ⁷⁶	Golfvöllur	Golfvöllur, félagsheimili	Uppbygging skv. deiliskipulagi
3.21.7 O	2,5 ⁷⁷	Útivistarsvæði í Naustahverfi	Óskipulagt, ógert	Uppbygging skv. deiliskipulagi
3.21.8 O	2,7 ⁷⁸	Óskipulagt opið svæði í Naustahverfi	Útivistarsvæði	Frágangur skv. deiliskipulagi

⁷³ Breyting staðfest 12. febrúar 2010

⁷⁴ Breytingar staðfestar 28. maí 2009 og 1. okt. 2013

⁷⁵ Breyting staðfest 28. maí 2009. Sameinað svæði 2.61.15 O, staðfest 1. október 2013

⁷⁶ Breyting staðfest 22. desember 2010. Svæði 3.12.05 O, stækkun golfvallar, sameinað 3.12.1 O.

⁷⁷ Breytingar staðfestar 5. maí 2008, 22. des. 2010 og 11. september 2013

⁷⁸ Breyting staðfest 30. maí 2014

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
3.21.14 O	3,2	Óskipulagt opið svæði í Naustahverfi	-	Óskipulagt opið svæði í Naustahverfi
3.21.20 O	2,3 ⁷⁹	Óskipulagt opið svæði í Naustahverfi	Útivistarsvæði	Frágangur skv. deiliskipulagi
3.41.1 O	112,6	Kjarnaskógur	Útivistarsvæði	Óbreytt
3.41.3 O	10,5	Gróðrarstöð í Kjarna	Gróðrarstöð Skógræktarfélags Eyfirðinga	Óbreytt
3.41.4 O	41,85 ⁸⁰	Tjaldsvæði á Hömrum	Tjaldsvæði og útivistarmiðtöð skáta	Uppbygging skv. deiliskipulagi

4.14. ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en stígum, akvegum og bílastæðum sem nauðsynleg eru vegna hlutverks svæðanna sem útivistarsvæða.

Óbyggð svæði eru ekki merkt sérstaklega á skipulagsupprætti og er ekki gerð grein fyrir þeim hverju fyrir sig á sama hátt og öðrum landnotkunarreitum. Hluti opinna svæða eru jaðarsvæði umferðargatna sem að nokkru nýtast sem gönguleiðir. Náttúruverndarsvæði eru einnig skilgreind sem óbyggð svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en stígum og annarri lágmarksaðstöðu vegna útivistargildis þeirra. Á nokkrum stöðum liggja húsagötur og safngötur um svæði sem merkt eru sem opin svæði á aðalskipulagsupprætti og eru þær einungis sýndar sem hluti grunnkorts. Lega og útfærsla þeirra er skilgreind í deiliskipulagi viðkomandi hverfa og bæjarhluta.

4.15. LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Ekkert svæði innan bæjarmarka er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

4.16. VÖTN, ÁR OG SJÓR


Auk Eyjafjarðar og Pollsins eru vatnasvæði innan bæjarmarka leirur innan Leiruvegur, tjarnir í Innbæ, Krossanesborgum og Naustaborgum, Glerá, Lónsá og ár og lækir á Glerárdal, Hlíðarfjalli og Eyjarlandshálsi. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum öðrum en þeim sem felast í áætlun um miðbæinn með gerð síkis úr Bótinni inn að Skipagötu og gerð landfyllinga skv. kafla 4.24.

4.17. SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

⁷⁹ Breyting staðfest 30. maí 2014

⁸⁰ Breyting staðfest 4. nóv. 2013



Mynd 4.17. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma.

Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.



Í Krossanesborgum

Hvorki stafar hættu af eldvirkni, jarðskjálftum né snjóflóðum í byggð. Ekki er talin hættu á sjávarflóðum enda eru mannvirki meðfram sjónum gerð í þeirri hæð að þau geta varið lægra land innan þeirra. Tryggja skal framrás leysingarvatns úr hlíðunum ofan bæjarins til þess að komast hjá flóðum og skriðuföllum af völdum þess. Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $a_g=0,4$ (0,40g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Akureyri er í lægsta áhættuflokki með hönnunarhröðunina 0,10g.⁸¹

Ekki liggur fyrir mat á snjóflóðahættu í Hlíðarfjalli. Ekki er verið að stækka skíðasvæðið en í rekstri þess er miðað við staðþekkingu og er umferð gesta beint frá hættusvæðum þegar hættu er talin á snjóflóðum.

Ekki er talin ástæða til að afmarka nein svæði í byggð sem svæði undir náttúruvá.

4.18. NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Náttúruverndarsvæði eru afmörkuð í samræmi við lög nr. 44/99 um náttúruvernd. Í þeim er m.a. fjallað um friðlýstar náttúruminjar sem skiptast í 5 flokka.

Þjóðgarðar.

Friðlönd.

Náttúruvætti á landi.

Fólkvangur.

Friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi.

Auk þessa eru svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlögum um verndun einstakra svæða. Umhverfisstofnun veitir leyfi til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum.

Eitt svæði innan bæjarmarka er friðlýst sem fólkvangur skv. náttúruverndarlögum.

4.18.1. Fólkvangur

Krossanesborgir, Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. Að tillögu bæjarstjórnar Akureyrar, náttúruverndarnefndar Akureyrar og Umhverfisstofnunar hefur hluti Krossanesborga verið friðaður sem fólkvangur í samræmi við 55. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (friðlýst með auglýsingu í stjórnartíðindum B. nr. 162/2005).

Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis. Markmiðið er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Auk þess er verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði

⁸¹ Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall

sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

4.18.2. Svæði á náttúruminjaskrá

Glerárgil, Akureyri, Glæsibæjarhreppi [nú Hörgárbyggð], Eyjafjarðarsýslu. (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. (2) Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.

Hólmarnir, Akureyri, Eyjafjarðarsveit (áður Öngulsstaðahr.), Eyjafjarðarsýslu. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.12.1.N	115	Krossanesborgir	Svæðið er alsett klettaborgum eða stuttum klappaásam	Friðlýst sem fólkvangur í samræmi við 55. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Auglýst í stjórnartíðindum B. nr. 162/2005
1.33.19 N ⁸²	4,2	Glerárgil, frá Borgarbraut að Bandagerðisbrú	Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.	Svæði á náttúruminjaskrá. Öll mannvirkjagerð óheimil
2.21.4 N	17	Glerárgil, milli Híðarbrautar og Borgarbrautar	Sjá 1.33.18 N	Sjá 1.33.18 N
1.61.5 N	103 ⁸³	Glerárgil, frá Hlíðarbraut að ármótum Glerár og Hlífár.	Sjá 1.33.18 N	Svæði á náttúruminjaskrá. Heimilt að reisa stöðvarhús á röskuðu landi við Réttarhvamm ásamt fallpípu. Önnur mannvirkjagerð óheimil. ⁸⁴
2.61.16 N	173	Hólmarnir	Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.	Svæði á náttúruminjaskrá. Verndarákvæði skv. kafla 2.2.3. Opin svæði

4.19. HVERFISVERND, ÖNNUR VERNDARSVÆÐI

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er sveitarstjórn mögulegt að setja fram stefnu og skilyrði um vernd náttúruminja, menningarsögulegra svæða eða bygginga, svo nefnda hverfisvernd sem ekki felur í sér lögformlega friðun. Í aðalskipulagi skal þá gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis

⁸² Leiðrétt númer, ágúst 2014

⁸³ Breyting staðfest 4. september 2009

⁸⁴ Breyting staðfest 30. maí 2014

skulu njóta forgangs og tiltekinnar verndar. Enn fremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og íbúa um landnotkun og framkvæmdir.

Samkvæmt aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 er Glerárdalur, ofan útivistar- og skógræktarbeltis ofan bæjar og svæða sem afmörkuð eru til sérstakra nota, skilgreindur sem verndarsvæði vegna náttúrufars og útivistargildis í samræmi við ákvæði um hverfisvernd. Sjá nánar í kafla 2.2 Opin svæði. Um einstök hús og húsaraðir í miðbænum sem njóta hverfisverndar skv. aðalskipulaginu er fjallað í kafla 3.3.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.41.2 Hv⁸⁵	2,9	Langimelur. Hlykkjóttur malarhryggur vestan og norðan Giljahverfis.	Ísaldarminjar. Að öllum líkindum ruðningur sem ísaldarjökullinn hlóð áður en hann hopaði vegna hlýnandi loftslags.	Jarðrask og efnistaka með öllu óheimil. Skógur verði ekki ræktaður á melnum eða svo nálægt honum að hann hverfi eða verði ógreinilegur í umhverfinu.
1.51.2 Hv	1.826 ⁸⁶	Hlíðarfjall	Afmörkun miðast við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, verndarsvæði vatnsbóla og hæfileg jaðarsvæði. Markmiðið er að tryggja vatnsvernd svo og ró, frið og öryggi útivistarfólks.	Sérstök ákvæði, merkt með lóðréttri svartri strikun á sveitarfélagsupprætti: Takmörkun á umferð vélknúinna farartækja. Umferð einungis heimil á vegum og sérmerktum leiðum auk nauðsynlegrar þjónustuumferðar starfsmanna á skíðasvæðinu skv. ströngum vinnureglum.
2.41.6/7/8 Hv		Hverfisvernd bygginga í Miðbæ sbr. kafla 3.3	Hús og götumynd: Hafnarstræti 86-96, Strandgata 4, framhlið, Strandgata 7-13.	Ekki verði gerðar breytingar á ytra byrði eða umgjörð nema í því skyni að færa þau í átt að upprunalegri mynd. Breytingar skulu einungis gerðar í samráði við húsafriðunarnefnd ríkisins.
3.12.6 Hv	9	Naustafloí	Breiður og flatur flói og í honum dálítill tjörn, Hundatjörn. Er nú að hluta framræstur og hefur vatnsborð lækkað um 1 m í tjörninni. Hún er nú algróin fergini og stórstörum en þar vex einnig talsvert af blöðrunykru og er þar e.t.v. eini vaxtarstaður hennar í Eyjafirði.	Allt jarðrask og röskun á gróðurlendi óheimil. Í samráði við náttúruverndarnefnd Akureyrar og Umhverfisstofnun skal tekið til álita hvort loka eigi framræsluskurðum á svæðinu.
3.31.2 Hv	91,6 km ² ⁸⁷	Glerárdalur	Verðmætt svæði fyrir alhliða útivist, gönguferðir, vetraríþróttir m.m.	Hverfisvernd. Svæðið nýtur verndar vegna náttúrufars og útivistargildis. Gerð verði áætlun um bætt aðgengi með gerð bílastæða og gönguleiða. Þess verði gætt að beit spilli ekki gróðurfari. Sjá einnig kafla 2.2, Opin svæði.

⁸⁵ Leiðrétt númer, ágúst 2014

⁸⁶ Leiðrétt, ágúst 2014

⁸⁷ Leiðrétt, ágúst 2014

4.20. ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.⁸⁸ Um þjóðminjar gilda skýr og ströng lagaákvæði og er röskun þeirra með öllu óheimil án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Merking þeirra á skipulagsuppdrætti hefur fyrst og fremst þann tilgang að koma í veg fyrir að þjóðminjum verði spilt, t.d. vegna vankunnáttu eða athugunarleysis, og að tekið verði mið af þeim við skipulag og framkvæmdir.

Friðlýstar fornminjar: Dómhringir í Lögmannshlíð (sjá skýringartexta á spássú og kafla 4.20.1).

4.20.3. Aðrar fornminjar

Á árunum 1995 til 1999 fór fram skráning fornleifa í landi Akureyrarbæjar. Alls voru skráðar 375 minjar á 22 jörðum. Um skráninguna sáu Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands. Einnig hefur verið unnin deiliskráning tveggja svæða. Minjaskráin er sett fram í eftirtöldum gögnum:


- | | | |
|------------------------------------------------|-------------|------|
| • Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna | FS018-95023 | 1996 |
| • Fornleifar í landi Stóra-Eyjarlands og Kotár | FS034-95025 | 1997 |
| • Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár | FS051-95027 | 1998 |
| • Deiliskráning Naustahverfis | FS004-95021 | 1995 |
| • Deiliskráning Krossaneshaga | FS017-95024 | 1996 |

Margir skráningarstaða byggjast á heimildum um minjar án þess að nokkuð sjáist til þeirra á yfirborði. Eins og á mörgum öðrum þéttbýlisstöðum hafa margar minjar farið forgörðum vegna framkvæmda og nauðsynlegrar uppbyggingar í tímans rás. Þar ber hæst gamla bæjarstaðið á Stóra-Eyjarlandi og minjar um fyrstu byggð á gömlu Akureyri.

Hér á eftir eru taldir upp þeir staðir innan aðalskipulagssvæðis Akureyrarbæjar sem hafa hvað mest minjagildi⁸⁹. Minjagildi er metið út frá rannsóknargildi og/eða gildi þeirra sem markverðra staða til skoðunar fyrir almenning.

Stóra Eyjarland. 65°40,471 N 18°05,677 V.

Bærinn stóð beint norður af sjúkrahúsinu. Hann var rifinn 1949, tóftirnar jafnaðar. Bærinn hefur líklega staðið á svipuðum stað allt frá fyrstu öldum. Þar var líka hálfkirkja. Búast má við að töluverðar minjar sé enn að finna undir yfirborðinu á svæðinu norðan sjúkrahússins og í suðvestur hluta Listigarðsins.



Mynd 4.20.1

Lögmannshlíð. Allar leifar af garð- og tóttarbrotum í hvamminum vestan við hæðarhrygginn "Beinrófu", um 300 m í n[orð] a[ustur] frá bænum Lögmannshlíð. Nánari lýsing: Hið friðlýsta svæði er í skeifulaga laut eða hvammi og er um 100 m í þvermál. Þar heitir "Hringir", en mun áður hafa heitið "Dómhringir". Nafnið hefur verið dregið af 13 skeifulaga garðbrotum eða gördum, sem lágu hver inni í öðrum. Þessir "hringir" voru vel sýnilegir fram undir 1935, en þá var sléttað yfir svæðið. (Heimild: Örnefnalýsing Jóh. Óla Sæmundssonar). Nú er lítið sjáanlegt á yfirborði jarðar af þeim mannvirkjum sem greint er frá í örnefnalýsingu. Við nána athugun má þó greina leifar af ystu garðlögnum í hringnum. Skjal undirritað af ÞM 13.11.1980. Þinglýst 08.12.1980.

⁸⁸ ATH: Þessi kafla hefur ekki verið endurskoðaður miðað við ný lög um menningarminjar nr. 80/2012.

⁸⁹ Tillaga minjavarðar Norðurlands eystra 13. desember 2005

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001, IV. kafla, segir m.a.:

9. grein: Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á ... Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

10. grein: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

11. grein:Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

12. grein: Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrir-sjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdar-aðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins [Umhverfisstofnun] hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

13. grein: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

14. grein: Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Naust. 65°39,691 N 18°05,460 V.

Bærinn mun hafa staðið þar sem nú er trésmiðja vestan íbúðarhúss Nausta 1. Bæjarhúsin hafa verið mun umfangsmeiri en trésmiðjan og er því líklega leifar að finna á mun stærra svæði umhverfis hana þrátt fyrir að sléttað hafi verið úr bæjarhólnum á 8. áratug 20. aldar. Bæjarins er getið í Vígaglúmssögu. Í gamla túninu að austan og sunnan eru margar húsatóftir. Leifar túngarðs er að finna að sunnan, vestan og norðan.

Glerá. 65°40,407 N 18°09,538 V

Glerá er talinn vera landnámsjörð. Fram eftir öldum var bærinn aðeins nefndur Á. 1712 eru bæirnir orðnir tveir, þ.e. Efri-Glerá og Neðri-Glerá. Ekki er vitað með vissu hvar upprunalegi bærinn hefur staðið en líklegt er að hann hafi verið í grennd við Efri-Glerá því að skammt sunnan við það bæjarstæði er að finna leifar kirkjugarðs en kirkja var á staðnum þar til hún var flutt að Lögmannshlíð á 13. öld. Námuvinnsla hefur skemmt bæjarstæði Neðri-Glerár og stóran hluta gamla kirkjugarðsins. Skammt austan við Glerá 1 fannst kuml við malarnám og er því líklegt að á því svæði sé að finna fleiri kuml. Því ber að varast jarðrask á stóru svæði í túninu norðan malarnámu og austan Glerár 1.

Lögmannshlíð. 65°40,559 N 18°10,221 V

Um 65 metrum norðvestan kirkjunnar er bæjarhóll Lögmannshlíðar. Bæjarins er getið í Ljósvetningasögu og er þá nefnd Hlíð en það var fyrst á 15. öld sem farið var að kalla bæinn Lögmannshlíð. Bæjarins er fyrst getið í heimildum seint á 13. öld.

Dómhringir. 65°40,749 N 18°09,854 V.

Hringir, sem kallaðir hafa verið dómhringir, eru neðst í gamla Lögmannshlíðartúninu rétt austan við Hlíðarlækinn neðan (vestan) við hesthúshverfið. Staðurinn og þar með garðarnir, sem mynda hringina, voru sléttaðir 1935. Samkvæmt lýsingum voru þarna um 13 garðar í hálfhring upp frá læknum, hver upp af öðrum. Nú sést örla fyrir tveimur eða þremur þeirra. Staðurinn var friðlýstur með þinglýsingu árið 1980.

Syðra- og Ytra-Krossanes.

Á báðum bæjunum voru bæjarhólar sem geyma minjar horfinna alda. Því miður virðist sem mestur hluti bæjarhóls Syðra- Krossanes hafi verið að miklu leyti eyðilagður á síðustu árum. Þar er nú athafnasvæði með steypistöð ásamt einhvers konar bílakirkjugarði. Um 20 m norðan við bæjarstæðið fundust við jarðvegsvinnu á svæðinu bein úr nokkrum mönnum. Líklegt er talið að þar hafi verið kumlategur og hugsanlegt að þar kunni að leynast einhver óröskuð kuml. Allt jarðrask á svæði milli gils að norðanverðu og norður- og vesturmarka athafnasvæðis þarf að varast.

Steypt íbúðarhús frá miðri 20. öld stendur á bæjarhóli Ytra-Krossasess. Í bæjarhólnum er að finna minjar bæja frá liðnum öldum og ber því að varðveita hann.

Gamla Akureyri.

Á eyrinni vestan Búðargils hófst verslun á Akureyri á 16. öld. Á 18. og 19. öld fór að byggjast upp bær á þessum stað og með fram ströndinni til norðurs en þó aðallega til suðurs. Þótt mikið jarðrask hafi verið á

síðustu áratugum á þessu svæði er afar mikilvægt að fara að með gát og láta minjavörð vita ef fyrirhugað er að hefja framkvæmdir á stöðum þar sem ekki hefur verið mikið raskað áður.

Kjarni. 65°38,695 N 18°05,620 V

Kjarnaskógur er líklega vinsælasti útivistarstaður Akureyringa. Þar er að finna leifar bæjarins Kjarna. Um er að ræða bæjarhól, ýmis útihús og leifar hlaðinna túngarða. Vegna staðsetningar væri tilvalið að gera þessar minjar sýnilegri almenningi en nú er með merkingum og fróðleik um búsetu á staðnum. Ekki hefur verið plantað í þessar minjar og er það vel en líklega verður að gæta þess að sumar þeirra hverfi ekki í sjálfsáinn gróður. Bæjarhóllinn er þar sem útskorin trésúla stendur nú.


4.21. HÚSAVERND

Í II. kafla laga um húsafriðun nr. 104/2001 er kveðið á um friðun húsa og annarra mannvirkja og skipulag húsafriðunar. Ákvæðin eru í öllum meginatriðum samhljóða ákvæðum eldri þjóðminjalaga sem við hefur verið miðað við friðlýsingu húsa á skipulagssvæðinu.⁹⁰

Eftirtalin hús á Akureyri eru friðuð:

- Aðalstræti 14, Gamli spítali (suðurhluti), byggt 1835, friðað í B-flokki 1977.
- Aðalstræti 16, byggt 1900, friðað 1999.
- Aðalstræti 44, Elínarbaukur, reist 1840. Friðað 1990 vegna aldursákvæðis í 36. gr. þjóðminjalaga.
- Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús, reist 1849, friðað 1977.
- Aðalstræti 50, reist 1849, friðað 1977.
- Aðalstræti 52, líklega reist 1840. friðað 1977.
- Aðalstræti 54A Nonnahús, reist 1849, friðað 1977.
- Aðalstræti 62, reist 1846, friðað 1990 vegna aldursákvæðis í 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
- Aðalstræti 66, reist 1842, friðað 1990 vegna aldursákvæðis í 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
- Aðalstræti 66 A, Smiðjan, reist 1845. Friðað 1990 vegna aldursákvæðis.
- Bjarkarstígur 6, Davíðshús, reist 1944. Friðað 1977.
- Eyrarlandsvegur 3, Sigurhæðir, reist 1903. Friðað 1977.
- Eyrarlandsvegur 28, Menntaskólinn, reist 1904-1905, friðað 1977.
- Hafnarstræti 11, Laxdalshús, reist 1795, friðað 1977.
- Hafnarstræti 18, Túliníusarhús, reist 1902. Friðað 1977.
- Hafnarstræti 20, Höepfnershús, reist 1911, friðað 1977.
- Hafnarstræti 57, Samkomuhúsið, reist 1906, friðað 1977.
- Lækjargata 2 A, Frökenarhús, reist 1824, friðað 1990 vegna aldursákvæðis.
- Norðurgata 17, Gamla prentsmiðjan, reist 1882-1884, friðað 1982.

⁹⁰ Ath: Lög um húsafriðun nr. 104/2001 hafa verið felld úr gildi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012 gilda um húsafrindun og friðun. Nokkur fjöldi húsa telst nú (2014) friðaður vegna aldurs sbr. ákvæði laganna. Kaflinn hefur ekki verið endurskoðaður með hliðsjón af breyttum lögum. Sjá einnig kafla 3.2.



Mynd 4.21



Búðargil, gamla Akureyri. FSA og Lundarhverfi í baksýn.

- Strandgata 49, Gránufélagshúsin, reist 1876-1885, friðað 1982.
- Minjasafnskirkjan, reist 1846, friðuð 1990 samkvæmt aldursákvæði.
- Akureyrarkirkja friðuð 2004.

Um húsa- og hverfisvernd er fjallað í kafla 2.2.4, Bæjarmynd/Húsa- og hverfisvernd. Um einstök hús og húsaáðir í miðbænum, sem njóta hverfisverndar skv. aðalskipulaginu, er fjallað í kafla 3.2.

4.22. VATNASVÆÐI OG FLOKKUN VATNS

Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns (796/1999), svo og vatnsverndarsvæði sem skulu flokkuð í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn (536/2001).

Grunnvatn og yfirborðsvatn, þar á meðal sjór við strendur, skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns í eftirtalda flokka:

Flokkur A:	Ósnortið vatn
Flokkur B:	Lítið snortið vatn
Flokkur C:	Nokkuð snortið vatn
Flokkur D:	Verulega snortið vatn
Flokkur E:	Ófullnægjandi vatn

Vatnsverndarsvæði

Vatnsból Akureyringa eru annars vegar í Hlíðarfjalli og utanverðum Glerárdal, svo kölluð Hesjuvalla- og Glerárdalsból, og hins vegar á Vaglaeyrum í Hörgárdal utan marka bæjarfélagsins og því ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði Hesjuvalla- og Glerárdalsbóla eru afmörkuð á sveitarfélagsupprætti. Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um mengun vatns nr. 796/1999. Auk þess eru vatnsverndarsvæðin innan svæðis þar sem umferð vélknúinna farartækja er takmörkuð sbr. kafla 4.19.

Tryggt skal að viðeigandi viðbragðsáætlun og viðbúnaður á vatnsverndarsvæðum sé ávallt fyrir hendi til þess að mæta hugsanlegum slysum og óhöppum sem valdið gætu mengun vatnsbóla

Strendur, ár og vötn

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og ákvæði skipulagsreglugerðar eru sett langtímamarkmið um ástand strandsvæða. Samkvæmt reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp er frestur til ársloka 2005 til að fullnægja ákvæðum um hreinsun og losun skólps.

Unnið er að fráveitumálum bæjarins eftir ákveðinni áætlun þannig að ákvæðum reglugerða verði fullnægt. Gert er ráð fyrir að allt kolp fari um hreinsistöð norðan Sandgerðisbótar í 5-600 m langa útrás niður á 40 m dýpi.

Sjór við strendur Akureyrar telst viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólp. Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Vinna skal áætlun um það hvernig komist verði hjá

mengun Glerár vegna sigvatns frá sorphaugunum á Glerárdal. Einnig skal vinna áætlun í samvinnu við Hörgárbyggð um varnir gegn skólpmengun í Lónsá frá byggð og landbúnaði norðan árinna. Stefnt er að því að vatnasvæði ánnar verði í flokki A (ósnortið vatn) sem er raunhæft markmið sem unnt er að ná á 10-20 árum.

Markmiðin eru sett í ljósi víðtækra hagsmuna atvinnulífs og íbúa. Árnar renna um svæði sem njóta verndar vegna náttúruvafars og útivistargildis. Pollurinn er mikilvægt útivistarsvæði, bæði fyrir sportbáta, vatnaíþróttir og fiskveiðar, auk þess sem við ströndina eru mikilvæg matvælafyrirtæki sem framleiða matvöru á heimsmarkað.

4.23. SAMGÖNGUR

4.22.1 Gatnakerfi

Gatnakerfi bæjarins felst í stofnbrautum [aðalgatnakerfi,] og tengibrautum annars vegar og innra gatnaneti með húsagötum og safngötum hins vegar. Á aðalskipulagsupprætti er gerð grein fyrir [aðalgatnakerfi bæjarins. Tengingar við aðalgatnakerfið sem liggja yfir opin og óbyggð svæði eru sýndar á skipulagsupprætti en aðrar tengingar svo og innra gatnakerfi er skilgreint í deiliskipulagi. Tengingar við óbyggð svæði eru táknrænar og verða nánar útfærðar í deiliskipulagi. Á grunnkortu sést núverandi gatnakerfi. Grunnkortslínur hefa ekki skipulagsgildi.]⁹¹

4.22.2 Stígakerfi

Meginhluti stígakerfisins eru gangstéttir með fram götum bæjarins. Í aðalskipulagi eru skilgreindir **aðalstígar innan byggðar** sem tengja saman hverfi og megináfangastaði. Þeir eru að hluta jafnframt meginhólaleiðir þar sem stefnt er að endurbótum og aðgerðum til þess að auðvelda hjólreiðar og gera þær öruggari en nú. Aðalstígar fá forgang í uppbyggingu og viðhaldi (t.d. vetrarviðhaldi). Auk stígakerfisins inni í bænum er net **helstu útivistarstíga**. Aðalstígar og meginútivistarstígar eru sýndir á aðalskipulagsupprætti.

Reiðleið liggur ofan byggðar og tengist aðliggjandi sveitarfélögum í norðri og suðri. Meginreiðleið er sýnd á skipulagsupprætti.

4.22.3 Almennings-samgöngur

Ekki er gerð grein fyrir leiðakerfi almennings-samgangna í aðalskipulagi. Í skipulagi hverfa og bæjarhluta skal taka mið af leiðakerfi almenningsvagna og stuðla að því að almennings-samgöngur verði greiðar og hagkvæmar.



Á Ráðhústorgi

⁹¹ Breyting staðfest 10. júní 2010. Tenging við Brálund felld út 3.12.2012.

4.24. VEITUR

Á skipulagsuppdráttum er gerð grein fyrir stofnlögnum veitukerfa annarra en boðveitu. Sýndar eru aðveituaðar vatnsveitu og hitaveitu, núverandi háspennulínur að aðveitustöð og jarðstrengir að dreifistöðvum, svo og fyrirhuguð línustæði háspennulína. Einnig er sýnd áætluð útrás fráveitu og staðsetning dælustöðva fráveitukerfis. Símalagnir, ljósleiðarar og dreifilagnir annarra veitukerfa fylgja fyrst og fremst götum og stígum og verður lega þeirra ekki skilgreind í aðalskipulagi [nema hún víki frá meginreglunni]⁹²

4.25. LANDFYLLINGAR

Mannvirki til að verjast rofi á strandlengju, brimbrjóta, landfyllingar 5 ha eða stærri, svo og önnur mannvirki sem falla undir 2. viðauka reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum (liður h) ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Gert er ráð fyrir tveim landfyllingum á skipulagstímabilinu, auk minni háttar landfyllinga við Glerárgötu, innan miðbæjarsvæðisins í tengslum við endurskipulagningu og uppbyggingu miðbæjarins og minni háttar landfyllingu við svæði 2.61.15 O, svæði fyrir siglingaaðstöðu við Höepfner [ATH breytt nr. 2013].

Gerð er grein fyrir landfyllingum við flugvöll í deiliskipulagi flugvallarsvæðisins dags. í júní 2004, m.a áætlaðri efnistöku.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.15.1 H ⁹³	3,7	Landfylling í Krossanesi		Hafnarsvæði skv. deiliskipulagi
1.32.2 H ⁹⁴	0,3	Landfylling í Sandgerðisbót	Lagfæringar á hafnaraðstöðu	Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.11.19 H ⁹⁵	0,3+0,3	Landfyllingar í fiskihöfn		Uppbygging skv. deiliskipulagi
2.61.13 H 2.61.17 S	31,3	Landfylling við flugvöll		Öryggissvæði flugvallar og lóð undir nýja slökkvistöð
2.61.15 O ⁹⁶	4,7	Smábátahöfn og siglingaaðstaða	4,7 ha landfylling á Leirunni norðan Leiruvegar.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.

⁹² Breyting staðfest 8. október 2007

⁹³ Breyting staðfest 12. febrúar 2010


⁹⁴ Breyting staðfest 25. júní 2009

⁹⁵ Breyting staðfest 16. janúar 2008

⁹⁶ Breyting staðfest 28. maí 2009. Númeri breytt með sameiningu reita 1. október 2013

4.26. SVÆÐI TIL SÍÐARI NOTA

Ofan Síðuhverfis voru í ASAK98 afmörkuð tvö svæði til notkunar eftir skipulagstímabilið. Landnotkun er sýnd blönduð en einungis neðra svæðið gæti hentað undir íbúðarbyggð (29 ha). Efri mörk þess eru í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Áætlanir um mannfjölda og atvinnusvæði gefa ekki tilefni til þess að setja svæðin inn á aðalskipulag að svo stöddu. Svæðin eru nálægt Hlíðarfjalli og gætir þar síður síðdegissólar en annars staðar í bænum. Tekið hefur verið mið af svæðunum við áætlanir vegna umferðargatna og hefur það gefið vísbendingar um aukna umferð á umferðargötum á vesturjaðri byggðarinnar. Ástæða er til þess að huga að framtíðarþróun bæjarins án tillits til þeirra takmarkana sem núverandi sveitarfélagamörk setja. Hugsanlegt er að önnur svæði henti þá betur undir framtíðarbyggð en svæðin ofan Síðu- og Giljahverfis.



Mynd 4.26. Svæði til síðari nota

5. ÖNNUR SKIPULAGSÁKVÆÐI

5.1. ÞÉTTLEIKI BYGGÐAR

Skilgreining

Nýtingu eða þéttleika reita eða lóða er lýst með hlutfallinu á milli heildarflatarmáls bygginga og flatarmáls svæðis og þá kallað nýtingarhlutfall. Það er einkum notað í deiliskipulagi til að skilgreina leyfilegt byggingamagn á reitum og einstökum lóðum. Þegar þéttleika á stærri svæðum, bæjarhlutum og hverfum er lýst er gjarnan talað um fjölda íbúða á hvern hektara (100x100 m, íb/ha).

5.1.1. Þéttleiki núverandi hverfa

Þéttleiki hverfa á Akureyri er frá 9 íb/ha í Gerðahverfi upp í rúmar 20 íb/ha á Oddeyri. Ef Gerða- og Lundahverfi eru reiknuð sem eitt hverfi hafa þau á bilinu 12-15 íbúðir/ha.

5.1.2. Viðmiðun um þéttleika byggðar

Á þeim svæðum eða reitum, þar sem í gildi er deiliskipulag, gildir það nýtingarhlutfall sem þar er skilgreint. Við deiliskipulagningu og umfjöllun um einstök byggingarmál verði notaðar þær viðmiðanir sem koma fram í meðfylgjandi töflum og texta eftir því sem við á. Viðmiðanirnar eru þær sömu og í Aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010. Í Naustahverfi er miðað við að þéttleiki verði u.þ.b. 15-20 íb/ha. Í samræmi við markmið um þéttingu byggðar skal þess gætt að ný byggingarsvæði verði vel nýtt þannig að gætt verði hagkvæmni gagnvart landnotkun og þjónustukerfum. Ný íbúðarhverfi verði að jafnaði nokkuð þéttbyggðari en þau hverfi sem byggð hafa verið undanfarna áratugi. Stefna ber að því að meðalþéttleiki nýrrar íbúðarbyggðar utan miðbæjar verði að lágmarki 20 íb/ha.

Í *fullmótuðum gömlum hverfum* verði einstakar breytingar metnar með tilliti til aðstæðna á lóð, yfirbragðs byggðar, ákvæða byggingarreglugerðar, hagsmuna nágranna og þarfa fyrir bílastæði, leiksvæði og opin svæði. Veruleg hækkun á nýtingu verði ekki leyfð nema að undangengnu deiliskipulagi viðkomandi reits og meðferð þess samkvæmt skipulagslögum.

Í *athafnahverfum* ræðst lóðanýting af mörgum þáttum, s.s. eðli starfsemi, þörf fyrir útisvæði og bílastæði og hæð húsa. Meðfylgjandi töflur sýna þá nýtingu sem eðlilegt er talið að miða við í deiliskipulagi nýrra athafnahverfa og *nýrra íbúðasvæða*. Á *stofnanalóðum* verður nýtingarhlutfall ákveðið í samræmi við eðli og þarfir viðkomandi stofnunar. Yfirleitt verður nýting slíkra lóða lág (0,2-0,3), s.s. á skóla- og dagvístalóðum.

5.2. BIFREIÐASTÆÐAKRÖFUR

Tilskilinn fjöldi bifreiðastæða á lóð skal ákveðinn í deiliskipulagi eða byggingar- og skipulagsskilmálum. Ef ekki er kveðið á um annað skal miða við eftirfarandi lágmarkskröfur.

Þéttleiki hverfa á Akureyri*			
Hverfi	Fjöldi íbúða	Stærð (ha)	Íbúðir/ha
Oddeyri	598	27,5	21,7
Norðurbrekka	702	53,4	13,2
Gerðahverfin	288	31,9	9,0
Lundahverfi	931	49,0	19,0
Hlíðahverfi	769	63,3	12,1
Síðuhverfi	850	73,2	11,6
Giljahverfi	722-752	49,5	14,6-15,2

* Tölurnar eru úr Aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, bls. 43, nema tölur yfir Giljahverfi. Til flatarmáls hverfis teljast safn- og húsaagötur, opin svæði og leiksvæði (þó ekki íþróttasvæði félaga eða meiriháttar útivistarsvæði) og þjónustulóðir, sem tilheyra venjulegri hverfisþjónustu.

Viðmiðun um nýtingarhlutfall við deiliskipulag nýrra athafnahverfa og -lóða	
Starfsemi	Nýtingarhlutfall
Iðnaðar- og hafnarsvæði	0,2-0,5
Svæði fyrir almenna atvinnustarfsemi	0,4-0,7
Miðhverfi	0,7-1,1

Viðmiðun um nýtingarhlutfall við deiliskipulag nýrra íbúðarsvæða	
Húsgerð	Nýtingarhlutfall
Einbýlishús	0,35
Raðhús, garðhús	0,50
Fjölbýlishús:	
2 hæðir	0,50-0,80
3 hæðir	0,60-0,90
4-5 hæðir	0,65-1,00
6 hæðir	0,70-1,10

5.2.1. Íbúðar- og atvinnuhúsnæði

Fyrir sérbýlishús og hverja íbúð í sambýlishúsum, sem er 80 m² eða stærri, skulu vera 2 stæði. Íbúðir í sambýli á stærðarbilinu 50-80 m² skulu hafa 1.5 stæði. Íbúðir, sem eru minni en 50 m², skulu hafa 1 stæði en að auki skal gert ráð fyrir 1 gestastæði fyrir hverjar 5 íbúðir.

Gerð er almenn krafa um 1 stæði fyrir hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis. Bílastæðakrafa fer eftir tegund starfsemi og staðsetningu og skal ákvörðuð sérstaklega með tilliti til þess í deiliskipulagi eða við breytingu á notkun og nýtingu lóða. Bílastæðaþörf verslunar getur verið frá 1 stæði fyrir hverja 10 m². Bílastæði vegna geymsluhúsnæðis mega ekki vera færri en 1 stæði á hverja 150 m².

Þar sem bifreiðastæði í þéttbýli geta tekið mikið landrými og haft þannig óskileg áhrif á gæði og yfirbragð byggðarinnar skal leitast við að koma stæðum fyrir neðanjarðar eða í kjöllumur fjölbýlishúsa. Þá skulu kannaðar leiðir til að hvetja og auðvelda húseigendum í gömlum hverfum, þar sem götur eru þröngar og erfitt að leggja bifreiðum, að gera stæði innan lóða.

5.2.2. Stórir bílar og vinnuvélar

Ekki er heimilt að leggja stórum bílum og vinnuvélum í húsa götum. Í skipulagi nýrra hverfa skal gera ráð fyrir stæðum fyrir slík tæki og leitast skal við að finna svæði í gömlum hverfum sem hentað gætu fyrir þessa notkun.

5.3. HÆÐ HÚSA

Hæð nýbygginga skal almennt taka mið af þeim stærðarhlutföllum, umhverfi og bæjarmynd sem fyrir er á Akureyri. Í miðbæ er að jafnaði miðað við 4-5 hæða byggingar en að einstakar byggingar eða hlutar bygginga, sem mynda kennileiti í byggðinni, geti risið hærra, almennt í 6-7 hæðir. Utan miðbæjar er gert ráð fyrir að ný byggð verði yfirleitt heldur lægri, í samræmi við hæð og hlutföll nærligjandi byggðar.

Frávik frá almennri viðmiðun um húshæðir, sem skilgreind kunna að verða í deiliskipulagi (5-10 hæðir), skulu vera hófleg og rökstudd: Þau skulu styrkja jákvæða eiginleika bæjarumhverfisisins, taka mið af landslagi og miða að því að bæta bæjarmyndina með áherslum og kennileitum á mikilvægum stöðum auk þess sem þau taki mið af öryggismálum og björgunarbúnaði. Þannig verður ekki heimilt að reisa hús sem nálgastr hindrunarflöt vegna flugöryggis á Akureyrarflugvelli.

5.4. NÆTURKLÚBBAR

Rekstur nætukurklúbba á skipulagssvæðinu er með öllu óheimill, nema þar sem gert er ráð fyrir þeim í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Sbr. 9. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 67/1985 er nætukurklúbbur skilgreindur sem veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni.⁹⁷



Lundarhverfi

⁹⁷ Samþykkt í bæjarstjórn 18.2.2003, gildistaka með auglýsingu í Stjórnartíðindum 10.7.2003.



6. FRAMFYLGD

6.1. FRAMFYLGD MARKMIÐA

Markmið aðalskipulags sýna í grófum dráttum hvert bæjarfélagið vill stefna og benda í sumum tilvikum á ákveðin verkefni eða aðgerðir sem stuðla að meginmarkmiðum. Gert er ráð fyrir að nánar verði unnið að skilgreiningu og framkvæmd stefnunnar í stjórnkerfi bæjarins, t.d. með skipun starfshópa um tiltekin viðfangsefni, og að nefndir og starfsmenn bæjarins hafi að leiðarljósi þau gildi sem koma fram í markmiðum og stuðli að því að þeim verði náð.

Einnig er gert ráð fyrir að stefnan verði höfð til viðmiðunar við gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana þannig að unnið verði að þeim viðfangsefnum og verkefnum sem skilgreind eru og þeim raðað eftir því sem ástæða og efni þykja til hverju sinni. Stefna aðalskipulagsins mótar jafnframt ramma fyrir skipulag einstakra hverfa, bæði núverandi og fyrirhugaðra, og ber að taka mið af markmiðum og ákvæðum þess við vinnslu deiliskipulags.

6.2. SAMRÆMING SKIPULAGS OG FJÁRHAGS- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLANA

Stefna ber að því að uppbygging og rekstur þjónustu af ýmsu tagi sé í takt við þarfir hverju sinni og fylgi vexti byggðarinnar. Til að tryggja þetta sem best þurfa skipulagsáætlanir og fjárhags- og framkvæmdaáætlanir í gatnagerð, skólamálum og umhverfismálum að vera í samræmi innbyrðis.

Við skipulagningu nýrra hverfa ber því að hafa náið samráð við þá aðila sem fara með slíka málaflokka og er mikilvægt að öllum skipulagstillögum fylgi m.a. kostnaðaráætlanir.

6.3. ENDURSKOÐUN

Markmið og ákvæði skipulagsins eru byggð á forsendum, aðstæðum og sjónarmiðum sem eru breytingum háð í tímans rás. Þess vegna þarf að fylgjast með forsendum, t.d. þróun í atvinnulífi, breytingum á aldursskiptingu, félagseinkennum og íbúafjölda, þróun og einkennum byggingastarfsemi, ástandi umhverfis o. s. frv., og meta áhrif breytinga á þá stefnu sem sett er fram. Með ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997 (með síðari breytingum) um að sveitarstjórn skuli meta í upphafi hvers kjörtímabils hvort ástæða sé til endurskoðunar á aðalskipulagi er tryggt að þetta verði gert með reglulegu millibili.


7. BREYTINGAR FRÁ AÐALSKIPULAGI AKUREYRAR 1998-2018

7.1. HELSTU BREYTINGAR Á GERÐ SKIPULAGSUPPDRÁTTAR

- Litanotkun er breytt í samræmi við ákvæði nýrrar skipulagsreglugerðar (400/1998).
- Hluti innra gatnakerfis, safngötur, sem áður voru sýndar á skipulagsuppdrætti, er felldur út. Einungis tengibrautir og stofnbrautir eru skilgreindar í aðalskipulagi sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar.
- Afmörkun landnotkunarreita er einfölduð. Þar sem safngötur eru ekki lengur sýndar á aðalskipulagi eru reitir sameinaðir í stærri heildir. Markalínur landnotkunarreita miðast við miðlínur aðliggjandi gatna og jaðra götustæða tengibrauta og safngatna.
- Innra fyrirkomulag reita (t.d. íbúðarhverfa) verður ekki sýnt í aðalskipulagi. Leikvellir og lítil opin (græn) svæði innan íbúðarhverfa teljast hluti viðkomandi landnotkunarreits og verða einungis sýnd í deiliskipulagi. Breytt framsetning felur ekki í sér að opin svæði verði þar með byggingarsvæði. Nokkur stór leiksvæði (t.d. gæsluvellir) og skrudgarðar, sem áður voru merkt sem opin, óbyggð svæði, eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota (ekki talið upp í breytingarlista).
- Svæði til síðari nota og framkvæmdir utan skipulagstímabilsins eru ekki sýndar á aðalskipulagsuppdrætti heldur einungis á skýringaruppdrætti í greinargerð (kafla 4.25).

7.2. STAÐFESTAR BREYTINGAR Á ASAK-98 FRAM TIL NÓVEMBER 2005

Hrafnabjörg, stækkun íbúðarsvæðis	Samþ. í bæjarstj. 24.1.06
Strandgata – Torfunef	Í gildi 21.10.05
Mýrarvegur, fjölbýlishús	Í g. 20.05.05
Baldurshagi, fjölbýlishús	Í g. 03.05.05
Flugvöllur/Oshólmarnir	Í g. 10.08.05
Glerárvirkjun	Í g. 08.10.04
Leikskóli Helgamagrastræti	Í g. 20.08.04
Dvalarheimilið Hlíð	Í g. 21.06.04
Mýrarvegur, fjölbýlishús	Í g. 17.05.04
Einholt, íbúðarlóðir	Í g. 10.05.04
Krókeyri, safnasvæði	Í g. 20.10.03
Skessugil, íbúðarsvæði	Í g. 20.10.03
Fiskihöfn (stækkun landfyllingar)	Í g. 19.09.03
Krossaneshagi	Í g. 19.09.03
Móasiða, br. á landnotkun	Í g. 19.09.03



Við Gleráirkirkju, íb.svæði	Í g.	31.07.03
Tröllagil (gr. sv. verður íb.sv.)	Í g.	10.07.03
Víðilundur (iðn.sv. verður íb.sv/gr. sv.)	Í g.	10.07.03
Ákvæði um næturlúbba	Í g.	10.07.03
Síðuskóli, stækkun lóðar.....	Í g.	25.04.03
Kiðagil 1 og bensinstöðvarlóð	Í g.	10.03.03
Hlíðarfjallsvegur, reiðleið o.fl.....	Í g.	19.07.02
Íbúðarsvæði við Furulund.....	Í g.	19.07.02
Glerárdalur, akstursípróttabraut	Í g.	11.02.02
Hraungerði, einb.húsalóðir	Í g.	31.10.01
Lindasíða, íbúðarsvæði.....	Í g.	31.10.01

Verslunarlóð við Langholt.....	Staðf.	24.11.00
Verksmiðjussvæði á Gleráreyrum	Staðf.	10.05.00
Iðavöllur á Oddeyri	Staðf.	06.10.99

7.3. BREYTINGAR

7.3.1. Almenn atriði

Ekki verða taldar upp breytingar sem falla undir upptalningu í kafla 7.1

7.3.2. Breytingar á landnotkun

Krossanes og athafnasvæði norðan Glerár

- 1.15.1 H Hafnarsvæði í Krossanesi: Breyting á hafnarköntum og landfyllingum til samræmis við deiliskipulag.
- 1,16,1 A Krossaneshagi: Athafnasvæðið stækkað vegna áforma um stækkun lóða GV og Gúmmívinnslnnar við Freyjunes og Goðanes.
- 1.16.2 A og 1.16.3 A: Breytt afmörkun athafnasvæða til samræmis við breytta legu Síðubrautar. Svæðunum breytt úr iðnaðarsvæðum í athafnasvæði.
- D Dælustöð fráveitu við Hlíðarbraut.
- 1.21.1 A Athafnasvæði við Grænhól. Lítils háttar breyting á mörkum svæðis til samræmis við tillögu að deiliskipulagi.
- 1.24.9 A Iðnaðarsvæði Sjafnar breytt í athafnasvæði.
- 1.32.1 A Svæði við Óseyri austan Krossanesbrautar breytt úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði. Svæðið stækkað á kostnað hafnarsvæðis 2.32.2 H. Dælustöð fráveitu D.
- 1.42.6 A Athafnasvæði Norðurorku skilgreint sem athafnasvæði í stað iðnaðarsvæðis.



- 1.43.1 O Vesturmörkum hesthúsasvæðis breytt líttlega svo fjárhúslóð verði innan marka þess.
- 1.61.11 I Afmarkað iðnaðarsvæði fyrir vatnsgeyma vatnsveitu við Hlíðarfjallsveg.
- 1.61.4 I Afmarkað svæði fyrir vatnsveitumannvirki við Torfadal ofan Glerár, lokahús, vatnstank og athafnasvæði vegna vatnsveitu.

Síðhverfi og Giljahverfi

- 1.24.10 S Ný lóð fyrir leikskóla norðan Síðuskóla. Áður opið, óbyggt svæði.
- 1.24.11 Íb Þétting byggðar við Vestursíðu. Íbúðarsvæði í stað opins, óbyggðs svæðis og opins svæðis til sérstakra nota.
- 1.24.13 O Allt svæðið milli nýrrar íbúðarbyggðar og Síðuskóla skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota.
- 1.42.9 Íb Þétting byggðar við Hlíðarbraut neðan Réttarhvamms. Nýtt íbúðarsvæði neðan við Réttarhvamm, ætlað undir námsmannaíbúðir. Athafnasvæði 1.42.5 A minnkað sem nemur einni lóð á norðurhluta svæðisins.

Holtahverfi og Hlíðarhverfi

- 1.31.4 V Verslunarlóð við Langholt. Breytt úr athafnasvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.
- 1.31.9 Þétting byggðar við Miðholt. Nýtt íbúðarsvæði sunnan Miðholts.
- 1.31.4/5/6 Íb Þétting byggðar við Krossanesbraut. Þrjú svæði austan Krossanesbrautar fyrir sérbylishús.
- 1.33.7 S Stofnanasvæði við Glerárskóla stækkað til austurs upp í Melgerðisás.
- 1.33.9/10/11 O Svæði, sem liggja að íþróttasvæði Þórs, skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota.
- 1.33.13 Íb Íbúðarsvæði minnkað sunnan stúdentagarða við Skarðshlíð til samræmis við landnotkun.
- 1.33.15 O Svæði við Drangshlíð skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota.
- 1.33.17 Íb Þétting byggðar við Melgerðisás. Nýtt íbúðarsvæði.

Oddeyri

- 2.11.8 V Verslunarhús við Glerárgötu/Eyraryveg. Athafnasvæði breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu.
- 2.11.9 V/Íb Glerárgata/Hvannavellir. Breytt úr athafnasvæði í blandaða landnotkun, verslun, þjónustu og íbúðir.
- 2.11.11 V Verslunarlóð Hagkaups. Svæðið stækkað líttlega til samræmis við breytingar á aðliggjandi gatnakerfi.



Giljahverfi haustið 1990 og í ágúst 2004



Kaupvangsstræti, Grófargil

2.11.15 I, 2.11.16 S: Svæði við Árstíg. Mörkum svæða breytt. Iðnaðarsvæði minnkað og athafnasvæði 2.11.14 A stækkað. Lóð slökkvistöðvar og miðstöðvar strætisvagna skilgreind sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

2.11.17 A Svæði milli Laufásögðu og Hjalteyrargötu. Allt svæðið skilgreint sem athafnasvæði. Var áður iðnaðarsvæði og að hluta athafnasvæði og hafnarsvæði.

2.11.19/20 H Hafnarsvæði skipt í tvö svæði, vöruhafnarsvæði og fiskihöfn

Gleráreyrar, Kotárborgir, Sólborg

2.21.2 S/Íb Nýtt svæði við Dalsbraut, blönduð landnotkun, stofnun/íbúðarsvæði. Ætlað háskólanum og námsmannafbúðum.

2.21.3 S/Íb/O Kotárborgir. Blönduð landnotkun með möguleika á að nýta útivistarsvæðið að hluta fyrir háskólann.

2.21.5 O Kotárborgir skilgreindar sem opið svæði til sérstakra nota.

2.22.2 A/V Athafnasvæði vestan Glerártorgs verður skilgreint sem blanda athafnasvæðis og svæðis fyrir verslun og þjónustu.

2.22.3 Íb Íbúðarsvæði við Klettaborgir stækkað um 2-3 lóðir.

2.22.4 S Ný lóð norðan Klettaborgar fyrir safnaðarheimili.

Miðbær og Norðurbrekka

2.32.6 O/Íb/V Svæði Akureyrarvallar skilgreint sem blanda íbúðarbyggðar, verslunar- og þjónustusvæðis og opins svæðis til sérstakra nota.

2.41.1 M Miðbær sunnan Kaupvangsstrætis. Suðurmörk svæðis dregin nær miðbæjarkjarnanum. Samkomuhúsið, Sjónarhæð og gamli barnaskólinn verða utan miðbæjarsvæðis.

2.41.3 M, 2.41.4/5 H: Miðbær austan Drottningarbrautar. Mörkum miðbæjar og hafnarsvæðis breytt. Einungis hafnarmannvirki skilgreind sem hafnarsvæði. Gert ráð fyrir miðbæjarbyggð við Torfunef.

2.41.2 M Sýndar útlínur síkis sem áformað er að grafa inn að Skipagötu.

Lundarhverfi og Suðurbrekka

2.51.6 Íb Viðjulundur. Núverandi athafnasvæði breytt í íbúðarsvæði.

2.51.7 Íb Þétting byggðar við Lundarhverfi. Nýtt íbúðarsvæði milli Lundarhverfis og nýrrar Miðhúsabrautar.

2.52.2 S, 2.52.5 S/O: Skóla- og sundlaugarsvæði. Afmörkun stofnanasvæða breytt, svo og mörkum stofnanasvæða með útivistargildi.

3.12 ómerkt Iðnaðarsvæði BM Vallár ofan Glerárbrúar fellt út.

3.12.2 I Mjólkursamlagið við Miðhúsabraut. Svæði minnkað lítillega vegna breyttrar legu Miðhúsabrautar.

Innbær

2.61.5 Íb/V Blönduð byggð austan Hafnarstrætis, verslun, þjónusta og íbúðir í stað athafnasvæðis og íbúða.

2.61.10 S/O Safnasvæði við Krókeyri minnkað lítillega efst í brekkunni vegna áformaðrar breytingar á Miðhúsabraut.

2.61.15 O Svæði siglingaklúbbsins við Höepfner. Afmörkun breytt til samræmis við deiliskipulagstillögu.

2.61.18 O/H Skilgreind áform um gerð skemmtibátahafnar og aðstöðu fyrir siglingaklúbb við Leiruveg án þess að afmarka landnotkunarreit.

Naustahverfi

3.21.1-15 Naustahverfi. Skipulagslínur lagaðar að núverandi deiliskipulagi og rammaskipulagi.

Svæði utan byggðar sunnan ár

3.12.3 S Athafnasvæði Vegagerðarinnar breytt í svæði fyrir þjónustustofnanir.

3.12.5 O Stækkun golfvallar á móti skerðingu vegna Miðhúsabrautar.

3.31.2 Glerárdalur skilgreindur sem hverfisverndarsvæði. Ákvæði um dalinn í gildandi aðalskipulagi falla að skilgreiningu skipulagsreglugerðar um svo nefnda hverfisvernd.

3.31.3 F og 3.31.4 F. Skátaskálarnir Gamli og Fálkafell merktir inn á uppdrátt sem frístundahús.

3.41.1 O Kjarnaskógur skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota.

Annað

Markmiðum um flokkun strandsvæða og yfirborðsvatns (Glerár og Lónsár) er breytt til samræmis við tillögur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (kafli 4.22). Öll strandlengjan er sett í flokk B og fjörðurinn skilgreindur sem „viðkvæmur viðtaki“. Áður var einungis fjallað um strandsvæði innan Oddeyrartanga.

E Efnistökusvæði eru merkt inn á aðaluppdrátt.



Lystigarður, MA og Suður-Brekkan

7.3.3. Breytingar á umferðarkerfi

Umferðarkerfi er sýnt á einfaldri hátt en áður þar sem einungis eru sýndar tengibrautir og stofnbrautir á aðalskipulagsupprætti. Aðrar götur sjást sem hluti grunnkorts og eiga ákvæði aðalskipulags ekki við um þær.

Breytingar á umferðarkerfi felast í eftirtöldum atriðum:

Tengibrautir við Lundarhverfi: Í ASAK98 var skipulagi á áætluðu vegstæði Dalsbrautar og „Mjólkur-samlagsvegur“ eða Miðhúsabrautar frestað. Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti á fundi sínum 14.6.2005 tillögu þar sem m.a. var lagt til að kannaðir yrðu möguleikar á að leggja Miðhúsabraut vestan Mjólkursamlags og vestan Jólasveinabrekku, svo og að lagður yrði „göngu- og hjólastígur í götustæði Dalsbrautar og það skilgreint sem stígur við næstu endurskoðun aðalskipulags. Ekki verði heimilað að þrängja að því svæði sem hingað til hefur verið tekið frá fyrir götustæði“. Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar var Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis felld út tillögu að nýju aðalskipulagi sem auglýst var í febrúar 2005. Einnig er legu Miðhúsabrautar breytt og var hún að hluta utan þess svæðis þar sem skipulagi var frestað í ASAK98.

24. maí 2006 samþykkti bæjarstjórn að mætt yrði „óskum þess stóra hóps Akureyringa sem sendi inn athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi bæjarins 2005-2018 og lutu að legu tengibrauta og nýtingu Akureyrarvallar. Lagt er til að á árinu 2006 verði lokið við að leggja Miðhúsabraut frá Mýrarvegi að Súluvegi í einum áfanga. Til verkefnisins verði veitt 100 millj. kr. aukafjárveitingu við endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2006. Á aðalskipulagi verði gert ráð fyrir Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis en framkvæmdir við götuna ekki hafnar fyrr en áhrif af lagningu Miðhúsabrautar hafa verið könnuð og aðrir kostir reyndir til þrautar. Ef gatan verður lögð verður haft samráð við íbúa og hverfisnefndir um hönnun hennar.“⁹⁸

Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar hefur Dalsbraut verið færð inn á aðalskipulagsupprátt milli Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar. Legu Miðhúsabrautar var breytt lítillega þannig að skerðing golfvallarins verður minni en ella. Að auki er gatnamótum Miðhúsabrautar, Þingvallastrætis og Hlíðarbrautar er breytt.

Síðubraut: Gatnakerfi í athafnasvæðinu í Krossaneshaga er einfaldað með því að sameina Síðubraut og safngötu innan hverfisins. Tengibrautin liggur því í gegn um hverfið í stað þess að vera á mörkum fólkvangsins í Krossanesborgum.

Hjalteyrargata/Laufásgata: Lagt er til að Laufásgata verði tengibraut frá gatnamótum við Fiskitanga að Strandgötu í stað Hjalteyrargötu sem verður safn- og/eða húsagata. Strandgata verður einnig tengibraut að Laufásgötu.

Glerárgata: Í ákvæðum um miðbæ í kafla 3 er fjallað um breytingar á Glerárgötu. Gatan er stofnbraut og hluti hringvegur 1. Áformað er að breyta yfirbragði og hönnun götunnar og umhverfis hennar þannig að



Miðbærinn, Torfunef, Bótin

⁹⁸ Fundargerð bæjarstjórnar Akureyrar 25.4.2006

hún hæfi því umhverfi sem hún liggur um og verði jákvæður hluti miðbæjarumhverfisins. Breytingar koma ekki fram á aðalskipulagsupprætti.

Miðhúsabraut: Legu Miðhúsabrautar í brekkunni ofan Krókeyrar er breytt lítillega til þess að lagfæra erfiða beygju á bröttum vegi og búa í haginn fyrir gatnamót.

Breytingar á innra gatnakerfi, svo og meiri háttar breytingar á gatnamótum og útfærslu gatna, verða skilgreindar í deiliskipulagi.

8. MAT Á ÁHRIFUM SKIPULAGS-TILLÖGUNNAR



Í aðalskipulagi Akureyrar, sem staðfest var í september 1998, var lögð áhersla á stefnumótun fyrir þá málaflokka sem fjallað var um í því. Stefnan hefur að hluta verið grundvöllur áframhaldandi vinnu m.a. í umhverfismálum og byggingarmálum. Ekki þótti ástæða til að endurskoða þá stefnu, sem mörkuð var 1998, í heild heldur einungis í afmörkuðum þáttum, þ.e. um þéttingu byggðar, tengibrautir, endurlífgun miðbæjar og verslunarsvæði.

Í aðalskipulaginu 1998 var í fyrsta sinn unnið með aðalskipulag sem hluta framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum, svo nefnda staðardagskrá 21. Sú stefna, sem mörkuð var, varð síðar grundvöllur hinnar formlegu vinnu við staðardagskrá 21 fyrir Akureyri sem staðfest var af bæjarstjórn Akureyrar 24. apríl 2001.

Í framhaldi af aðalskipulagsvinnunni 1998 og stefnumörkun um bæjarmynd og hönnun bygginga var einnig mótuð sérstök byggingarlistarstefna bæjarins sem samþykkt var 12. júní 2001.

Lögð er áhersla á þéttingu byggðar og bættu nýtingu bæjarlandsins. Leitast er við að nýta óbyggð svæði innan núverandi byggðar undir íbúðarbyggð, svo og svæði sem hætt eru að þjóna upphaflegu hlutverki sínu eða þarfnast endurnýjunar og endurbyggingar. Með þéttingu byggðar munu þjónustukerfi bæjarins nýtast betur, bæði tæknileg kerfi, gatnakerfi og veitur, og félagsleg s.s. skólar, leikskólar og aðrar stofnanir. Jafnframt verður leitast við að bæta skörðotta eða gisna bæjarmynd með þéttingu byggðarinnar.

Með áætlun um endurlífgun miðbæjar, m.a. með talsverðri íbúðarbyggð, er einnig stefnt að bættri nýtingu þjónustukerfa, bættri bæjarmynd og betra búsetuumhverfi fyrir alla bæjarbúa. Uppbygging miðbæjar og þétting byggðar styður markmið aðalskipulagsins frá 1998 um að stemma stigu við aukinni bílaumferð. Þétting byggðar og efling miðbæjar stuðlar beinlínis að minnkandi bílaumferð.

Ekki eru gerðar breytingar á afmörkun náttúruverndarsvæða en þau skilgreind nánar og á skýrari hátt. Efnisnáma í Damminum ofan Glerárstíflu (innan marka svæðis á náttúruminjasrá) er auðlind sem endurnýjast með framburði árinna og verður þar fram haldið efnisnámi á sama hátt og verið hefur um áratugi. Aðrar efnisnámur eru á svæðum sem nýtt verða til annarra nota að efnisnámi loknu. Unnið er að frágangi á stóru efnistökusvæði við bæinn Glerá ofan bæjarins og er stefnt að því að efnistöku verði hætt þar fyrir árslok 2007. Svæðið, svo og önnur efnistökusvæði á Glerárdal, verður mótað að efnisnámi loknu sem sérhæft útivistarsvæði, m.a. sem akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði o.þ.h.

Ekki hefur enn fundist framtíðarlausn á tilhögun sorpförgunar og verða sorpförgunarsvæði á Glerárdal nýtt til 2009 skv. gildandi starfsleyfi. Unnið er að gerð svæðisáætlunar, sem gilda á fyrir tímabilið 2005-2020, um meðhöndlun úrgangs fyrir Eyjafjarðarsvæðið.

Við gerð aðalskipulagsins 1998 var skipulagi í vegstæði tengibrauta við Lundarhverfi frestað. Unnið hefur verið að lausn málsins og skoðaðir ýmsir kostir og haft samráð við íbúa Lundarhverfis. Við fyrri auglýsingu aðalskipulagstillögunnar fyrir skipulagstímabilið 2005-2018 var gert ráð fyrir að Dalsbraut

yrði felld út sunnan Þingvallastrætis. Mjög margar athugasemdir bárust við þau áform og hefur bæjarstjórn komið til móts við þær með breytingum á skipulagstillögunni.

Í endurskoðaðri aðalskipulagstillögu er legu Miðhúsabrautar breytt lítillega. Jafnframt er gert ráð fyrir gerð Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis og að hún verði ekki lögð fyrr en áhrif af lagningu Miðhúsabrautar hafa verið könnuð og aðrir kostir reyndir til þrautar. Með breyttri Miðhúsabraut og án Dalsbrautar, ef til þess kæmi, munu akstursleiðir lengjast, svo og heildarakstursvegalengdir, og bílaumferð að öllum líkindum aukast. Á móti fengjust meiri umhverfisgæði á jöðrum Lundarhverfis, sem annars hefðu legið að tengibrautunum auk þess sem tengibraut myndi ekki fara í gegn um skólahverfi Lundarskóla eins og það er nú afmarkað. Verði Dalsbraut lögð gefst kostur á styttingu leiða og greiðum samgöngum milli hverfa sem getur haft í för með sér minni heildarbílaumferð en ella. Mikilvægt er að hugað verði að áhrifum götunnar á yfirbragð, hljóðvist og umferðaröryggi í Lundarhverfi. Áhrif beggja gatnanna á umhverfið verða metin eins og getið er um í kafla 2.4.3 og 8.1.

Breytingar á gatnakerfi í Krossaneshaga eru gerðar til einföldunar og munu leiða af sér styttingu akstursvegalengda og betri nýtingu gatnakerfisins. Breyting á tengibrautum á Oddeyri felur í sér betra aðgengi þungaflutninga að og frá hafnarsvæði og matvælafyrirtækjum á svæðinu og verða þeir í meiri fjarlægð frá íbúðarbyggð en nú er. Einnig gefst kostur á tengingu svæðisins milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu við íbúðarbyggðina á Oddeyri og getur það falið í sér möguleika á breyttri og bættri nýtingu svæðisins síðar þótt gert verði ráð fyrir atvinnufyrirtækjum þar áfram að svo stöddu.

8.1. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

Samkvæmt 2. viðauka reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005 geta eftirtaldar framkvæmdir í bæjarlandinu verið háðar mati á umhverfisáhrifum. Metið verður í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort þær verði háðar mati á umhverfisáhrifum.

- Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings raforku með 66 kV spennu eða hærri. Nýjar línur ofan byggðar að tengivirki á Rangárvöllum.
- Efnistaka sem raskar 25.000 m² (2,5 ha) svæði eða stærra eða 50.000 m³ eða meiri.
- Flugvellir með styttri en 2.100 m langa meginflugbraut. Meginflugbrautir 2.100 m eða lengri eru ávallt matsskyldar skv. 1. viðauka reglugerðarinnar.
- Tengibrautir í þéttbýli.
- Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri. Öryggissvæði flugvallar og ný slökkvistöð, landfylling alls um 31,3 ha.

Miðhúsabraut og Dalsbraut eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Samhliða auglýsingu aðalskipulagstillögunnar mun Akureyrarbær tilkynna framkvæmdirnar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort þær skuli háðar slíku mati. Við undirbúning og hönnun brautanna verður fylgt stefnu aðalskipulagsins (sjá kafla 2.4.3) um að beita vinnuaðferðum sem viðhöfð eru við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, óháð því hvort þær teljist matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða ekki.

8.2. ÁHRIFAMAT/UMHVERFISSKÝRSLA VEGNA STAÐFESTRA BREYTINGA⁹⁹

8.2.1. Ljósleiðari á Rangárvöllum og nýtt iðnaðarsvæði á Rangárvöllum (1.42.10 I), staðfest 8. október 2007

Ljósleiðari

Um er að ræða jarðstreng, sem einungis verður greinanlegur þar sem hann verður lagður yfir ár á brúm og í lagnastokkum. Áhrif á umhverfi, jarðveg, gróður og dýralíf eru einungis staðbundin og tímabundin við framkvæmdatíma. Áhrif á loftslag eru engin. Lagning strengsins eykur öryggi dreifikerfis raforku og hefur þannig jákvæð áhrif á almannaöryggi.

Iðnaðarsvæði

Uppbygging endurvinnslustöðva er tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000). Við gerð deiliskipulags verða umhverfisáhrif áætlaðrar starfsemi á svæðinu metin ef áformuð verður þar starfsemi sem talin er upp í 1. eða 2. viðauka laganna. Umhverfismat áætlunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana (105/2006) verður því unnið á deiliskipulagsstigi ef áformuð landnotkun gefur tilefni til.

8.2.2. Iðnaðarsvæði 3.12.2 I, mjólkurstöð við Miðhúsabraut, staðfest 7. nóvember 2007

Norðausturmök lóðarinnar snúa að íbúðarbyggð við Furulund. Í deiliskipulagi er gerð grein fyrir áhrifum starfseminnar á nánasta umhverfi. Þar eru settir skilmálar um mannhelda girðingu á lóðamörkrum og skal hún vera hljóðdempanði gagnvart íbúðarbyggðinni. Aðkoma verður óbreytt úr norðri frá Miðhúsabraut. Athafnasvæði utandyra verður á vesturhluta lóðarinnar.

Þar sem ekki er um að ræða starfsemi sem talin er upp í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2006 með síðari breytingum) er ekki lagt sérstakt mat á umhverfisáhrif skipulagsáætlunarinnar sbr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana (105/2006).

8.2.3. Landfyllingar á hafnarsvæði 2.11.19 H, staðfest 16. janúar 2008

Hafnar- og iðnaðarstarfsemi um rúmlega aldarskeið hefur markað sín spor á hafnarsvæðinu þannig að þar er hvergi ósnert eða óraskað land eða strönd. Engin friðuð svæði eða svæði á náttúruminjaskrá tengjast skipulagsbreytingunni. Breytingin hefur því engin áhrif á ósnerta náttúru, náttúrufrýrbrigði eða landslagsgerðir sem njóta einhvern vinnu verndar samkvæmt lögum eða reglugerðum. Áætlunin hefur ekki áhrif á svæði sem falla undir ákvæði alþjóðasamninga um náttúruvernd.

⁹⁹ Nýr kafli, ágúst 2014.

Samhengi við aðrar áætlanir

Breyting á hafnarkanti við Togarabryggju er í samræmi við Samgönguáætlun 2007 – 2018. Aðalskipulagsbreytingin mun hvorki hafa áhrif á aðliggjandi skipulagsáætlanir né hafa í för með sér aukna umferð. Nánari útfærsla og skipulagsákvæði verða sett fram í breyttu deiliskipulagi hafnarsvæða sunnan Glerár, sem nú er unnið að.

8.2.4. Smábátahöfn á Leirunni, 2.61.18 O, staðfest 28. maí 2009

Breytingin hefur hvorki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir né landsáætlanir. Breytingin mun hafa jákvæð áhrif á búsetuumhverfi Akureyrar með bættum útivistarmöguleikum og bættu umferðaröryggi.

Hluta Leirunnar í botni Eyjafjarðar verður raskað með uppgreftri og landfyllingu. Leirubakkinn færir jafnt og þétt til norðurs með framburði Eyjafjarðarar, sem þannig viðheldur Leirunni, sem er mikilvæg fuglalífi svæðisins. Leiran utan Leiruvegjar, frá Höepfner að ströndinni að austanverðu, er um 90 ha miðað við sjómælingakort frá 2003 og nýlegar loftmyndir. Áætlað rúmmál 4 ha landfyllingar er um 100.000 m³. Fyllingarefni fæst að hluta úr væntanlegum Vaðlaheiðargöngum og að hluta með uppdælingu á setefni á svæðinu. Staðbundin truflun verður á lífríki svæðisins á framkvæmdatíma en varanleg neikvæð áhrif engin.

8.2.5. Smábátahöfn í Sandgerðisbót (1.32.2 H), staðfest 25. júní 2009

Aðalskipulagsbreytingin er gerð til samræmis við deiliskipulagstillögu. Breytingin hefur hvorki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir né landsáætlanir. Um er að ræða nauðsynlegar endurbætur m.a. af öryggis-ástæðum sem felast í minni háttar lagfæringum, sem ekki hafa áhrif á umhverfið umfram það sem þegar er orðið. Enginn munur er á umhverfisáhrifum „núllkosta“ og breytinga.

Breytingin stangast ekki á við umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda.

Einungis gerð hreinsi- og dælustöðvar fráveitu á svæðinu hefur áhrif á umhverfið. Stöðin er ekki viðfang þessarar breytingar. Ekki er talin ástæða til þess að viðhafa sérstakar mótvægisáðgerðir eða vöktun vegna framkvæmda við smábátahöfnina.

8.2.6. Afmörkun hafnarsvæðis við Oddeyrarbyggju (2.11.19 H), staðfest 3. júlí 2009

Breytingin hefur hvorki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir né landsáætlanir. Breytingin stangast ekki á við umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda. Enginn munur er á umhverfisáhrifum „núllkosta“ og breytinga. Áhrif á umhverfið felast í sýnileika þeirrar byggingar, sem heimilt verður að reisa að breyttu deiliskipulagi. Ekki er talin ástæða til þess að viðhafa sérstakar mótvægisáðgerðir eða vöktun vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Tillagan felur í sér óveruelga breytingu þar sem mörk landnotkunarreita eru endurskoðuð. Með því eru bættar forsendur fyrir byggingu þjónustuhúss á hafnarbakkanum sbr. tillögu að breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Nýbyggingin mun ekki hafa neikvæð áhrif á búsetuumhverfi nágretta t.d. með skuggavarpi eða útsýnisskerðingu enda er talsverð fjarlægð að næstu íbúðarhúsum. Sýnileiki nýbyggingarinnar mun

ekki hafa neikvæð áhrif á þá atvinnustarfsemi, sem næst er. Því verður ekki séð að breytingin sé líkleg til að skerða hagsmuni annarra eða valda ágreiningi.

8.2.7. Malbikunarstöð á Glerárdal (3.11.3 I), þéttbýlismörk (við Rangárvelli), staðfest 4. september 2009

Breytingin er gerð til samræmis við núverandi stöu og væntanlegt deiliskipulag. Breytingin hefur í sjálfu sér engin áhrif á landnotkun og nýtingu. Staðsetning malbikunarstöðvarinnar er talin ákjósanleg og ekki eru taldir betri kostir innan bæjarmarka.

Breyting á afmörkun náttúruverndarsvæðis í Glerárgili hefur engin bein áhrif á þá umhverfisþætti, sem verndaðir eru með ákvæðum um náttúruverndarsvæði. Náttúruverndarsvæði er afmarkað rúmt í aðalskipulagi án nákvæmrar greiningar á staðhættum. Breytingin felur í sér að mörk þess verða að hluta nær gilbarmi en nú er en hins vegar er gert ráð fyrir að mörk iðnaðarsvæðisins verði 35-50 m fjær gilinu en núverandi jaðar athafnasvæðis malbikunarstöðvarinnar. Sú breyting gefur kost á frágangi við gilbarminn, sem mun hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

Breytingin hefur hvorki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir né landsáætlanir. Breytingin hefur engin neikvæð áhrif á umhverfið umfram það sem þegar er orðið enda hefur malbikunarstöðin verið rekin á svæðinu frá 1965. Enginn munur er á umhverfisáhrifum „núllkosta“ og breytinga.

Breytingin stangast ekki á við umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda.

Ekki er talin ástæða til þess að viðhafa sérstakar mótvægisáðgerðir eða vöktun vegna framkvæmda og rekstrar umfram það sem tilgreint er í starfsleyfi.

8.2.8. Hafnarsvæði í Krossanesi (1.15.1 H), staðfest 12. febrúar 2010

Breyting þessi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000).

Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrulegt umhverfi né menningarminjar. Um er að ræða viðlegukant, viðbót við þegar byggt mannvirki, þar sem ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli hafnarstarfsemi, og er ekki gert ráð fyrir umtalsverðri aukningu á umferð eða umsvifum á skipulagssvæðinu. Breytingin styður megin stefnu Akureyrarbæjar um samgöngur.

Áætlað efnismagn í stækkun fyllingar og viðlegukant er um 15.000 m³. Efnið verður fengið úr grjótnámunni í Krossanesi, sem er um 500 m vestan hafnarsvæðisins. Grjótnáman er í eigu Akureyrarbæjar og hefur tilskilin rekstrarleyfi.

Í breytingunni felast minni háttar breytingar á útfærslu mannvirkja, sem þegar er gert ráð fyrir í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Ekki er um að ræða nein ný mannvirki eða starfsemi, sem breytir umhverfisáhrifum hafnarsvæðisins frá því sem þegar er gert ráð fyrir í gildandi skipulagsáætlunum.

8.2.9. Afmörkun kirkjugarðs á Naustahöfða (2.61.11 O), staðfest 12. febrúar 2010

Breyting þessi er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Á þeim svæðum sem stækkunin nær til eru engar skráðar fornminjar. Stækkun kirkjugarðsloðarinnar hefur engin áhrif á verðmæt eða merkileg náttúrufrýrbrigði og getur ekki talist hafa nein neikvæð áhrif á umhverfið. Með breytingunni er aðgengi að garðinum bætt til muna.

8.2.10. Akureyrarflugvöllur (2.61.13 H), staðfest 8. desember 2010

Flugvellir með 2,100 m langa flugbraut eða lengri, eru tilgreindir í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) og fellur Akureyrarflugvöllur því undir ákvæði laganna og þar með ákvæði laga um umhverfismat áætlana (105/2006).

Aðalskipulagsbreytingin felur hins vegar ekki í sér nýjar heimildir til framkvæmda, sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum heldur einungis óverulegar breytingar á núverandi mannvirkjum auk breyttrar afmörkunar flugvallarsvæðis. Áhrif skipulagsbreytingarinnar eru óveruleg en eftir sem áður geta framkvæmdir á flugvallarsvæðinu verið háðar mati á umhverfisáhrifum. Áhrif breytinganna verði metin nánar í umhverfisskýrslu og/eða greinargerð deiliskipulagsbreytingarinnar.

8.2.11. Stækkun golfvallar að Jaðri (3.12.1 O), staðfest 22. desember 2010

Enginn skráður minjastaður er innan stækkaðs golfvallarsvæðis. Stækkun golfvallarins nær yfir þegar raskað og ræktað land og hefur því ekki áhrif á óstnerta náttúru. Breytingin og aðgerðir í kjölfar hennar munu hafa jákvæð áhrif á umhverfið m.a. með endurheimt votlendis eins og kveðið er á um í deiliskipulagstillögu. Þar er m.a. gert ráð fyrir að skurðum á svæðinu verði breytt í lækjarfarvegi með náttúrulegu yfirbragði eða lokað í þeim tilgangi að vatn safnist fyrir. Notkun lokræsa verður takmörkuð. Aðgerðirnar eru svipaðar og beitt var við endurheimt votlendis í Naustaflóa skammt sunnan golfvallarins.

Breytingin styður megin stefnu Akureyrarbæjar um að „veita fólki möguleika á fjölbreyttum tækifærum til tómsunda, útivistar og fræðslu og bæta umhverfi, umgjörð og yfirbragð bæjarins“.

8.2.12. Landnotkun í landi Hlíðarenda, staðfest 22. desember 2010

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Tveir skráðir minjastaðir eru innan nýrra landnotkunarreita. Þeir eru ekki merktir á aðalskipulagsuppdraetti sbr. kafla 4.20.1 í greinargerð aðalskipulagsins.

- Ey-295:004 Uppsalar – minjar af býli sem eru sennilega alveg horfnar.
- Ey-295:005 Vörðuhóll – hóll norðvestan við Hlíðarfjallsveginn.

Við gerð deiliskipulags og framkvæmdir á svæðinu skal taka mið af ákvæðum IV. kafla þjóðminjalaga nr. 107/2001 (greinar 10, 12 og 14).

Nálægð við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er ein af meginforsendum ferðaþjónustusvæðis í landi Hlíðarenda. Einnig eru önnur íþróttasvæði og keppnissvæði í næsta nágrenni s.s. golfvöllur, akstursíþróttasvæði og skotvöllur. Uppbygging ferðaþjónustusvæðisins getur haft jákvæð áhrif á nýtingu þessara svæða og samlegðaráhrif orðið góð fyrir atvinnulíf og efnahag í bæjarfélaginu.

8.2.13. Svæði fyrir þjónustustofnun við Vestursíðu (1.24.14 S), staðfest 28. janúar 2011

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Enginn skráður minjastaður er innan skipulagssvæðisins.

Breytingin styður stefnu Akureyrarbæjar um blöndun félagshópa og er í meginatriðum í samræmi við almenn markmið aðalskipulagsins um húsnæðismál aldraðra og fatlaðra.

8.2.14. Smábátahöfn við Torfunef (2.41.5 H, 2.41.6 H), staðfest 16. nóvember 2011

Breytingin óveruleg, raskar hvorki náttúru né menningarminjum og hefur engin neikvæð áhrif á umhverfið. Breytingin er innan eðlilegra skekkjumarka aðalskipulags en sjónarmunur verður á afmörkun hafnarsvæðisins og því talið nauðsynlegt að breyta aðalskipulagsupprætti formlega. Lenging grjótgarðsins nemur um 170 m².

Breytingin styður meginstefnu Akureyrarbæjar um að „veita fólki möguleika á fjölbreyttum tækifærum til tómstunda, útivistar og fræðslu og bæta umhverfi, umgjörð og yfirbragð bæjarins“.

8.2.15. Hafnarsvæði á Oddeyrartanga (2.11.19 H), staðfest 23. mars 2012

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Breytingin, sem er óveruleg, hefur engin neikvæð áhrif á umhverfið og raskar hvorki náttúru né menningarminjum. Breytingin er innan eðlilegra skekkjumarka aðalskipulags en sjónarmunur verður á afmörkun hafnarsvæðisins miðað við gildandi skipulag og því talið nauðsynlegt að breyta aðalskipulagsupprætti formlega. Enginn munur er á umhverfisáhrifum „núllkosta“ og breytinga. Ekki verður séð að breytingin sé líkleg til að skerða hagsmuni annarra eða valda ágreiningi.

Breytingin styður meginstefnu Akureyrarbæjar um að „veita fólki möguleika á fjölbreyttum tækifærum til tómstunda, útivistar og fræðslu og bæta umhverfi, umgjörð og yfirbragð bæjarins“.

8.2.16. Háspennulínur og -strengir, tengivirki við Kífsá (1.51.3 I), staðfest 9. maí 2012

Mat á umhverfisáhrifum

Gerð Blöndulínu 3 er matskyld framkvæmd samkvæmt 22. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum eru tengivirki ekki matskyld og því verður aðeins lítilllega fjallað um umhverfisáhrif tengivirkisins.

Mat og val skipulagskosta

Þegar tengivirki er valinn staður er horft til margra áratuga varðandi grunnkerfi samfélagsins. Byggð á Akureyri er farin að nálgast tengivirkið á Rangárvöllum, og var talið að 220 kV tengivirki og aðkomandi línur yrðu betur settar ofar í hlíðinni, til þess að hafa sem minnst áhrif á þróun byggðar á næstu áratugum. Skoðaðir voru þrjú valkostir fyrir tengivirkið: 1) við Kífsá, 2) í Glerárdal, skammt neðan við veginn upp í Hlíðarfjall, 3) í Glerárdal, skammt ofan við Glerárgilið. Vegna þess að Hlíðarfjall og Glerárdalur eru og verða fjölsótt útivistarsvæði, var talið að tengivirki við Kífsá yrði mun heppilegri kostur, þar sem það er utan alfaraleiðar.

Eftir að tengivirkinu hefur verið valinn staður við Kífsá, er lega línunnar nánast sjálfgefin. Hún kemur inn Kræklingahlíðina skv. staðfestu aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 og endar ofan við tengivirkið og tengist því að ofanverðu.

Núllkostur er sá kostur að ekki verði af breytingu á gildandi áætlun. Í gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er ekki gert ráð fyrir því að um styrkingu verði að ræða á flutningskerfi raforku. Yrði þá einungis um einfalda 132 kV tengingu að ræða á svæðinu. Sú tenging mun ekki anna orkuflutningum í framtíðinni að svæðinu og tryggja ásættanlegt afhendingaröryggi raforku.

Umhverfisáhrif línu og tengivirkis

Blöndulína 3 er innan marka Akureyrarkaupstaðar á um 800 m kafla við enda línunnar. Þar verða reist 2-3 stálgrindarmöstur, þ.e. 1-2 stöguð burðarmöstur og eitt óstagað endamastur. Leggja þarf malarborna slóð að mastrastæðunum og gera 10x10 m plan við möstrin.

Ekki liggur fyrir hvort tengivirkið verður útvirki, eins og tengivirkið á Rangárvöllum, eða innvirki, þar sem allur búnaður er innanhúss. Í báðum tilvikum þarf að gera plan, u.þ.b. 140x80 m, sem verður væntanlega áfangaskipt. Í tilviki útvirkis samanstendur búnaðurinn af stálgrindarrömmum, með rofum og öðrum búnaði, auk spennubreytis úr 220 kV í 132 kV, og girðingu í kring. Í tilviki innvirkis yrði reist hús, sem fullbyggt gæti orðið 130x30 m, og tæplega 20 m hátt. Loks þarf að leggja um 750 m langan veg frá Lögmannshlíðarvegi að tengivirkinu. Jarðstrengur að Rangárvöllum verður lagður meðfram veginum.

Umhverfisáhrif línu verða fyrst og fremst sjónræn, af völdum mastra og leiðara. Það mildar áhrifin að línan er vel utan byggðarinnar, hefur hlíðar Hlíðarfjalls sem bakgrunn og ber ekki við himin séð frá byggð. Sjónræn áhrif tengivirkis verða einnig nokkur, hvor útfærslan sem verður valin. Tengivirkið mun skyggja á endamastur línunnar.

Jarðstrengur frá Kífsá að Rangárvöllum fer um óbyggt land, aðallega gömul tún en einnig óræktað land. Þar er sneitt hjá mishæðum og klapparhólum. Jarðstrengur frá Rangárvöllum að Krossanensi verða í götustæði Síðubrautar, þ.e. á landi sem þegar hefur verið raskað með gatnagerð og landi, þar sem gatnagerð er fyrirhuguð.

Áhrif á gróður verða af völdum slóðagerðar, auk þess sem tengivirkisplan og vegur að tengivirki skerða gróður. Um er að ræða móa, að hluta með skógrækt, og úthaga með mýrarblettum. Áhrif á fuglalíf eru talin minniháttar. Vegna fjarlægðar frá byggð verða rafsvið, segulsvið og hljóðvist ekki vandamál.

Engir skráðir minjastaðir eru í línustæði eða við tengivirki. Um 200 m eru milli tengivirkis og skráðra minjastaða á bæjarhól Kífsár. Jarðstrengur frá tengivirkinu ofan Kífsár veður lagður sunnan bæjarhólsins og fjarri skráðum minjastöðum. Nokkrir skráðir minjastaðir eru í grennd jarðstrengja í götustæði Krossanesbrautar. Strengirnir fara um raskað land og munu ekki hafa frekari röskun minjastaða í för með sér en orðið er. Áhrif framkvæmda á fornminjar verða því engin.

Hvorki er farið um vatnsverndarsvæði né náttúruverndarsvæði. Áhrif á jarðmyndanir og útivist eru talin minniháttar. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélag.

Á heildina litið eru umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar talin óveruleg.

8.2.17. Íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi, staðfest 22. febrúar 2013

Breytingin felur m.a. í sér breytingu á gatnamótum á tengibraut. Helstu áhrifaþættir breytingarinnar eru á samgöngur en umferð eykst óverulega vegna stækkunar og nýrrar tengingar inn í íbúðahverfi. Breyting á landnotkunarreitum og ný tenging felur ekki í sér breytingu á loftgæðum, heilsu, öryggi eða eignum frá núverandi ástandi til langs tíma litið. Á framkvæmdatíma gætu orðið neikvæð staðbundin áhrif á þessa þætti. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir útfærslu gatnatengingar, lóða og bygginga svo og hljóðvist og sjónrænum áhrifum vegna hljóðvarna.

Óbyggt svæði, sem tekið er undir íbúðarsvæði og stofnanasvæði, hefur verið nýtt sem boltavöllur. Stækkuð skólalóð Giljaskóla mun nýtast íbúum Giljahverfis sem opið leik- og útivistarsvæði. Auk þess er Giljahverfi á jaðri byggðar og liggur að opnu landi, sem nýttist vel til útivistar.

Breytingin styður markmið í aðalskipulagi Akureyrar um að skapa fötluðum skilyrði til að taka hindrunarlaust þátt í samfélaginu á við aðra þjóðfélagshópa.

8.2.18. Athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabaut - Súluveg (3.12.5 A, 3.12.8 V), staðfest 18. júlí 2013

1. Breyting er gerð á gatnamótum Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar. Tengibrautir falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og ber að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar skv. ákvæðum laganna. Helstu áhrifaþættir eru á samgöngur. Umferðarmagn ætti ekki að breytast en umferðarflæði að batna. Landið sem breytingin tekur til er þegar raskað. Ekkert gefur tilefni til að ætla að breytingin hafi í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif.

Bornar voru saman þrjár tillögur að legu gatnamótanna, a) skv. gildandi aðalskipulagi, b) millileið og c) sem næst núverandi legu Þingvallastrætis. Millileiðin b) var valin m.t.t. þess að annars vegar verða gatnamótin fjær leikskóla en skv. leið c) og hins vegar verða áhrif á núverandi starfsemi á svæðinu mun minni en skv. leið a). Útfærsla gatnamótanna verður ákveðin í deiliskipulagi. Hljóðvarnarmúr er norðan aðliggjandi íbúðarbyggðar og hefur breytingin ekki áhrif á hljóðvist þar.

2. Landnotkunarreitur athafnasvæðis við Súluveg er nú þegar byggður og í notkun. Þar hefur verið rekin steypustöð í áratugi. Þrengt verður að athafnasvæðinu þannig að 10-25 m svæði verður utan lóðar meðfram Glerá en nú nær athafnasvæðið fram á árbakkann og hefur veruleg neikvæð áhrif á yfirbragð svæðisins og hindar umferð gangandi fólks meðfram ánni. Einnig verður lóð skert á suður og austurmörkum. Mörk svæðis á náttúruuminjaskrá eru aðlöguð nýjum landnotkunarreit. Lóðamörk verða ákveðin í deiliskipulagi.
3. Nýtt verslunar- og þjónustusvæði er á röskuðu landi í gömlu vegstæði Súluvegar. Svæðið er ætlað undir áfyllingarstöð fyrir metan sem unnið verður úr urðunarstaðnum á Glerárdal. Mannvirki verða samskonar og á venjulegri bensínstöð. Nánari ákvæði verða sett í deiliskipulagi. Fyrirhuguð starfsemi er liður aukinni í nýtingu innlendra og vistvænna orkugjafa.
4. Merking núverandi dælustöðvar vatnsveitu á aðalskipulagsupprætti er formsatriði og hefur engin áhrif á umhverfið.

Aðalskipulagsbreyting þessi felur ekki í sér heimildir til framkvæmda, sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Áhrif breytingarinnar eru í meginatriðum jákvæð þar sem gert er ráð fyrir endurbótum á umhverfi Glerár, umferðaröryggi er bætt og bættar eru aðstæður fyrir nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

8.2.19. Íbúðarsvæði 3.21.1 Íb í Naustahverfi, Jaðarstún, staðfest 11. september 2013

Breytingin hefur óveruleg áhrif á umhverfi og samfélag. Aukin íbúðarbyggð hefur í för með sér aukna bílaumferð í réttu hlutfalli við íbúðafjölda. Breytingin er í samræmi við þéttleika og gerð þeirrar byggðar sem fyrir er og hefur ekki í för með sér grundvallarbreytingar á umhverfi, umferð eða bæjarmynd.

8.2.20. Reiðleiðir, afmörkun hafnarsvæða, Hesjuvellir, staðfest 1. október 2013

Reiðleiðir

Breyting á stígakerfi og gerð nýrra stíga hefur ekki umtalsverð áhrif á náttúrufar og engin áhrif á skráða minjastaði. Leitast er við að fylgja fyrirbyggjandi slóðum og vegum þar sem þess er kostur. Breytingin bætir öryggi á stígakerfinu aðgengi að útivistarsvæðum.

Afmörkun hafnarsvæða og svæða við strönd

Áhrif breyttrar framsetningar á umhverfi og samfélag eru engin. Breytingin hefur einungis áhrif á skipulagsferil framkvæmda á viðkomandi landnotkunarreitum.

Hesjuvellir

Breytingin hefur óveruleg áhrif á umhverfi og samfélag.

8.2.21. Akstursíþrótt- og skotsvæði á Glerárdal (1.61.3 O, 1.61.3 O), staðfest 31. október 2014

Starfsemin á svæðinu (varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir) er tilgreind í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og voru fyrirhugaðar framkvæmdir tilkynntar Skipulagsstofnun árið 2008. Niðurstaða stofnunarinnar var að akstursíþróttasvæði Bílaklúbbs Akureyrar á Glerárdal væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sem tilgreindar eru í viðaukum laga nr. 106/2000, eru einnig tilkynningarskyldar og ber að tilkynna Skipulagsstofnun um framkvæmdir þegar þar að kemur. Skipulagsbreytingin er háð lögum um umhverfismat áætlanana nr. 105/2006.

Ítarleg umhverfisskýrsla var unnin við gerð deiliskipulagsins árið 2008. Ekki er talin þörf á að endurmeta áhrif á þá umhverfisþætti sem þar komu til umfjöllunar aðra en gróðurfar vegna stækkunar skipulagssvæðis.

Tengsl við aðrar áætlanir

Norðan Hlíðarvegur eru svæði fyrir frístundabyggð og ferðaþjónustu. Aukin umferð og umsvif á svæðinu gætu haft áhrif á þá byggð. Huga þarf að hljóðvörnum gagnvart henni í samræmi við ákvæði reglugerða.

Deiliskipulagi svæðisins verður breytt. Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar áætlanir.

Ekki eru gerðar breytingar á stofnlögnum vatnsveitu. Skipulag iðnaðarsvæðis vegna vatnsveitumannvirkja er unnið í samvinnu við Norðurorku og er þar tekið mið af hagsmunum vatnsveitunnar.

Með breytingunni er m.a. stutt við eftirtalin markmið aðalskipulagsins:

Meginmarkmið: Stuðla ber að heilbrigði og vellíðan íbúa með því að skapa góða aðstöðu fyrir fjölbreytta útivist, íþróttir og tómstundir að vetri sem sumri.

Deilimarkmið: Góð aðstaða verði fyrir sem flestar íþróttagreinar, bæði inni sem utan dyra, og verði Akureyri miðstöð keppnisíþróttá Norðurlandi.

Umhverfisaðstæður

Landið er mólendi, að hluta raskað af efnistöku neðst en nokkuð raskað af vegslóðum ofar. Um það liggja stofnlagnir vatnsveitu Norðurorku frá vatnsbólum í Hlíðarfjalli og á Glerárdal. Tekið skal mið af þeim í deiliskipulagi.

Svæðið sem um ræðir liggur að Glerárgili sem er á náttúruminjaskrá. Breytingin hefur ekki áhrif á stígakerfi og reiðleiðakerfi aðalskipulagsins.

Fjöldi minjastaða eru skráðir í landi Glerár en enginn þeirra er á því svæði, sem lagt verður við landnotkunarreit akstursíþróttasvæðisins.

Helstu áhrif

Starfsemin á svæðinu hefur áhrif á hljóðvist í næsta nágrenni sbr. umfjöllun í umhverfisskýrslu deiliskipulags svæðisins frá 2008. Hljóðstig á aðliggjandi svæðum getur farið yfir viðeigandi viðmiðunarmörk þegar tiltekin starfsemi er á svæðinu. Hljóðstig við hesthúsabyggð og reiðleið næst svæði BA er í öllum tilfellum undir 55 db(A) hámarkshljóðstigi. Mikilvægt er að deiliskipulagið verði áfram mótað með hliðsjón af því að lágmarka áhrif þess á umhverfið og aðliggjandi byggðir og útivistarsvæði. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir hjóðmönnum þar sem þeirra er þörf.

Landmótun og uppgræðsla svæðisins hefur jákvæð áhrif á yfirbragð þess, útivistargildi og gróðurfar.

Skipulagskostir

Um er að ræða stækkun svæða undir starfsemi sem fyrir er. Ekki var ástæða til þess að skoða aðra skipulagskosti.

Aðalskipulagsbreyting þessi felur ekki í sér heimildir til framkvæmda, sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið þótt starfsemi á svæðinu falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Áhrif breytingarinnar eru í meginatriðum jákvæð þar sem gert er ráð fyrir bættri aðstöðu fyrir íþóttaiðkun og tómstundastarf auk þess sem í henni felst ákveðin landmótun og uppgræðsla. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa.

8.2.22. Kjarni, Hamrar og Gata sólarinnar (3.21.16 F, 3.21.15 Íb, 3.41.4 O), staðfest 4. nóvember 2013

Aðalskipulagsbreytingin snertir ekki aðrar skipulagsáætlanir.

Gata sólarinnar

Byggðin er í brekkunni, sem er framhald bæjarbrekkunnar á Akureyri. Hún er að mestu skógi vaxin en þverskorin af misdjúpum giljum. Akureyrarflugvöllur er handan Eyjafjarðarbrautar og eru um 430 m frá neðsta orlofshúsinu í flugbrautarjaðar. Enginn skráður minjastaður er innan svæða fyrir frístundahús.

Valkostir við breytingu á skipulagi frístundabyggðar eru fyrst og fremst tveir, annars vegar óbreytt skipulag með öðrum áfanga byggðarinnar neðan tengibrautar en hins vegar færsla nýrrar byggðar upp fyrir núverandi byggð eins og stefnt er að. Þriðji kosturinn er að falla frá stækkun byggðarinnar og geyma íbúðarsvæðið óbreytt fyrir íbúðarbyggð í fyllingu tímans.

Stækkun byggðarinnar hefur annars vegar áhrif á núverandi beitarhólf en hins vegar á stærð fyrirhugaðra íbúðarsvæða syðst í Naustahverfi. Sett verða ákvæði um færnanleika bygginga þess vegna og er uppbygging því afturkræf að því leyti.

Tjaldsvæðið að Hömrum

Skipulagssvæði væntanlegs deiliskipulags nær yfir allt útivistarsvæðið í Kjarnaskógi ásamt útlílfsmiðstöð skáta og tjaldsvæði á Hömrum. Svæðið er skógi vaxið að mestum hluta en á Hömrum eru opnar flatir fyrir þá starfsemi, sem þar er. Norðan tjaldsvæðis og útlílfsmiðstöðvar eru lágur klettaborgir sem afmarka svæðið til norðurs. Aðkomuleið að svæðinu frá Kjarnavegi er norðan þeirra. Stækkun svæðisins nær til túna og beitarhólfa norðan klettaborganna.

Allt svæðið, bæði núverandi skipulagssvæði og áformuð stækkun, er raskað land, meira og minna mótað af lanbúnaðarnytjum áður og skógrækt á seinni árum.

Um svæðið liggja flutningslínur raforku í eigu Landsnets, Laxárlína 1 (66 kV) og Kröflulína 1 (132 kV). Helgunarsvæði (öryggissvæði) er undir og meðfram línunum, sem takmarkar nýtingu landsins og hefur áhrif á skipulagsgerðina.

Valkostur við breytingu á deiliskipulagi tjaldsvæðis og útilífsmiðstöðvar að Hömrum og stækkun svæðis er óbreytt staða, núllkostur.

Nokkrir minjastaðir eru innan skipulagssvæðisins, horfin bæjarhús, útihús, túngarðar, gerði og stekkir en einnig mógrafir og ein sögn um huldufólksbúskap. Á því svæði sem stækkunin nær til er merktur einn minjastaður, mógrafir (Ey. 303:004). Við gerð deiliskipulags og framkvæmdir skal tekið mið af minjastöðum og forðast rask þeirra. Verði það ójákvæmilegt skal haft samráð við Minjastofnun Íslands og minjavörð.

Meginatriði

Aðalskipulagsbreyting þessi felur ekki í sér heimildir til framkvæmda, sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið þótt hluti hennar falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Áhrif breytingarinnar eru í meginatriðum jákvæð með bættri aðstöðu fyrir útivist og afþygingu. Breytingarnar hafa hvorki áhrif á ósnerta náttúru, sérstök náttúruyfyrirbrigði né menningarminjar.

8.2.23. Miðbær, staðfest 22. maí 2014

Umhverfisskýrsla dags. 29.1.2014 var hluti skipulagsgagna vegna aðalskipulagsbreytingarinnar. Skýrslan er ítarleg en hér er birt niðurstaða og samantekt.

1.4 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að breyting á aðalskipulagi í heild muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið.









Hagræn áhrif eru mögulega jákvæð þar sem kostnaður við að grafa út síki og framkvæmd við bílakjallara er umtalsverður og hvoru tveggja verður fellt burt í breytingu á aðalskipulagi. Þá eru möguleg jákvæð áhrif vegna uppbyggingu hafnarinnar og möguleika sem það skapar. Aftur á móti eru neikvæð hagræn áhrif möguleg vegna verri landnýtingar þar sem byggingarmagn minnkar.

Samfélagsleg áhrif eru að mestu óveruleg fyrir utan möguleg jákvæð áhrif vegna möguleika á að skapa sólríkari dvalarsvæði vegna lægri bygginga.

Áhrif á heilsu og öryggi er að mestu talin óveruleg en þó eru jákvæð áhrif talin möguleg vegna öruggari lausnar m.t.t. grunnvatns- og sjávarstöðu þar sem bílastæði verða ekki lengur í kjöllurum.

Sjónræn áhrif og áhrif á samfélag eru talin geta verið jákvæð þar sem byggðin verður lægri en áður var gert ráð fyrir og í meira samræmi við þá byggð sem fyrir er. Aftur á móti eru möguleg neikvæð áhrif þar

-  Jákvæð áhrif, engin áhrif
-  Neikvæð áhrif, mikil áhrif
-  Óviss áhrif
-  Áhrif hæð útfærslu
-  Engin áhrif - á ekki við

Miðbær, breyting á aðalskipulagi					
	01	02	03	04	
Áhrifaþættir > V Umhverfisþættir	Hagrænir þættir	Samfélagslegir þættir	Heilsa og öryggi	Ásýnd og sjónræn áhrif	Núll-kostur
Síki tekið út	 Minni kostnaður				
Bilageymslur í stað bílakjallara	 Minni byggingarkostn.  Verri landnýting		Öruggari lausn m.t.t. grunnvatns og sjávarstöðu 	 Bilageymslur verða sýnilegri	
Hæð byggingar 3-4 hæðir í stað 4-5 hæða	 Verri landnýting	 Bætt dvalarsvæði m.t.t. sólar og birtu		 Bætt samræmi við aðliggjandi byggð	
Færsla á hafnarгарði og fylling					
Breyting á veglinu Glerárgötu					

Miðbær. Samantekt umhverfisáhrifa.

sem ekki er lengur gert ráð fyrir bílgeymslum undir yfirborði og verða þær því sýnilegri en áður var gert ráð fyrir.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan (*á spássíu*).

8.2.24. Virkjun á Glerárdal (1.61.7 A, 1.51.4 I, 1.61.6 I), staðfest 30. maí 2014

Breyting á aðalskipulagi ásamt deiliskipulagi fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða vegna liðar 3 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 ...vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira.... Fyrirhuguð framkvæmd skal tilkynnt Skipulagsstofnun sem metur hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.t.t. eðlis, umfangs og staðsetningar.

Skipulagskostir

Gert er ráð fyrir stöðvarhúsi í Réttarhvammi ofan Hlíðarbrautar, vestan/norðan Glerár, skammt frá árbakkanum. Aðrir kostir voru ekki metnir enda staðurinn sjálfgefinn miðað við aðstæður (milli efra og neðra Glerárgils) og afstöðu til neðri Glerárvirkjunar. Tveir kostir komu til greina fyrir stíflu og inntakslón og voru þeir bornir saman í kynningu virkjunarkosta¹⁰⁰.

- **Kostur I.** Inntaksstífla skammt neðan göngubrúar vestan sorphauga, í rúmlega 200 m y. s. Virkjuð fallhæð um 135 m, uppsett afl um 2,2 MW.
- **Kostur II.** Inntaksstífla litlu framar en neysluvatnslindir Norðurorku á Glerárdal, í rúmlega 300 m y. s. Virkjuð fallhæð um 238 m, uppsett afl um 3,3 MW.

Áhrifamat

Eftirtaldir umhverfisþættir eru metnir m.t.t. umhverfisáhrifa: Náttúruminjar og verndarsvæði, gróður, fuglalíf, lífríki Glerár, jarðfræði og jarðmyndanir, landslag og sjónræn áhrif, fornleifar og sögustaðir, samfélagsleg og hagræn áhrif og áhrif á útivist og ferðamennsku. Liðirnir gróður, fuglalíf, lífríki Glerár, jarðfræði og jarðmyndanir, landslag og sjónræn áhrif eru til einföldunar teknir saman í liðnum Náttúrufar.

































Skipulagskostir I og II eru bornir saman og núll-kostur hafður til hliðsjónar. Eðli áhrifa eru táknuð með lit sbr. skýringarmynd hér til hliðar. Meginatriði, athugasemd eða skýring er birt við viðkomandi lið.

Eftirfarandi áhrifamat byggist að stórum hluta á kynningu á mati virkjunarkosta frá mars 2013².

Helstu áhrif eru sýnileiki stíflu og inntakslóns. Fallpípa verður niðurgráfin og mun hafa óveruleg áhrif á umhverfið þegar frá líður. Vegir verða að stórum hluta lagðir ofan á núverandi vegi, annars vegar gamla veginn upp í Hlíðarfjall og hins vegar vegslóða að vatnsbólum. Vegir og stígar munu ekki raska séstökum náttúruyfyrirbrigðum eða landslagi á neikvæðan hátt. Stöðvarhús verður á röskuðu landi í byggð á milli efri og neðri hluta Glerárgils og hefur hvorki áhrif á gilið sjálft né önnur náttúruyfyrirbrigði. Breytt afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá tekur mið af viðfangi náttúruverndar á svæðinu og miðast við

¹⁰⁰ Fallorka, Verkfræðistofa Norðurlands, Efla. Virkjun í Glerá ofan Akureyrar. Kynning virkjunarkosta. Mars 2013

-  Jákvæð áhrif, engin áhrif
-  Neikvæð áhrif, mikil áhrif
-  Óviss áhrif
-  Áhrif háð útfærslu
-  Engin áhrif - á ekki við

VirkJun á Glerárdal - samanburður kosta  			
	00	01	02
Skipulagskostir > v Umhverfisþættir	Kostur 0 Engin virkjun	Kostur I Neðri kostur	Kostur II Efri kostur
Náttúrufar	 Engin áhrif	 Minnkað rennsli Glerár = áhrif á ásynd fossa að vetri til  Fallþípa í óraskaðri brekku undir gilbrúna	 Minnkað rennsli Glerár = áhrif á ásynd fossa að vetri til  Auðveldara að græða upp fallþípustæði en skv. kosti I
Verndarsvæði	 Engin áhrif	 Innan marka náttúruminjasvæðis skv. ASAK05	 Innan hverfisverndarsvæðis Glerárdals
Minjar	 Engin áhrif	 Fornleifum ekki raskað. Eru í nánd framkvæmdasvæðis.	 Fornleifum ekki raskað. Eru í nánd framkvæmdasvæðis.
Samfélagsleg og hagræn áhrif	 Engin jákvæð áhrif á atvinnulíf og orkubúskap  Ekki bætt sjálfbærni	 Aukin sjálfbærni Akureyrar  Jákvæð áhrif á atvinnulíf  Samlegðaráhrif með öðrum virkjunum	 Aukin sjálfbærni Akureyrar  Jákvæð áhrif á atvinnulíf  Samlegðaráhrif með öðrum virkjunum  Meiri orkuframleiðsla en skv. I
Útivist og ferðamennska	 Dalurinn án mannvirkja, ósnortinn  Aðgengi til útivistar og ferðamennsku	 Rask og mannvirki sýnileg. Sjónræn áhrif  Mannvirki í grennd við raskað land og aðra landýtingu	 Rask og mannvirki sýnileg. Sjónræn áhrif  Mannvirki í áður ósnortnu landi  Bætt aðgengi fram dalinn, Hringleið og áningarstaður
Niðurstaða	 Enginn ávinningur	 Minni orkuframleiðsla en skv. I. Minni ávinningur gagnvart útivist og meiri áhrif á landslag en skv. I	 Orkuframleiðsla, bætt aðgengi að dalnum

VirkJun á Glerárdal. Samantekt umhverfisáhrifa.

gilbarma Glerárgils. Breytt mörk svæðis með takmarkaða umferð hefur ekki áhrif á meginforsendur þeirrar afmörkunar, sem er annars vegar vatnsvernd og hins vegar útivist á og við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli.

Fyrirhuguð framkvæmd styður eftirtalin markmið Aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 (kafla 2.4. Atvinnu- og tæknimál):

- Veitukerfi þjóni íbúum og atvinnulífi á vistvænan og hagkvæman hátt.
- Tryggð verði næg og örugg raforka til einkaneyslu og iðnaðarnota á sem hagkvæmasta hátt.
- Allar hugmyndir um mannvirki uppi á Hlíðarfjalli og í Glerárdal skal gaumgæfa vel áður en þau yrðu leyfð. Tryggja þarf að núverandi og hugsanleg vatnsöflunarsvæði bíði ekki skaða af og að önnur náttúruspjöll hljóti ekki af.

Framkvæmdin mun bæta aðgengi að Glerárdal sem útivistarsvæði. Hún styður því eitt meginmarkmið laga um náttúruvernd nr. 44/1999 (3. mbg. 1.gr.).

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Framkvæmdin styður jafnframt stefnumótun stjórnvalda, Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, kafla 13 Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa.

13.1 Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

13.2 Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga.

Mótvægisáðgerðir

- Allt rask utan framkvæmdasvæða verður óheimilt.
- Við frágang og uppgræðslu skal taka mið af gróðurfari umhverfisins og nýta staðbundinn gróður.

Niðurstaða

Kostur II er valinn m.t.t. orkuframleiðslu og umhverfisáhrifa. Umhverfisáhrif felast í sýnileika mannvirkja. Virkjun og tilheyrandi mannvirki hafa ekki önnur umtalsverð eða neikvæð áhrif á umhverfið. Jafnframt er lítið til þess að framkvæmdin bæti aðgengi að Glerárdal og opni hann enn frekar til útivistar og náttúruskoðunar.

8.2.25. Naustahverfi 3. áfangi, staðfest 30. maí 2014

Tengibrautir í þéttbýli eru tilgreindar í lið 10.b í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og ber að tilkynna nýlagningu þeirra og breytingar til Skipulagsstofnunar, sem metur hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Breyting á legu Naustabrautar felst í því að sveigt verður framhjá minjasvæði í Naustagili og gatan lögð á fyllingu yfir gilið ofar en brúin var áformuð þar sem það er mun grynna. Gönguleið verður undir götuna til þess að tryggja samfellu opinna svæða. Á þennan hátt er sneitt hjá röskun minjasvæðisins. Auk þess verður framkvæmdin mun ódýrari en brúarlausnin. Með breytingunni er dregið úr neikvæðum áhrifum veglagningar á minjar auk þess sem vegurinn verður minna áberandi en há brú yfir Naustagil. Tilfærsla á veglínu Naustabrautar sunnan gilsins hefur engin áhrif á umhverfi og samfélag. Breytingin hefur jákvæð efnahagsleg áhrif.

Nýtt verslunarsvæði við Kjarnagötu er í sambengi við stefnu aðalskipulagsins um verslun og þjónustu eftir miðás Naustahverfis. Gert ráð fyrir að við Kjarnagötu (aðalgötu Naustahverfis) gefist kostur á atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, sem ekki hefur í för með sér truflun eða neikvæð áhrif á nánasta umhverfi. Á nýja verslunarlóð ofan Nausta gæti hins vegar komið verslun og þjónusta, sem dregur að sér meiri umferð en æskilegt væri að fá á Kjarnagötu. Breytingin er því líkleg til að bæta framboð verslunar og þjónustu í hverfinu sem er jákvæð þróun og hefur ekki í för með sér neikvæð áhrif á önnur hverfi.

Breytingar á mörkum og stærð landnotkunarreita hafa engin ófyrirséð eða neikvæð áhrif á umhverfið. Breytingarnar hafa engin áhrif á flugverndarsvæði Akureyrarflugvallar.

9. KYNNING, AFGREIÐSLA OG SAMÞYKKT

9.1. KYNNING OG SAMRÁÐ

Fyrir auglýsingu skipulagstillögunnar í febrúar 2006 og á auglýsingatímanum bárust umsagnir nokkurra umsagnaraðila sem fallist höfðu á að vinna umsagnir sínar þá. Áður hafði tillagan verið kynnt umsagnaraðilum á fundum sem haldnir voru með fulltrúum viðkomandi stofnana í því skyni að fá fram ábendingar og athugasemdir ef þeir teldu að endurskoða þyrfti stefnu gildandi aðalskipulags eða taka sérstaklega á einhverjum þáttum sem varða starfssvið þeirra. Skipulagstillagan var kynnt fulltrúum sveitarstjórna aðliggjandi sveitarfélaga, Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar, 15. desember 2005.

Yfirlit yfir formlega umsagnaraðila, fundi og umsagnir þeirra

	Dagsetning	Athugasemd/úrvinnsla
Hafnarsamlag Norðurlands,	Fundur dags. 10.11. 2005	Athugasemd vegna skemmtibátahafnar við Leiruveg. Áform merkt inn á uppdrátt og sett inn í greinargerð. Athugasemd um orðalag um mat á umhverfisáhrifum hafnargerðar. Lagfært í greinargerð. Ábending um mikilvægi farþegaskipa og um raunhæfa tillögu um nýja bryggju í verðlaunatillögu samkeppninnar Akureyri í öndvegi.
Golfklúbbur Akureyrar	Fundur dags. 11.11. 2005	Gert ráð fyrir stækkun vallar til norðurs vegna lítils háttar skerðingar við lagningu Miðhúsabrautar.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	Fundur dags. 11.11. 2005 Bréf dags. 17.3.2006 ásamt yfirliti yfir fráveitur í útjaðri Akureyrarbæjar	Athugasemdir gerðar á fundi 11.11.05 teknar til nánari skoðunar og nokkrar færðar inn á uppdrátt. Vísunum í reglugerðir og samþykktir bætt inn í greinargerð. Taka ber tillit til ábendinga í framkvæmdaáætlunum.
Norðurorka	Fundur dags. 14.11. 2005	Ábendingar um fyrirhuguð mannvirki vatnsveitu á Glerárdal. Færð inn á uppdrátt og í greinargerð.
Náttúruverndarnefnd	Fundur dags. 14.11.2005 Bréf dags. 17. mars 2006	Lagt er til að klettaborgir og aðrar sérstakar jarðmyndanir í bæjarlandinu njóti sérstakrar verndar. Einnig gerð athugasemd við íbúðarbyggð við núverandi móttökustað fyrir sorp. Staðurinn og stækkun hans sé mikilvæg til þess að hægt sé að ná framtíðarmarkmiðum í flokkun og endurnýtingu sorps. Einnig sé þörf fyrir 2-3 minni móttökustaði annars staðar í bænum. Engar breytingar gerðar á skipulagsgögnum.
Vegagerðin	Fundur dags. 16.1. 2005	Engar athugasemdir bárust.
Siglingastofnun	Símafundur dags. 30.11. 2005 Bréf dags. 17.3.2006	Yfirlit yfir áætlaðar framkvæmdir 2006-2008. Engar breytingar gerðar á skipulagsgögnum.

	Dagsetning	Athugasemd/úrvinnsla
Umhverfisstofnun	Fundur dags. 11.11. 2005 Bréf/umsögn dags. 21.3.2006	UST ítrekar athugasemdir við landfyllingar vegna fyrirhugaðarar stækkunar flugvallarins sbr. athugasemdir stofnunarinnar við aðalskipulagsbreytingu í nóv. 2004. Landfyllingarnar muni hafa töluverð áhrif á svæði sem í dag eru mikilvæg fyrir fugla, bæði sem varpsvæði og fæðuöflunarsvæði. Ábending um að setja tímasett markmið um mat á viðtaka fráveitu. Ábending um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skv. reglugerð nr. 1000/2005. Ábending um að höfð skuli hliðsjón af loftgæðarannsóknnum og hávaðamælingum skv. ákvæðum mengunarvarnareglugerðar. Engar breytingar gerðar á skipulagsgögnum. Áætlanir verða gerðar í samræmi við ákvæði nýrra reglugerða.
Fornleifavernd ríkisins	Fundur dags. 14.11. 2005	Gögn bárust 13.12.2005 og voru færð inn á uppdrátt og í greinargerð.
Þjóðkirkjan, Kirkjugarðaráð	Bréf dags. 17. mars 2006	Ekki gerðar athugasemdir við tillöguna enda dugar það landsvæði sem afmarkað er undir kirkjugarð út skipulagstímamann. Engar breytingar.
Eyjafjarðarsveit	Bréf dags. 19. des. 2005	Ekki er gerð athugasemd við skipulagstillöguna en bent á að óvissa kunni að vera um stjórnsýslumörk á óbyggðarhluta sveitarfélaganna. Engar breytingar gerðar á uppdráttum að svo stöddu.
Hörgárbyggð	Bréf dags. 28.1.2006	Engar athugasemdir.
Húsafríðunarnefnd ríkisins	Fundur dags. 15.11.2005 Bréf dags. 16. des. 2006 v/miðbæjar. Bréf dags. 28 feb. 2006 vegna aðalskipulags	Lýst er ánægju með nokkra jákvæða þætti skipulagstillögunnar, m.a. um eflingu miðbæjar og takmörkun á hæð húsa þar. Mælt er til að hugað verði að varðveislu gömlu kaupfélagshúsanna í Grófargili. Ekki gerðar athugasemdir en deilimarkmiðum um hús- og hverfisvernd fagnað. Engar breytingar gerðar á skipulagsgögnum.
Flugmálastjórn	Símafundur dags. 10. 11. 2005	Flugmálastjórn minnir á gildandi „hindranafleti” vegna Akureyrarflugvallar og umsagnarskyldu flugmálastjórnar áður en byggingarleyfi er veitt fyrir byggingum sem fara upp í hindranafletina eða upp úr þeim. Þar sem hæð húsa er takmörkuð með almennri viðmiðun í kafla 5.3 er ekki ástæða til setningar annarra sérákvæða.

26. nóvember 2005 var kynning á meginatriðum skipulagstillögunnar í „opnu húsi” í Amtsbókasafninu á Akureyri. Fulltrúar Akureyrarbæjar og annarra sem unnu að gerð skipulagstillögunnar svöruðu fyrirspurnum og aðstoðuðu gesti við lestur kynningargagna. Meginhluti kynningarinnar fjallaði um stefnumörkun um miðbæinn en einnig var gerð grein fyrir þeim breytingum öðrum sem gerðar voru tillögur um, m.a. um þéttingu byggðar, breytingar á gatnakerfi og ákvæði um verslunar- og þjónustusvæði og athafnasvæði. Kynningarspjöld með sama efni lágu frammi í anddyri ráðhússins 28. nóvember til 2. desember. Almenningi gafst kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna og bárust alls 11 athugasemdir þar sem aðallega var mótmælt því að fella niður að leggja Dalsbrautar auk nokkurra ábendinga í tengslum við miðbæ, smábátahöfn og Miðhúsabraut. Athugasemdirnar gáfu ekki tilefni til þess að breyta skipulagstillögunni á þessu stigi.

Skipulagstillagan var send Skipulagsstofnun til yfirferðar 19. desember 2005. Svar stofnunarinnar er dagsett 19. janúar 2006 og gaf tilefni til nokkurra breytinga á greinargerð og uppdráttum. Ekki var um efnislegar breytingar að ræða heldur fyrst og fremst bætt samræmingu og skýrari framsetningu auk nokkurra leiðréttinga. Sett voru inn þéttbýlismörk á þéttbýlisuppdrátt.

Við lokafrágang fyrir auglýsingu voru skilgreind tvö ný hverfisverndarsvæði, Langimelur og Naustaflói, í samræmi við almenn ákvæði og stefnu ASAK98.

Í byrjun mars var kynningarbæklingi með skipulagsuppdráttum og ágripi helstu atriða tillögunnar dreift í öll hús á Akureyri. Almennur kynningarfundur var haldinn 15. mars 2006 þar sem farið var yfir meginatriði skipulagstillögunnar. Viku áður höfðu Norðurlandsdeildir Verkfræðingafélagsins, Tækni-fræðingafélagsins og Arkitektafélags Íslands haldið umræðufund um tengibrautir í aðalskipulaginu í samvinnu við Akureyrarbæ. Einnig voru haldnir fundir með Golfklúbbi Akureyrar 2. febrúar, hverfisnefnd Lundarskólahverfis 23. febrúar, hverfisnefnd Glerárskólahverfis 2. mars og hverfisnefnd Brekkuskólahverfis 23. mars 2006.

9.2. AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA

9.2.1. Auglýsing 3. febrúar 2006

Tillaga að Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 var auglýst samkvæmt ákvæðum skipulagslaga 3. febrúar 2006 og rann frestur til að skila athugasemdum út 17. mars 2006. Alls rituðu 2.177 manns undir athugasemdir við skipulagstillöguna. Meðal athugasemda voru nokkur bréf sem fjöldi manna skrifaði undir. Flestar athugasemdanna áttu við tengibrautir við Lundarhverfi, Akureyrarvöll, þéttingu byggðar, miðbæinn og Oddeyri. Einnig bárust nokkrar athugasemdir og ábendingar frá formlegum samráðsaðilum sbr. kafla 9.1.

Eftirtaldar breytingar voru gerðar á skipulagstillögunni vegna athugasemda sem gerðar voru. Breytingarnar hafa verið færðar inn í umfjöllun um viðkomandi landnotkunarflokka í 4. kafla. Breytinga er einnig getið í kafla 7.3.6.

Gatnakerfi	Gert verður ráð fyrir Dalsbraut milli Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar sbr. kafla 7.3.3.
Gatnakerfi	Lega Miðhúsabrautar endurskoðuð og breytt lítillega. Skerðing golfvallar verður í lágmarki.
Gatnakerfi	Gatnamótum Miðhúsabrautar, Þingvallastrætis og Hlíðarbrautar breytt.
1.16.1 A	Afmörkun athafnasvæðis í Krossaneshaga breytt vegna áforma um stækkun lóða við Freyjunes og Goðanes.
1.31.9 Íb	Þéttingarreitur B við Langholt stækkaður og látinn ná að Undirhlíð.
1.33.13 Íb	Íbúðarsvæði við Útstein, stúdentagarða við Skarðshlíð, minnkað.
1.33.15 Íb	Þéttingarreit F við Glerárskóla breytt í opið svæði til sérstakra nota, þ.e. 1.33.15 O.
1.33.16 Íb	Þéttingarreitur G við Skarðshlíð felldur út.

- 1.33.17 Íb Þéttingarreit H er breytt og stofnanasvæði Glerárskóla, 1.33.7 S, stækkað að sama skapi.
- 1.43.1 O Hesthúsahverfi í Hlíðarholti í stækkað lítillega til vesturs þannig að fjárhús sem þar var byggt skv. gömlu skipulagi verði innan marka hverfisins.
- 1.61.4 I Fyrirhuguð mannvirki vatnsveitu á Glerárdal færð inn.
- 2.11.19 H Orðalagsbreyting í greinargerð um framtíð byggðar á Oddeyrartanga. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á landnotkun á skipulagstímabilinu.
- 2.22.2 A/V Svæði vestan Glerártorgs verður með blandaðri landnotkun, þ.e. athafnasvæði, verslun og þjónusta.
- 2.22.3 Íb Fallið frá hluta stækkunar íbúðarsvæðisins í Klettaborg. Stækkun hverfisins nemi um 2-3 einbýlishúsum.
- 2.32.6 O/Íb/V Á Akureyrarvelli verður gert ráð fyrir blöndu íbúðarbyggðar, opins svæðis til sérstakra nota, verslunar og þjónustu. Nýting svæðisins verði í samhengi við uppbyggingu á félagssvæðum íþróttafélaganna.
- 2.32.12 O Mylluklökk norðan Baldurshaga er merkt sem opið svæði til sérstakra nota.
- 2.61.18 O/H Gert er ráð fyrir skemmtibátahöfn og aðstöðu siglingaklúbbs við Leiruveg/Drottningarbraut. Landnotkunarreitur verður ákvarðaður í deiliskipulagi og skilgreindur með formlegri breytingu á aðalskipulagi.
- 3.12.2 I Mjólkursamlagið við Miðhúsabraut. Svæði minnkað vegna breyttrar legur Miðhúsabrautar.
- Markmið Orðalagsbreyting um tengingu skipa við rafveitu.

Aðrar breytingar á greinargerð

Færðar inn leiðréttingar t.d. á ákvæðum og flatarmáli reita í samræmi við breytingar sem gerðar voru á skipulagsupprætti.

Texti greinargerðar yfirfarinn og leiðréttur og málfar víða fært til betri vegar.

Athugasemdirnar og breytingar, sem gerðar voru á skipulagstillögunni vegna þeirra, gáfu tilefni til þess að auglýsa tillöguna að nýju í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

9.2.2. Auglýsing 17. maí 2006

Tillaga að Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 var auglýst að nýju í samræmi við ákvæði skipulagslaga 17. maí 2006 og rann frestur til að skila athugasemdum út 28. júní 2006.

Athugasemdir og afgreiðsla þeirra

Alls rituðu 3.113 manns undir athugasemdir við skipulagstillöguna. Flestar athugasemdanna voru undirskriftarlistar (2110 nöfn), bæði undirritaðir eigin hendi og færðir á vefsíðum (938 nöfn). Eins og við fyrri auglýsingu skipulagstillögunnar áttu flestar athugasemdanna við tengibrautir við Lundarhverfi og var um að ræða tvær fylkingar með andstæðum sjónarmiðum. Auk undirskriftalista var nokkur fjöldi bréfa frá einstaklingum, mörg þeirra samhljóða. Talsverður fjöldi manna, bæði á undirskriftalistum og einstaklingar, óskaði eftir því að Akureyrarvöllur (íþróttavöllurinn) yrði áfram á sama stað. Að auki voru gerðar athugasemdir við bílastæði í miðbæ, þrengingu Glerárgötu, stígagerð, opin svæði og nýja byggð í Holtahverfi, aukna byggð í Klettaborg, athafnasvæði við Réttarhvammi og áformaða nýja íbúðarbyggð í nágrenni þess, breytingu á Laufásgötu og niðurfellingu þéttingarsvæðis við Drangshlíð.

Umhverfisráð afgreiddi athugasemdirnar á fundi sínum 30. ágúst 2006 og lagði til að tillögunni yrði ekki breytt. Bæjarstjórn samþykkti afgreiðslu umhverfisráðs 12. september 2006.

Leiðrétting

Bæjarstjórn samþykkti 18.2.2003 sérákvæði um starfsemi næturlúbba sem breytingu á aðalskipulagi og öðlaðist það gildi 10.7.2003 sbr. lista í kafla 7.2. Ákvæðið var ekki fellt inn í greinargerðartexta fyrir auglýsingu aðalskipulagstillögunnar en heldur gildi sínu þar sem ekki var getið um breytingu á gildi þess eða niðurfellingu ákvæða í breytingarlista. Við lokafrágang var kafla 5.4. Næturlúbbar bætt inn í greinargerð og er texti kaflans samhljóða samþykkt bæjarstjórnar.

9.3. SAMÞYKKT

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018, sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og lá frammi til kynningar frá 17.maí 2006 til 28.júní 2006, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 12. september 2006.

Kristján Þór Júlíusson

(sign.)

bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra 7. des. 2006

Stefán Thors

(sign.)

Guðrún Halla Gunnarsdóttir

(sign.)

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra 15.12. 2006

Jónína Bjartmarz

(sign.)

Ingibjörg Halldórsdóttir


(sign.)

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem kunna að falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.

10. SKIPULAGSUPPDRAETTIR

10.1. UPPFAERÐUR ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR 1:28.000

Skipulagsuppdráttur í blaðstærð A0 (mkv. 1:10.000) eða A3 (mkv. 1:20.000) fylgir greinargerðinni.



Adalskipulag Akureyrar 2005-2008 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 12. september 2006 og afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra 7. desember 2006.
Adalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra 15. desember 2006.
Eftirlitadæringar hafa verið gerðar eftir staðfestingu skipulagsins.

Breyting	Samþykkt	Staðfest
Ljósleiki frá Rangvíllum, Nýtt íbúðarsvæði á Rangvíllum (1.42.10)	4. sept. 2007	8. okt. 2007
Íbúðarsvæði 3.12.2 L, mjólkursóð við Miðháabætur	16. okt. 2007	7. nóv. 2007
Landfyllingar á hafnarvæði 2.11.19 H	11. des. 2007	16. jan. 2008
Giljaskóli, stækkan stofnanarsvæðis 1.42.2 S	11. des. 2007	16. jan. 2008
Nýtt verslunar- og þjónustusvæði í Naustalverfi (3.21.18 V)	8. apríl 2008	5. maí 2008
FSA, stækkan stofnanarsvæðis 2.52.8 S	8. apríl 2008	5. maí 2008
Athafna- og verslunarsvæði 1.24.9 A V (við Austursíða)	21. ágúst 2008	9. okt. 2008
Smábitabíó á Leirunni, 2.61.18 O	5. maí 2009	28. maí 2009
Efingarsvæði við Skarphólmi (1.31.16 O)	5. maí 2009	28. maí 2009
Smábitabíó í Sandgerðisbúð (1.32.2 H)	19. maí 2009	25. júní 2009
Almóttun hafnarvæðis við Oddeyrarbyggju (2.11.19 H)	5. maí 2009	3. júlí 2009
Málkannarstöð á Glerárdal (3.11.3 L), þéttbýlismerki (við Rangavelli)	9. júní 2009	4. sept. 2009
Hafnarvæði í Krossnesi (1.15.1 H)	19. jan. 2010	12. febr. 2010
Almóttun lárkjúgar á Naustalverfi (2.61.11 O)	19. jan. 2010	12. febr. 2010
Tengingar við aðalstígakerfi	18. maí 2010	10. júní 2010
Akureyrarflugvöllur (2.61.13 H)	16. nóv. 2010	22. des. 2010
Stækkan golfvallar að Jóni (3.12.1 O)	7. des. 2010	22. des. 2010
Landnotkun í landi Hlíðarenda (1.43.4-7)	7. des. 2010	22. des. 2010
Svæði fyrir þjónustustofnanir við Vestarsíðu (1.24.14 S)	21. des. 2010	28. jan. 2011
Dreifingstöfva við Síðubætur (1.43.8 S)	19. apríl 2011	4. maí 2011
Smábitabíó við Torfan (2.41.5 H, 2.41.6 H)	18. okt. 2011	16. nóv. 2011
Hafnarvæði á Oddeyraranga (2.11.19 H)	21. febr. 2012	23. mars 2012
Háspítalinn og -steygja, tenging við Kúld (1.51.3 D)	17. apríl 2012	9. maí 2012
Umfarungstengingar við Dalbætur (2.51.2 S og 2.51.3 O)	5. júlí 2012	26. júlí 2012
Tenging Brónusíðu við Borgarbrú	5. júlí 2012	26. júlí 2012
Íbúðar- og stofnanarsvæði í Gjúkavelli (1.42.1 B, 1.42.2 S)	5. febr. 2013	22. febr. 2013
Þéttbýlismerki	19. febr. 2013	18. mars 2013
Athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðháabætur - Síðaveg (3.12.5A, 3.12.8 V)	4. júlí 2013	18. júlí 2013
Íbúðarsvæði 3.21.1 B í Naustalverfi, Jaburstin	22. ágúst 2013	11. sept. 2013
Rauðleikur, almóttun hafnarvæðis, Heiðavelli	22. ágúst 2013	1. okt. 2013
Aktursþróta- og skotsvæði á Glerárdal (1.61.3 O, 1.61.3 O)	15. okt. 2013	31. okt. 2013
Kjarni, Hamar og Gata sólarinnar (3.21.16 F, 3.21.15 B, 3.41.4 O)	15. okt. 2013	4. nóv. 2013
Míðar	6. maí 2014	22. maí 2014
Virkjan á Glerárdal (1.61.7 A, 1.51.4 L, 1.61.6 D)	20. maí 2014	30. maí 2014
Naustalverfi 3. áfangi	20. maí 2014	30. maí 2014

Skipulagsuppdráttur þessi er upplýsingar um samræmi við staðfestar breytingar
Akureyrri _____

- SKYRINGAR**
- LANDNOTKUN**
- Mörk skipulagsvæðis
 - Þéttbýlismerki
 - Íbúðarsvæði
 - Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - Miðsvæði, miðbær
 - Verslunar- og þjónustusvæði
 - Athafnasvæði
 - Hafnarvæði, flugvallarsvæði
 - Almóttunarsvæði
 - Svæði fyrir frístundabyggð
 - Öbyggð svæði
 - Opin svæði til sérstakra nota
 - Sorplöngunarsvæði
 - Hverfisverndarsvæði
 - Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
 - Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
 - Strandsvæði í flokki B
 - Efnistökusvæði
 - Landfylling
 - Mörk landnotkunarretta á sjó
 - Fornminjar
 - Bláduð landnotkun
 - Stofnanarsvæði með útvistarígildi
- ÞJÓNUSTUKERFI**
- Stofnbraut
 - Tengibraut
 - Aðrar götur
 - Aðalstígar
 - Útvistarstígar
 - Reiðleiðir
 - Útvistarstígar og reiðleið
 - Flutningslinur rafveitukerfis
 - Svæði til náttúruverndar
 - Svæði til náttúruverndar
 - Flutningslinur rafveitukerfis
 - Aðveitubgn hitaveitu
 - Aðveitubgn vatnsveitu
 - Útrás fráveitu
 - Ljósleiðari
 - Fallþipa
 - Dæltustöðvar fráveitu

GRUNNKORT:
Landmælingar Íslands, kort 1916 B
Frámæðingardeild Akureyrarbæjar

Adalskipulag Akureyrar 2005-2018, sem auglýst hefur verið skv. 18. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og lá frammi til kynningar frá 17. maí 2006 til 28. júní 2006, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 12. september 2006.

Kristján Þór Júlíasson
bæjarstjóri Akureyrri

Adalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra 7. des. 2006.


Stefían Thors Guðrún Halla Gunnarsdóttir
(ságu)

Adalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra 15.12.2006

Jónína Bjartmarz Ingibjörg Halldórsdóttir
(ságu)

Adalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem kunna að falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.

10.2. UPPFÆRÐUR SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR 1:60.000



Aðalskipulag Akureyrar 2005-2008 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 12. september 2006 og afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra 7. desember 2006.

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra 26. mars 2014.

Eftirtaldir breytingar hafa verið gerðar á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins eftir staðfestingu skipulagsins:

Breyting	Staðfest	Staðfest
Malbikunarstöð á Glerárdal, þéttbýlismörk við Rangárvelli	9. júní 2009	4. sept. 2009
Akureyrarflugvöllur	16. nóv. 2010	22. des. 2010
Stækun golfvallar að Jaðri	7. des. 2010	22. des. 2010
Landnotkun í landi Hlíðarenda	7. des. 2010	22. des. 2010
Dreifistöð raforku við Siðubraut	19. apríl 2011	4. maí 2011
Háspennulínur og -strengir, tengivirki við Kífsá	17. apríl 2012	9. maí 2012
Þéttbýlismörk	6. maí 2014	22. maí 2014
Virkun á Glerárdal	20. maí 2014	30. maí 2014

Skipulagsuppdráttur þessi er uppfærður til samræmis við staðfestar breytingar Akureyri

- Skýringar**
- Sveitarfélagsmörk
 - Þéttbýli, þéttbýlismörk
 - Óbyggð svæði og almenn útivistarsvæði
 - Opin svæði til sérstakra nota
 - Svæði fyrir fristundabyggð
 - Íónaðarsvæði, inntakslón og stífla
 - Verndarsvæði (hverfisvernd)
 - Vatnsverndarsvæði:
 - fiarsvæði
 - grannsvæði
 - brunnsvæði
 - Stofnlögn vatnsveitu
 - Fallpipa
 - Aðar götur
 - Takmörkun umferðar vélknúinna faratækja
 - Gönguleiðir, ekki til staðfestingar.

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018, sem auglýst hefur verið skv. 18. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og lá frammi til kynningar frá 17. maí 2006 til 28. júní 2006, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 12. september 2006.

Kristján Þór Júlíusson
(sign)
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra 7. des. 2006

Stefán Thors
(sign)

Guðrún Halla Gunnarsdóttir
(sign)

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra 15.12.2006

Jónína Bjartmarz
(sign)

Ingibjörg Halldórsdóttir
(sign)

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem kunna að falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Aðalskipulag Hríseyjar 1988-2008 heldur áfram gildi sínu óbreytt. Stefnt er að endurskoðun þess fyrir 2008.

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR



Landnotkun

Tækni- og umhverfissvið Akureyrarbæjar Mælikvæði 1:30.000 (A1)

Dags. 11.6.2014

TEIKNISTOFA
ARKITEKTA
GYLFI GÜBJÓNSSON
OG FELAGAR ehf.
arkitektar fal

SKIPULAGSGÖGN v/BREYTINGAR
Sveitarfélagsuppdráttur dags. 7.12.2012
þéttbýlisuppdráttur dags. 7.12.2012

Landnotkun
Landsvæðing
Umhverfisáhrif
Umhverfisáhrif

11. STAÐFESTAR BREYTINGAR EFTIR 15.12.2006¹⁰¹

Breyting	Staðfest
1 Ljósleiðari frá Rangárvöllum, nýtt iðnaðarsvæði á Rangárvöllum (1.42.10 I)	8. okt. 2007
2 Iðnaðarsvæði 3.12.2 I, mjólkurstöð við Miðhúsabraut	7. nóv. 2007
3 Landfyllingar á hafnarsvæði 2.11.19 H.	16. jan. 2008
4 Giljaskóli, stækkun stofnanasvæðis 1.42.2 S	16. jan. 2008
5 Nýtt verslunar- og þjónustusvæði í Naustahverfi (3.21.18 V)	5. maí 2008
6 FSA, stækkun stofnanasvæðis 2.52.8 S	5. maí 2008
7 Athafna- og verslunarsvæði 1.24.9 A/V (við Austursíðu)	9. okt. 2008
8 Smábátahöfn á Leirunni, 2.61.18 O	28. maí 2009
9 Æfingasvæði við Skarðshlíð (1.33.16 O)	28. maí 2009
10 Smábátahöfn í Sandgerðisbót (1.32.2 H)	25. júní 2009
11 Afmörkun hafnarsvæðis við Oddeyrarbyggju (2.11.19 H)	3. júlí 2009
12 Malbikunarstöð á Glerárdal (3.11.3 I), þéttbýlismörk (við Rangárvelli)	4. sept. 2009
13 Hafnarsvæði í Krossanesi (1.15.1 H)	12. feb. 2010
14 Afmörkun kirkjugarðs á Naustahöfða (2.61.11 O)	12. feb. 2010
15 Tengingar við aðalगतnakerfi	10. júní 2010
16 Akureyrarflugvöllur (2.61.13 H)	22. des. 2010
17 Stækkun golfvallar að Jaðri (3.12.1 O)	22. des. 2010
18 Landnotkun í landi Hlíðarenda (1.43.7 F, 1.43.6 F/V, 1.43.5 F, 1.43.4 A/Íb)	22. des. 2010
19 Svæði fyrir þjónustustofnun við Vestursíðu (1.24.14 S)	28. jan. 2011
20 Dreifistöð raforku við Síðubraut (1.43.8 I)	4. maí 2011
21 Smábátahöfn við Torfunef (2.41.5 H, 2.41.6 H)	16. nóv. 2011
22 Hafnarsvæði á Oddeyrartanga (2.11.19 H)	23. mars 2012
23 Háspennulínur og –strengir, tengivirki við Kífsá (1.51.3 I)	9. maí 2012
24 Umferðartengingar við Dalsbraut (að Lundarskóla 2.51.2 S og KA svæði 2.51.3 O)	26. júlí 2012
25 Tenging Bröttusíðu við Borgarbraut	26. júlí 2012

¹⁰¹ Nýr kafli, ágúst 2014

Breyting	Staðfest
26 Íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi (1.42.1 Íb, 1.42.2 S)	22. feb 2013
27 Þéttbýlismörk	18. mars 2013
28 Athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut - Súluveg (3.12.5 A, 3.12.8 V)	18. júlí 2013
29 Íbúðarsvæði 3.21.1 Íb í Naustahverfi, Jaðarstún	11. sept. 2013
30 Reiðleiðir, afmörkun hafnarsvæða, Hesjuvellir	1. okt. 2013
31 Akstursíprótta- og skotsvæði á Glerárdal (1.61.3 O, 1.61.3 O)	31. okt. 2013
32 Kjarni, Hamrar og Gata sólarinnar (3.21.16 F, 3.21.15 Íb, 3.41.4 O)	4. nóv. 2013
33 Miðbær	22. maí 2014
34 Virkjun á Glerárdal (1.61.7 A, 1.51.4 I, 1.61.6 I)	30. maí 2014
35 Naustahverfi 3. áfangi	30. maí 2014

Ofantaldar breytingar hafa verið færðar inn í greinargerð þessa og á skipulagsupprætti. Vísað er í dagsetningu staðfestingar í neðanmálsgreinum við hverja breytingu. Gerð er nánari grein fyrir því í hverju breytingar felast á staðfestum breytingarblöðum. Umhverfismat breytinga er í kafla 8.2.

Greinargerð þessi er uppfærð til samræmis við staðfestar breytingar

Akureyri _____
